

FIA International Sporting Code

Alþjóðleg reglubók FIA

REGLUBÓKIN



ENGLISH	ÍSLENSKA
<p>Adopted by the General Assembly of 6 December 2019.</p> <p>Under the present International Sporting Code, terms referring to natural persons are applicable to both genders.</p>	<p>Íslensk þýðing Alþjóðlegrar reglubókar FIA (Reglubók FIA) sem er International Sporting Code og samþykkt var á ársþingi FIA 6. desember 2019.</p> <p>Allar tilvísanir í einstaklinga eða persónur eiga við bæði kyn.</p>
<p>ARTICLE 1 GENERAL PRINCIPLES</p> <p>ARTICLE 1.1 INTERNATIONAL REGULATIONS OF MOTOR SPORT</p> <p>1.1.1 The FIA shall be the sole international sporting authority entitled to make and enforce regulations based on the fundamental principles of safety and sporting fairness, for the encouragement and control of automobile Competitions, and to organise FIA International Championships.</p>	<p>GREIN 1 ALMENNT</p> <p>GREIN 1.1 ALÞJÓÐAREGLUR UM AKSTURSÍÞRÓTTIR</p> <p>1.1.1 FIA skal vera eina alþjóðlega íþróttayfirvaldið sem hefur rétt á að setja og framfylgja reglum sem byggja á grundvallarreglum öryggis og íþróttalegrar sanngirni, til hvatningar og stjórnunar á akstursíþróttakeppnum og til að skipuleggja <i>Heimsmeistaramót FIA</i>.</p>
<p>1.1.2 The FIA shall be the final international court of appeal for the settlement of disputes arising therefrom; it being acknowledged that the Fédération Internationale de Motocyclisme shall exercise the same powers insofar as vehicles with one, two and three wheels are concerned.</p>	<p>1.1.2 FIA er æðsti alþjóðlegi áfrýjunardómstóll til úrskurðar deilumála í akstursíþróttamálum; það er viðurkennt að Fédération Internationale de Motocyclisme hafi sama vald þegar um er að ræða ökutæki með einu, tveimur og þremur hjólum.</p>
<p>1.1.3 To the fullest extent permitted by applicable law, neither the FIA nor any of its officers, agents, employees, directors or officials shall be liable to any other party for any claim, cost, damage or loss resulting from any action, decision or omission by the FIA and/or its officers, agents, employees, directors or officials in connection with their duties, except for willful misconduct or fraud.</p>	<p>1.1.3 Upp að því marki sem viðeigandi lög leyfa skulu FIA, embættismenn, umboðsaðilar, starfsmenn, stjórnendur eða fulltrúar þess teljast skaðlaus gagnvart öllum kröfum, kostnaði, skemmdum eða tapi annarra aðila sem leiðir af gjörðum, ákvörðunum eða aðgerðaleyfi FIA, embættismanna, umboðsaðila, starfsmanna, stjórnenda eða fulltrúa þess í tengslum við skyldur þeirra, nema um sé að ræða meðvitaðar misgjörðir eða svik.</p>
<p>ARTICLE 1.2 INTERNATIONAL SPORTING CODE</p> <p>1.2.1 So that the above powers may be exercised in a fair and equitable manner the FIA has drawn up the International Sporting Code, which includes all appendices thereto.</p>	<p>GREIN 1.2 ALÞJÓÐLEG REGLUBÓK FIA</p> <p>1.2.1 Til þess að framangreindu valdi sé beitt á sanngjarnan hátt og tryggt að jafnræðis sé gætt hefur FIA gert þessa Alþjóðlegu reglubók (International Sporting Code eða ISC) (í þessum texta ýmist Alþjóðlegu reglubókin eða <i>Reglubókin</i>) ásamt tilheyrandi viðaukum sem teljast hluti hennar.</p>

<p>1.2.2 The purpose of the Code is to regulate, encourage and facilitate motor sport.</p>	<p>1.2.2 Tilgangurinn með <i>Reglubókinni</i> er að setja reglur um, hvetja til og auðvelda framkvæmd akstursíþróttanna.</p>
<p>1.2.3 It will never be enforced so as to prevent or impede a Competition or the participation of a Competitor, save where the FIA concludes that this is necessary for the safe, fair or orderly conduct of motor sport.</p>	<p>1.2.3 <i>Reglubók FIA</i> verður aldrei beitt til að koma í veg fyrir eða hindra <i>keppni</i> eða þátttöku <i>keppanda</i>, nema þar sem <i>FIA</i> telur að það sé nauðsynlegt til að tryggja örugga, sanngjarna eða háttvísa framkvæmd akstursíþróttanna.</p>
<p>ARTICLE 1.3 ACQUAINTANCE WITH AND SUBMISSION TO THE REGULATIONS</p> <p>1.3.1 Any person, or group of persons, organising a Competition or taking part therein:</p> <p>1.3.1.a Shall be deemed to be acquainted with the statutes and regulations of the FIA and the national regulations.</p> <p>1.3.1.b Shall undertake to submit themselves without reserve to the above and to the decisions of the sporting authority and to the consequences resulting therefrom.</p>	<p>GREIN 1.3 ÞEKING Á REGLUNUM OG SAMÞYKKI AÐ FARA EFTIR ÞEIM</p> <p>1.3.1 Hver sem skipuleggur <i>keppni</i> eða tekur þátt í henni:</p> <p>1.3.1.a Skal teljast hafa kynnt sér lög og reglur <i>FIA</i> og landsreglur.</p> <p>1.3.1.b Skuldbindur sig til að hlíta ofangreindu án fyrirvara sem og ákvörðunum íþróttayfirvalda og afleiðingum sem gætu leitt af þeim.</p>
<p>1.3.2 In case of non-compliance with these provisions, any person or group which organises a <i>Competition</i> or takes part therein, may have the <i>Licence</i> which has been issued to them withdrawn, and any manufacturer may be excluded from the <i>FIA Championships</i> on a temporary or permanent basis. The <i>FIA</i> and/or the <i>ASN</i> will state reasons for its decisions.</p>	<p>1.3.2 Sé ekki farið eftir þessum ákvæðum getur áður útgefið leyfi til einstaklings eða hóps sem skipuleggur <i>keppni</i> eða tekur þátt í henni verið afturkallað og bílaframleiðandi verið útilokaður frá <i>FIA mótum</i> tímabundið eða varanlega. <i>FIA</i> og/eða <i>akstursíþróttasambandið</i> munu upplýsa um ástæður ákvarðana sinna.</p>
<p>1.3.3 If an <i>Automobile</i> is found not to comply with the applicable technical regulations, it shall be no defence to claim that no performance advantage was obtained.</p>	<p>1.3.3 Standist <i>ökutæki</i> ekki viðeigandi tæknilegar reglur er engin vörn fólgin í því að halda því fram að enginn ávinningur hafi hlotist af því.</p>
<p>GREIN 1.4 NATIONAL CONTROL OF MOTOR SPORT</p> <p>1.4.1 One <i>ASN</i> shall be recognised by the <i>FIA</i> as sole international sporting power for the enforcement of the <i>Code</i> and control of motor sport throughout the territories placed under the authority of its own country.</p>	<p>GREIN 1.4 STJÓRN AKSTURSÍÞRÓTTA Á LANDSVÍSU</p> <p>1.4.1 Eitt <i>akstursíþróttasamband</i> er viðurkennt af <i>FIA</i> sem eina alþjóðlega íþróttayfirvaldið sem framfylgir <i>Reglubókinni</i> og stjórnar akstursíþróttum á því landssvæði sem tilheyrir því landi sem það starfar í.</p>
<p>1.4.2 Each <i>ASN</i> shall be bound by the <i>Code</i>.</p>	<p>1.4.2 Hvert <i>akstursíþróttasamband</i> er bundið af <i>Reglubókinni</i>.</p>
<p>GREIN 1.5 EXERCISE OF THE SPORTING POWER IN THE TERRITORIES</p> <p>Non-autonomous territories of a State are subject to the sporting power exercised by the <i>ASN</i> representing the said State at the <i>FIA</i>.</p>	<p>GREIN 1.5 BEITING ÍÞRÓTTAYFIRVALDS Á LANDSSVÆÐI</p> <p>Landssvæði sem ekki lýtur sjálfstjórn fellur undir íþróttayfirvald þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem er fulltrúi viðkomandi lands gagnvart <i>FIA</i>.</p>
<p>GREIN 1.6 DELEGATION OF SPORTING POWER</p> <p>Each <i>ASN</i> may delegate the whole or part of the powers conferred by the <i>Code</i> to other Clubs of its country, but only after obtaining the prior approval of the <i>FIA</i>.</p>	<p>GREIN 1.6 FRAMSAL ÍÞRÓTTAYFIRVALDS</p> <p>Hverju <i>akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að fengnu leyfi frá <i>FIA</i> að framselja hluta eða allt vald sem það hefur samkvæmt <i>Reglubókinni</i> til félagasamtaka í því landi sem það starfar.</p>

<p>GREIN 1.7 WITHDRAWAL OF DELEGATION</p> <p>An ASN may withdraw the delegation of its powers provided it notifies the FIA of such withdrawal</p>	<p>GREIN 1.7 AFTURKÖLLUN FRAMSALS</p> <p>Akstursíþróttasambandi er heimilt að afturkalla framsal valds svo fremi að FIA sé tilkynnt um slíka afturköllun.</p>
<p>GREIN 1.8 NATIONAL COMPETITION RULES</p> <p>Each ASN may draw up its own <i>National Competition</i> rules which must be made available to the FIA.</p>	<p>GREIN 1.8 KEPPNISREGLUR Á LANDSVÍSU</p> <p>Hverju <i>akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að setja keppnisreglur sem gilda á landsvísu. FIA þarf að hafa aðgang að slíkum keppnisreglum.</p>
<p>GREIN 2 COMPETITIONS – GENERAL CONDITIONS</p> <p>GREIN 2.1 GENERAL PRINCIPLES</p> <p>2.1.1 General application of the Code</p> <p>2.1.1.a All <i>Competitions</i> conducted in a country represented within the FIA are governed by the <i>Code</i>.</p> <p>2.1.1.b However, <i>Closed Competitions</i> are governed by the <i>National Competition</i> rules. In those countries where no <i>National Competition</i> rules are published, the <i>Code</i> shall be enforced.</p>	<p>GREIN 2 MÓT - ALMENN SKILYRÐI</p> <p>GREIN 2.1 ALMENNAR FORSENDUR</p> <p>2.1.1 Almenn beiting Reglubókarinnar</p> <p>2.1.1.a Allar <i>keppnir</i> sem fara fram í landi sem á fulltrúa í FIA falla undir <i>Reglubókina</i>.</p> <p>2.1.1.b <i>Lokaðar keppnir</i> falla hins vegar undir <i>keppnisreglur</i> viðeigandi akstursíþróttasambands. Í löndum þar sem engar <i>keppnisreglur</i> eru settar á landsvísu gildir <i>Reglubókin</i>.</p>
<p>2.1.2 Organisation of Competitions</p> <p>In every country, a <i>Competition</i> may be organised:</p> <p>2.1.2.a by the ASN;</p> <p>2.1.2.b by an automobile club, or exceptionally by another qualified sporting group provided this club or association holds the necessary <i>Organising Permit</i>.</p>	<p>2.1.2 Keppnishald</p> <p>Í hverju landi getur <i>keppni</i> verið skipulögð af:</p> <p>2.1.2.a <i>akstursíþróttasambandinu</i> sjálfu;</p> <p>2.1.2.b akstursíþróttafélagi eða í undantekningartilfellum öðru hæfu íþróttafélagi svo fremi að viðkomandi félag sé handhafi nauðsynlegs <i>leyfis til keppnishalds</i>.</p>
<p>2.1.3 Official documents</p> <p>2.1.3.a For all <i>Competitions</i> except <i>Record Attempts</i>, unless provided for within specific FIA regulations, official documents must be drawn up, among which must always include the <i>Supplementary Regulations</i>, an <i>Entry</i> form and an <i>Official Programme</i>. In addition, <i>Provisional</i> and <i>Final Classifications</i> must be published for each free and qualifying practice, heat (except where the applicable sporting regulations provide for the publication of specific classifications instead of Final Classifications) and race.</p> <p>2.1.3.b If any condition contained in these official documents is contrary to the <i>Code</i>, it shall be of no effect.</p>	<p>2.1.3 Formleg skjöl</p> <p>2.1.3.a Fyrir hverja <i>keppni</i>, nema <i>metatílaunir</i>, sem ekki er sérstaklega undanskilin þessu skilyrði í öðrum FIA reglum, skal gera formleg skjöl sem samanstanda af <i>sérreglum</i>, <i>skráningarformi</i> [sem í tilfelli AKÍS er rafrænt á vefnum www.akis.is] og <i>dagskrá</i>. Að auki skal gefa út <i>bráðabirgða-</i> og <i>lokaúrslit</i> fyrir allar frjálsar æfingar, <i>tímatökuæfingar</i>, <i>riðla</i> (nema þegar viðeigandi íþróttareglur kveða á um birtingu sérstakra úrslita í stað <i>lokaúrslita</i>) og <i>úrslitaumferðir</i>.</p> <p>2.1.3.b Hvers konar skilyrði í þessum formlegu skjölum sem stangast á við <i>Reglubókina</i> skulu engin áhrif hafa.</p>
<p>2.1.4 Statement to be made on all documents concerning a Competition</p> <p>2.1.4.a All <i>Supplementary Regulations</i>, <i>Official Programmes</i>, and <i>Entry</i> forms relating to any <i>Competition</i> shall clearly bear the following statement: "Held under the FIA International Sporting Code including Appendices and under the National Competition Rules of ... (name of ASN concerned or of its authorised representative)".</p> <p>2.1.4.b In those countries where no <i>National Competition</i> rules are published, the statement shall be reduced to: "Held under the FIA International Sporting Code including Appendices".</p>	<p>2.1.4 Yfirlýsing sem gefa skal á öllum skjölum sem varða keppni</p> <p>2.1.4.a Allar <i>sérreglur</i>, <i>dagskrár</i> og <i>skráningarform</i> í tengslum við <i>mót</i> skulu bera eftirfarandi yfirlýsingu skýrt og greinilega: "Haldið samkvæmt Reglubók FIA ásamt viðaukum hennar og reglum AKÍS".</p> <p>2.1.4.b Í löndum þar sem engar <i>landsreglur</i> eru gefnar út skal yfirlýsingin hljóma svo: "Haldið samkvæmt Reglubók FIA ásamt viðaukum hennar".</p>

<p>2.1.5 Unrecognised Competitions</p> <p>2.1.5.a Any <i>Competition</i> or proposed <i>Competition</i> not organised in conformity with the <i>Code</i> or with the rules of the appropriate <i>ASN</i> shall be considered as not being recognised.</p> <p>2.1.5.b If such a <i>Competition</i> is included in an <i>Event</i> for which an <i>Organising Permit</i> has been granted, the <i>Organising Permit</i> shall be null and void.</p> <p>2.1.5.c Such a <i>Competition</i> may in no way serve to qualify <i>Competitors</i> to take part in a <i>Championship</i>, cup, trophy, challenge or series validly registered on the calendar of an <i>ASN</i> or on the International Sporting Calendar.</p>	<p>2.1.5 Ósamþykktar keppnir</p> <p>2.1.5.a Hver sú <i>keppni</i> sem haldin er án tillits til <i>Reglubókarinnar</i> eða gildandi <i>landsreglna</i> skal teljast ósamþykkt.</p> <p>2.1.5.b Sé slík <i>keppni</i> hluti af <i>viðburði</i> sem <i>leyfi til keppnishalds</i> hefur verið gefið út fyrir skal það falla niður og teljast ómerkt.</p> <p>2.1.5.c Slík <i>keppni</i> má ekki á nokkurn hátt þjóna tilgangi forkeppni <i>keppenda</i> til þátttöku í <i>móti</i>, bikarkeppni, útsláttarkeppni, áskorun eða deild sem skráð er í keppnisdagatal <i>akstursíþróttasambands</i> eða í Alþjóðlega keppnisdagatalið.</p>
<p>2.1.6 Postponement or cancellation of a Competition</p> <p>2.1.6.a A <i>Competition</i> may only be postponed or cancelled for reasons of <i>Force Majeure</i> or safety, or if provision for doing so has been made in the applicable regulations.</p> <p>2.1.6.b In case of postponement for more than 24 hours or cancellation, <i>Entry</i> fees shall be returned.</p>	<p>2.1.6 Frestun eða niðurfelling keppni</p> <p>2.1.6.a <i>Keppni</i> má aðeins fresta eða fella niður vegna <i>Force Majeure</i> aðstæðna, af öryggisástæðum eða ef heimild til þess hefur verið veitt í viðeigandi reglum.</p> <p>2.1.6.b Sé frestað lengur en 24 klst. eða ef <i>keppni</i> er felld niður skal endurgreiða <i>skráningargjöld</i>.</p>
<p>2.1.7 Start and end of a Competition</p> <p>2.1.7.a A <i>Competition</i> is considered to have begun as from the time scheduled for the beginning of administrative checking and/or scrutineering.</p> <p>2.1.7.b A <i>Competition</i> shall end upon expiry of one or other of the following time limits, whichever is the later:</p> <p>2.1.7.b.i time limit for protests or appeals or the end of any hearings;</p> <p>2.1.7.b.ii end of post-event scrutineering carried out in accordance with the <i>Code</i>.</p>	<p>2.1.7 Upphaf og endir keppni</p> <p>2.1.7.a <i>Keppni</i> telst hafin frá auglýstum upphafstíma innritunar og/eða skoðunar <i>ökutækja</i>.</p> <p>2.1.7.b <i>Keppni</i> telst lokið þegar eftirfarandi tímamörkum er náð, hvort sem kemur síðar:</p> <p>2.1.7.b.i tímamörk kæru eða áfrýjunar eða lok yfirheyrslna;</p> <p>2.1.7.b.ii lok skoðunar að viðburði loknum sem framkvæmd er í samræmi við <i>Reglubókina</i>.</p>
<p>2.1.8 No <i>Competition</i> which is or purports to be part of an <i>International Championship</i>, cup, trophy, challenge or series not recognised by the <i>FIA</i> can be entered on the International Sporting Calendar.</p>	<p>2.1.8 Enga <i>keppni</i> sem er eða gefin er út fyrir að vera hluti af <i>alþjóðlegu móti</i>, alþjóðlegu bikarmóti, alþjóðlegri útsláttarkeppni, alþjóðlegri áskorun eða alþjóðlegri deild sem ekki er samþykkt af <i>FIA</i> má skrá í Alþjóðlega keppnisdagatalið.</p>
<p>2.1.9 For any <i>Competition</i>, national or international, open to the <i>FIA</i> formulae and categories or groups such as defined in the <i>Code</i>, all the <i>Automobiles</i> participating must comply in all respects with the <i>FIA</i> technical regulations, and the official clarifications and interpretations of these regulations provided by the <i>FIA</i>. An <i>ASN</i> may not modify these <i>FIA</i> technical regulations without specific written permission from the <i>FIA</i>.</p>	<p>2.1.9 Í hverri <i>keppni</i>, lands- eða alþjóðlegri-, sem opin er fyrir skráningum eftir <i>FIA</i> forsendum, flokkum eða hópum sem skilgreindir eru í <i>Reglubókinni</i> skulu öll <i>ökutæki</i> sem þátt taka hlíta að fullu tæknilegu reglum <i>FIA</i> og opinberum skilgreiningum og túlkunum þessara reglna frá <i>FIA</i> hverju sinni. <i>Akstursíþróttasambandi</i> er óheimilt að víkja frá tæknilegum reglum <i>FIA</i> án sérstakrar skriflegrar heimildar frá <i>FIA</i>.</p>
<p>GREIN 2.2 INTERNATIONAL COMPETITION</p> <p>2.2.1 In order to claim international status, a <i>Competition</i> must satisfy all of the following conditions:</p> <p>2.2.1.a for international <i>Circuit Competitions</i>, the <i>Circuit</i> concerned must hold a homologation <i>Licence</i> issued by the <i>FIA</i>, of an appropriate grade for the <i>Competition Automobiles</i> eligible to take part;</p> <p>2.2.1.b for international <i>Rallies</i> and <i>Cross-Country Rallies</i>, all the provisions of the relevant Articles hereinafter must be applied;</p>	<p>GREIN 2.2 ALÞJÓÐLEG KEPPNI</p> <p>2.2.1 Til að <i>keppni</i> geti talist alþjóðleg skal hún uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:</p> <p>2.2.1.a í alþjóðlegri <i>brautarkeppni</i> skal <i>brautin</i> bera gerðarvottunarkeppnisskírteini gefið út af <i>FIA</i> um viðeigandi gráðu fyrir <i>ökutækin</i> sem þátt taka;</p> <p>2.2.1.b fyrir alþjóðleg <i>rally</i> og <i>Cross-Country rally</i> skal hlíta öllum viðeigandi greinum sem hér fylgja;</p> <p>2.2.1.c <i>keppendur</i> og <i>ökumenn</i> sem fá að taka þátt skulu vera handhafar viðeigandi <i>alþjóða keppnisskírteinis</i>;</p>

<p>2.2.1.c the <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> admitted to take part must hold an appropriate <i>International Licence</i>;</p> <p>2.2.1.d the <i>Competition</i>, other than <i>Record Attempts</i>, must be listed on the International Sporting Calendar.</p>	<p>2.2.1.d <i>keppnin</i>, nema þegar um er að ræða <i>metatilraun</i>, skal vera skráð í Alþjóðlega keppnisdagatalið.</p>
<p>2.2.2 Entry on the International Sporting Calendar is at the discretion of the <i>FIA</i> and must be applied for by the <i>ASN</i> of the country in which the <i>Competition</i> will take place. The <i>FIA</i> will state reasons for refusing any such entry.</p>	<p>2.2.2 Skráning í Alþjóðlega keppnisdagatalið er háð samþykki <i>FIA</i> og þarf <i>akstursíþróttasamband</i> landsins sem <i>keppnina</i> skal halda í að sækja um slíka skráningu fyrir hana. <i>FIA</i> mun skýra frá ástæðum höfnunar á slíkri skráningu komi til hennar.</p>
<p>2.2.3 Only <i>International Competitions</i> may form part of an <i>International Championship</i>, cup, challenge and trophy or series.</p>	<p>2.2.3 <i>Alþjóðlegt mót</i>, alþjóðlegt bikarmót, alþjóðlegt útsláttarmót, alþjóðlega áskorun eða alþjóðlega deild má aðeins samanstanda af alþjóðlegum <i>keppnum</i>.</p>
<p>2.2.4 An <i>International Competition</i>, when it counts towards an <i>international Championship</i>, cup, trophy, challenge or series which bears the name of the <i>FIA</i>, is placed under the sporting supervision of the <i>FIA</i>.</p>	<p>2.2.4 <i>Alþjóðleg keppni</i> sem telst hluti af <i>alþjóðlegu móti</i>, <i>alþjóðlegu bikarmóti</i>, <i>alþjóðlegu útsláttarmóti</i>, <i>alþjóðlegri áskorun</i> eða <i>alþjóðlegri deild</i> sem haldin er undir merkjum <i>FIA</i> lýtur íþróttalegri yfirstjórn <i>FIA</i>.</p>
<p>2.2.5 For all other <i>International Competitions</i>, the <i>ASNs</i> are responsible for the application in their country of the international regulations established by the <i>Code</i> together with the <i>ASN's</i> regulations and the regulations applicable to the <i>Competition</i>.</p>	<p>2.2.5 Allar aðrar <i>alþjóðlegar keppnir</i> á Íslandi falla undir íþróttalega yfirstjórn <i>AKÍS</i> og fylgja Reglubók <i>FIA</i>, keppnisreglum <i>AKÍS</i> og þeim reglum sem varða <i>keppnina</i>.</p>
<p>2.2.6 No <i>Driver</i>, <i>Competitor</i> or other licence-holder may take part in an <i>International Competition</i> or <i>International Championship</i>, cup, trophy, challenge or series that is not registered on the International Sporting Calendar or not governed by the <i>FIA</i> or its <i>ASNs</i>.</p>	<p>2.2.6 Engum <i>ökumanni</i>, <i>keppanda</i> eða öðrum handhafa <i>keppnisskírteinis</i> er heimilt að taka þátt í <i>alþjóðlegri keppni</i> eða <i>alþjóðlegu móti</i>, <i>alþjóðlegu bikarmóti</i>, <i>alþjóðlegu útsláttarmóti</i>, <i>alþjóðlegri áskorun</i> eða <i>alþjóðlegri deild</i> sem ekki er skráð í Alþjóðlega keppnisdagatalið eða er ekki undir íþróttavaldi <i>FIA</i> eða <i>akstursíþróttasamböndum</i> innan þess.</p>
<p>2.2.7 An <i>International Competition</i> may be called "restricted" when the <i>Competitors</i> or <i>Drivers</i> who take part in the <i>Competition</i> have to comply with particular conditions. <i>Competition</i> by invitation comes under "restricted" <i>Competition</i>. In certain exceptional circumstances, the <i>FIA</i> may grant authorisation for "restricted" <i>International Competitions</i>, which on account of their specificity may be organised as a dispensation to <i>Appendix O</i>, to be entered by an <i>ASN</i> on the International Sporting Calendar.</p>	<p>2.2.7 <i>Alþjóðleg keppni</i> getur talist "takmörkuð" þegar <i>keppendur</i> eða <i>ökumenn</i> sem þátt taka þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði. <i>Keppni</i> þar sem þátttakendum er boðin þátttaka sérstaklega telst "takmörkuð" <i>keppni</i>. Í undantekningartilfellum getur <i>FIA</i> veitt leyfi fyrir skráningu "takmarkaðrar" <i>alþjóðlegrar keppni</i> í Alþjóðlega keppnisdagatalið á grundvelli séraðstæðna sem frávík frá viðauka <i>O</i>.</p>
<p>GREIN 2.3 NATIONAL COMPETITION</p>	<p>GREIN 2.3 LANDSKEPPNI</p>
<p>2.3.1 A <i>National Competition</i> is placed under the sole sporting supervision of an <i>ASN</i>, which exercises its power of regulation and organisation (including through its <i>National Competition</i> rules) while respecting the general conditions of application of the <i>Code</i>.</p>	<p>2.3.1 <i>Landskeppni</i> fellur alfarið undir íþróttayfirvald <i>akstursíþróttasambands</i> sem beitir reglu- og framkvæmdavaldi sínu með eigin reglum og að teknu almennu tilliti til <i>Reglubókarinnar</i>.</p>
<p>2.3.2 Except as provided for below, a <i>National Competition</i> is open only to <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> holding a <i>Licence</i> issued by the <i>ASN</i> of the country in which that <i>Competition</i> takes place.</p>	<p>2.3.2 Utan þess sem sérstaklega kemur fram hér að neðan er <i>landskeppni</i> aðeins opin þeim <i>keppendum</i> og <i>ökumönnum</i> sem hafa <i>keppnisskírteini</i> útgefið af <i>akstursíþróttasambandi</i> þess lands sem hún fer fram í.</p>

<p>2.3.3 A <i>National Competition</i> cannot count towards an <i>International Championship</i>, cup, trophy, challenge or series, nor can it be taken into account for the drawing up of a general classification after several <i>International Competitions</i>.</p>	<p>2.3.3 <i>Landskeppni</i> getur ekki talist hluti <i>alþjóðlegs móts, alþjóðlegs bikarmóts, alþjóðlegs útsláttarmóts, alþjóðlegrar áskorunar eða alþjóðlegrar deildar</i>. Hún getur heldur ekki komið til álita til almennra úrslita að loknum nokkrum <i>alþjóðlegum keppnum</i>.</p>
<p>2.3.4 A <i>National Competition</i> may, at the discretion of the authorising ASN, accept the participation of licence-holders from other ASNs.</p>	<p>2.3.4 <i>Landskeppni</i> er heimilt að leyfa þátttöku handhafa <i>keppnisskírteina</i> útgefnum af öðru <i>akstursíþróttasambandi</i> en því sem heimild veitir fyrir <i>landskeppninni</i> að fengnu samþykki þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem veitti leyfi fyrir henni.</p>
<p>2.3.5 Any <i>National Competition</i> must be listed on the national calendar of the authorising ASN.</p>	<p>2.3.5 <i>Landskeppni</i> verður að vera skráð í keppnisdagatal <i>akstursíþróttasambandsins</i> sem gefur leyfi fyrir henni.</p>
<p>2.3.6 National Championship, cup, trophy, challenge or series open to foreign licence-holders</p> <p>2.3.6.a.i If the <i>National Competition</i> forms part of a <i>National Championship</i>, cup, trophy, challenge or series, <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> who are foreign licence-holders may, at the sole discretion of the relevant ASN, be eligible to score points in the classification of the said <i>Championship</i>, cup, trophy, challenge or series. The allocation of points in the ranking of the said championship, cup, trophy, challenge or series may take the <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> who are foreign licence-holders into account.</p> <p>2.3.6.a.ii For <i>National Competitions</i> forming part of an <i>FIA zone Championship</i>, Articles 7.2 and 7.3 of Appendix Z shall apply.</p> <p>2.3.6.a.iii For <i>Competitions</i> counting towards the F4 Championships certified by the <i>FIA</i>, Article 2.3.6.a.i above shall apply.</p> <p>2.3.6.b The ASN that is authorising the <i>Competition</i> accepting the participation of licence-holders from other ASNs must observe the obligation to provide the <i>FIA</i> and the <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> with at least the following, to appear on all official documents (in particular the <i>Entry</i> form):</p> <p>2.3.6.b.i unequivocal information on whether the <i>Circuit</i> is the subject of a currently valid international homologation by the <i>FIA</i> or a national homologation issued by the relevant ASN, matching the categories of competition <i>Automobiles</i> eligible to take part in the <i>Competition</i>;</p> <p>2.3.6.b.ii information on the categories of <i>Automobiles</i> authorised to take part in that <i>Competition</i> according to the homologation of the <i>Circuit</i>;</p> <p>2.3.6.b.iii information on the grade of <i>Driver's Licence</i> required for taking part in the <i>Competition</i>.</p>	<p>2.3.6 Landsmót, landsbikarmót, landsútsláttarmót, landsáskorun eða landsdeild opin handhöfum erlendra keppnisskírteina</p> <p>2.3.6.a.i Sé <i>landskeppni</i> hluti af <i>landsmóti, landsbikarmóti, landsútsláttarmóti, landsáskorun eða landsdeild</i> er viðeigandi <i>akstursíþróttasambandi</i> heimilt að veita <i>keppendum</i> og <i>ökumönnum</i> sem eru handhafar erlendra <i>keppnisskírteina</i> og þátt taka, stig á sama grunni og handhöfum <i>keppnisskírteina</i> útgefnum af því sjálfu.</p> <p>2.3.6.a.ii <i>Landskeppnir</i> sem eru hluti af <i>FIA svæðismóti</i> falla undir greinar 7.2 og 7.3 í viðauka Z.</p> <p>2.3.6.a.iii <i>Keppnir</i> sem telja til stiga fyrir F4 mót vottað af <i>FIA</i> falla undir grein 2.3.6.a.i hér að ofan.</p> <p>2.3.6.b <i>Akstursíþróttasamband</i> sem gefur leyfi fyrir <i>keppni</i> sem leyfir þátttakendur sem eru handhafar <i>keppnisskírteinis</i> frá öðru <i>akstursíþróttasambandi</i> skal tryggja að <i>FIA, keppendur</i> og <i>ökumenn</i> hafi vitneskju um eftirfarandi með því að það komi fram í formlegum skjölum (sérstaklega á <i>skráningarformi</i>):</p> <p>2.3.6.b.i öyggjandi upplýsingar um hvort <i>brautin</i> hafi gilda alþjóðlega gerðarvottun frá <i>FIA</i> eða gilda gerðarvottun frá viðeigandi <i>akstursíþróttasambandi</i> sem hæfir þeim flokkum <i>ökutækja</i> sem gjaldgeng eru í <i>keppninni</i>;</p> <p>2.3.6.b.ii upplýsingar um þá flokka <i>ökutækja</i> sem gjaldgeng eru í <i>keppninni</i> og hæfa gerðarsamþykki <i>brautarinnar</i>;</p> <p>2.3.6.b.iii upplýsingar um stig <i>ökuskírteinis</i> sem krafist er til þátttöku í <i>keppninni</i>.</p>
<p>2.3.7 <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> who wish to take part in a <i>National Competition</i> organised abroad can only do so with the prior approval of their own ASN.</p> <p>2.3.7.a This authorisation shall be given by the ASN concerned in such form as they might deem convenient.</p> <p>2.3.7.b Should an <i>Organiser</i> accept the <i>Entry</i> of a foreign <i>Competitor</i> and/or <i>Driver</i> who has no prior authorisation from the ASN which issued them with their <i>Licence</i> or <i>Licences</i>, that</p>	<p>2.3.7 <i>Keppendur</i> og <i>ökumenn</i> sem hyggjast taka þátt í <i>landskeppni</i> erlendis geta aðeins gert það að undangengnu samþykki AKÍS.</p> <p>2.3.7.a <i>Akstursíþróttasamband</i> getur veitt slíkt samþykki á þann hátt sem því hentar.</p> <p>2.3.7.b Samþykki <i>keppnishaldari skráningu</i> erlends <i>keppanda</i> og/eða <i>ökumanns</i> sem ekki hefur áður fengið heimild þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem gaf út <i>keppnisskírteini</i> þeirra telst <i>keppnishaldarinn</i> brotlegur sem leiðir af sér að <i>akstursíþróttasambandið</i> sem veitti</p>

<p><i>Organiser</i> would be committing an infringement which, when brought to the attention of the <i>ASN</i> authorising the <i>National Competition</i> concerned, shall be punished by a fine or by any other penalty left to the discretion of the <i>ASN</i> that authorises the <i>National Competition</i> concerned.</p> <p>2.3.7.c It should be noted that authorisations may only be given by <i>ASNs</i> to their licence-holders for declared <i>Competitions</i> entered on the national calendar of an <i>ASN</i>.</p>	<p>heimild fyrir <i>landskeppninni</i> sektar eða refsar <i>keppnishaldaranum</i> á þann máta sem það telur viðeigandi.</p> <p>2.3.7.c Rétt er að taka fram að <i>akstursíþróttasambandi</i> er aðeins heimilt að veita handhöfum <i>keppnisskríteina</i> sinna heimild til þátttöku í <i>keppnum</i> sem skráðar eru í keppnisdagatal <i>akstursíþróttasambands</i>.</p>
<p>2.3.8 A <i>National Competition</i> may be called "restricted" when the <i>Competitors</i> or <i>Drivers</i> who take part in the <i>Competition</i> have to comply with particular conditions. <i>Competition</i> by invitation comes under "restricted" <i>Competition</i>.</p>	<p>2.3.8 <i>Landskeppni</i> getur talist "takmörkuð" ef <i>keppendur</i> eða <i>ökumenn</i> sem þátt taka þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði fyrir þátttöku. <i>Keppni</i> þar sem þátttakendum er boðin þátttaka sérstaklega telst "takmörkuð" <i>keppni</i>.</p>
<p>2.3.9 A <i>Closed Competition</i> must be authorised by the <i>ASN</i> which may, in exceptional circumstances, grant this authorisation to several clubs promoting it.</p>	<p>2.3.9 <i>Lokuð keppni</i> þarfnast samþykkis <i>akstursíþróttasambandsins</i> sem getur við sérstakar aðstæður veitt hópi aðildarfélaga samþykki fyrir henni.</p>
<p>GREIN 2.4 CHAMPIONSHIP, CUP, TROPHY, CHALLENGE AND SERIES</p> <p>2.4.1 International Championships</p> <p>2.4.1.a Only the <i>FIA</i> may authorise an <i>International Championship</i>.</p> <p>2.4.1.b <i>International Championships</i> may only be organised by the <i>FIA</i>, or by another body with written consent of the <i>FIA</i>. In this case, the <i>Organiser</i> of a <i>Championship</i> has the same rights and duties as the <i>Organiser</i> of a <i>Competition</i>.</p> <p>2.4.1.c <i>International Championships</i> which bear the <i>FIA</i> name are the property of the <i>FIA</i> and may only bear a title that includes the word "World" (or any word with a similar meaning to or derived from "World" in any language) if their applicable regulations comply at least with the requirements of Article 2.4.3 of the <i>Code</i> and with the additional requirement that they involve the participation, on average over the entire season, of a least four automobile makes.</p>	<p>GREIN 2.4 MÓT, BIKARMÓT, ÚTSLÁTTARKEPPNI, ÁSKORUN OG DEILD</p> <p>2.4.1 Alþjóðleg mót</p> <p>2.4.1.a <i>FIA</i> er eini aðilinn sem getur gefið leyfi fyrir <i>alþjóðlegu móti</i>.</p> <p>2.4.1.b <i>Alþjóðleg mót</i> er aðeins haldið af <i>FIA</i> eða öðrum aðila að fengnu skriflegu leyfi frá <i>FIA</i>. Í slíkum tilfellum hefur <i>keppnishaldari</i> móts sömu réttindi og skyldur og <i>keppnishaldari keppni</i>.</p> <p>2.4.1.c <i>Alþjóðleg mót</i> sem bera nafn <i>FIA</i> eru eign <i>FIA</i> og mega aðeins innihalda orðið "Heims" (eða annað orð sem hefur sömu eða svipaða meiningu eða er dregið af orðinu "heims" í hvaða tungumáli sem er) ef þau fylgja reglum sem hlíta að minnsta kosti skilyrðum greinar 2.4.3 í <i>Reglubókinni</i> og að því gefnu að þau feli í sér þátttöku að minnsta kosti fjögurra gerða (framleiðanda) ökutækja að jafnaði yfir allt keppnistímabilið.</p>
<p>2.4.2 International cup, trophy, challenge and series</p> <p>2.4.2.a An international cup, trophy, challenge or series may comprise several <i>International Competitions</i>, governed by the same regulations, or a single <i>International Competition</i>.</p> <p>2.4.2.b Only <i>International Competitions</i> may form an international cup, trophy, challenge or series.</p> <p>2.4.2.c No international cup, trophy, challenge or series may be organised unless the <i>ASN</i> proposing the cup, trophy, challenge or series has first obtained the written approval of the <i>FIA</i>, which will centre around the following points in particular:</p> <p>2.4.2.c.i approval of the sporting and technical regulations, particularly with regard to safety;</p> <p>2.4.2.c.ii approval of the calendar;</p> <p>2.4.2.c.iii prior authorisation, including the proposed dates, from all <i>ASNs</i> of the territory on which one or more of the <i>Competitions</i> counting towards the cup, trophy, challenge or series is or are organised;</p>	<p>2.4.2 Alþjóðlegt bikarmót, -útsláttarkeppni, -áskorun og -deild</p> <p>2.4.2.a Margar <i>alþjóðlegar keppnir</i> sem lúta sömu reglum eða ein stök <i>alþjóðleg keppni</i> geta myndað alþjóðlegt bikarmót, -útsláttarkeppni, -áskorun eða -deild.</p> <p>2.4.2.b Alþjóðlegt bikarmót, -útsláttarkeppni, -áskorun eða -deild getur aðeins samanstðið af <i>alþjóðlegum keppnum</i>.</p> <p>2.4.2.c <i>Akstursíþróttasambandi</i> er aðeins heimilt að halda alþjóðlegt bikarmót, -útsláttarkeppni, -áskorun eða -deild að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki <i>FIA</i> þar sem megináherslan verður lögð á eftirtalin atriði:</p> <p>2.4.2.c.i samþykki íþrótt- og tæknilegra reglna með sérstakri áherslu á öryggismál;</p> <p>2.4.2.c.ii samþykki dagatals;</p> <p>2.4.2.c.iii fyrirframveitt samþykki, þar með talið á dagsetningum, frá öllum <i>akstursíþróttasamböndum</i> þeirra landssvæða sem ein eða fleiri <i>keppni</i> skal eða skulu haldnar sem er eða eru hluti af bikarmóti, útsláttarkeppni, áskorun eða deild;</p>

<p>2.4.2.c.iv verification for a <i>Circuit Race</i> that the homologation of the <i>Circuits</i> is appropriate to the categories of <i>Automobiles</i> admitted and, for all <i>Competitions</i>, respect of all the <i>FIA</i> regulations on safety and medical assistance;</p> <p>2.4.2.c.v verification that the title of the cup, trophy, challenge or series is consistent with its geographic scope and with its technical and sporting criteria.</p> <p>2.4.2.d International cups, trophies, challenges or series which bear the <i>FIA</i> name are the property of the <i>FIA</i> and may only be organised by the <i>FIA</i> or by another body with written consent of the <i>FIA</i>. In this case, the organiser of cups, trophies, challenges or series has the same rights and duties as the <i>Organiser</i> of a <i>Competition</i>.</p>	<p>2.4.2.c.iv staðfesting á að <i>brautir</i> fyrir <i>brautarkeppni</i> hafi viðeigandi gerðarvottun sem hæfir þeim <i>ökutækjum</i> sem keppnisrétt hafa og að allar <i>keppnir</i> muni hlíta öllum <i>FIA</i> reglum um öryggi og lækniástoð;</p> <p>2.4.2.c.v staðfesting á að heiti bikarmóts, útsláttarkeppni, áskorunar eða deildar sé í samræmi við landfræðilegt umfang og tæknileg og íþróttaleg skilyrði þess/hennar.</p> <p>2.4.2.d Alþjóðleg bikarmót, -útsláttarkeppnir, -áskoranir eða -deildir sem bera nafn <i>FIA</i> eru eign <i>FIA</i> og er <i>FIA</i> einu heimilt að halda slíkt mót/keppni/áskorun/deild. Þó er öðrum það heimilt að fengnu skriflegu samþykki <i>FIA</i>. Í þeim tilfellum hefur keppnishaldari móts/keppni/áskorunar/deildar sömu réttindi og skyldur og <i>keppnishaldari keppni</i>.</p>
<p>2.4.3 Use of the word "World"</p> <p>2.4.3.a International cups, trophies, challenges or series which bear the <i>FIA</i> name, and their <i>Competitions</i>, may only bear a title that includes the word "World" (or any word with a similar meaning to or derived from "World" in any language) if their applicable regulations comply at least with the requirements below and with the additional requirement that they involve the participation, on average over the entire season, of a least four automobile makes.</p> <p>2.4.3.b International cups, trophies, challenges or series which do not bear the <i>FIA</i> name, and their <i>Competitions</i>, may not include in their title the word "World" (or any word with a similar meaning to or derived from "World" in any language) without the authorisation of the <i>FIA</i>. As a general rule, the <i>FIA</i> shall grant this authorisation provided that the following requirements are met and that the <i>FIA</i> believes that it is in the interests of the sport to do so. The <i>FIA</i> may withdraw its authorisation in the event of failure to comply with these requirements.</p> <p>2.4.3.b.i The cup, trophy, challenge or series calendar must include <i>Competitions</i> taking place on at least three continents during the same season.</p> <p>2.4.3.b.ii Where the cup, trophy, challenge or series consists of only one <i>Competition</i>, the heats, <i>Competitions</i> or other series, which serve to qualify <i>Competitors</i> to take part in that single <i>Competition</i>, must take place on at least three continents and must be <i>Competitions</i> validly registered on the International Sporting Calendar.</p> <p>2.4.3.b.iii The <i>Organiser</i> must accept and acknowledge that, in addition to any rights or powers described in the <i>Code</i> or elsewhere, the <i>FIA</i> reserves the right to carry out inspections at any <i>Competition</i> of the cup, trophy, challenge or series which uses or has applied to use the title "World" in order to verify that the principles of the <i>Code</i> and of the applicable regulations are fully respected. The <i>Organiser</i> will facilitate such inspections by granting the <i>FIA</i> access to the whole of the <i>Circuit</i> and to all relevant documentation for this purpose.</p> <p>2.4.3.b.iv The <i>Organiser</i> of the relevant cup, trophy, challenge or series must designate, for each <i>Competition</i>, at least one steward, from a list published and regularly updated by the <i>FIA</i>, who will officiate as chairperson of the panel of stewards and who will report any serious breach of the <i>Code</i> or other irregularity noted during the <i>Competition</i> to the <i>FIA</i>, to the proposing <i>ASN</i> as well as to the <i>ASN</i> of the territory where the <i>Competition</i> is run.</p>	<p>2.4.3 Notkun orðsins "Heims"</p> <p>2.4.3.a Alþjóðleg bikarmót, -útsláttarkeppnir, -áskoranir eða -deildir og <i>keppnir</i> þeirra, sem bera nafn <i>FIA</i> mega aðeins hafa orðið "Heims" (eða annað orð sem hefur sömu eða svipaða meiningu eða er dregið af orðinu "heims" í hvaða tungumáli sem er) ef reglur sem þau/þær varða uppfylla hið minnsta neðangreind skilyrði og að því gefnu að þau/þær feli í sér þátttöku að minnsta kosti fjögurra gerða (framleiðanda) ökutækja að jafnaði yfir allt keppnistímabilið.</p> <p>2.4.3.b Alþjóðleg bikarmót, -útsláttarkeppnir, -áskoranir eða -deildir og <i>keppnir</i> þeirra, sem bera ekki nafn <i>FIA</i> mega ekki hafa orðið "Heims" (eða annað orð sem hefur sömu eða svipaða meiningu eða er dregið af orðinu "heims" í hvaða tungumáli sem er) án leyfis frá <i>FIA</i>. Almenna reglan er sú að <i>FIA</i> veiti leyfi séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt og að <i>FIA</i> telji að það sé íþróttinni til framdráttar. <i>FIA</i> getur afturkallað leyfi sitt séu þessi skilyrði ekki uppfyllt.</p> <p>2.4.3.b.i Bikarmótið, útsláttarkeppnin, áskorunin eða deildin verða að fela í sér <i>keppnir</i> sem fara fram í að minnsta kosti þremur heimsálfum á sama keppnistímabili.</p> <p>2.4.3.b.ii Sé bikarmót, útsláttarkeppni, áskorun eða deild aðeins ein <i>keppni</i> skulu riðlar, <i>keppnir</i> eða aðrar deildir sem eru undankeppnir sem veita <i>keppendum</i> þátttökurétt fyrir þá einu <i>keppni</i> fara fram í að minnsta kosti þremur heimsálfum og verða þær <i>keppnir</i> að vera skráðar í Alþjóðlega keppnisdagatalið.</p> <p>2.4.3.b.iii <i>Keppnishaldari</i> verður að samþykkja og viðurkenna að auk réttinda eða valds sem tiltekið er í <i>Reglubókinni</i> eða annarsstaðar hefur <i>FIA</i> rétt til að sinna eftirliti og skoðunum í hverri þeirri <i>keppni</i> sem fram fer í bikarmóti, útsláttarkeppni, áskorun eða deild sem ber eða hefur sótt um að fá að bera heitið "Heims" í heiti sínu til þess að staðfesta að því sem fram kemur í <i>Reglubókinni</i> og öllum viðeigandi reglum sé framfylgt og þær virtar að fullu. <i>Keppnishaldari</i> mun aðstoða við slíka skoðun og eftirlit með því að veita <i>FIA</i> aðgang að allri <i>brautinni</i> og að öllum viðeigandi skjölum.</p> <p>2.4.3.b.iv <i>Keppnishaldari</i> viðkomandi bikarmóts, útsláttarkeppni, áskorunar eða deildar skal útnefna að lágmarki einn dómnefndarmann fyrir hverja <i>keppni</i> af útgefni og reglulega uppfærðri skrá <i>FIA</i> yfir samþykta dómnefndarmenn sem sinnir hlutverki formanns dómnefndar og sem mun gefa skýrslu um hvers konar alvarleg brot á <i>Reglubókinni</i> eða öðrum frávikum sem upp koma á meðan á <i>keppni</i> stendur til <i>FIA</i>, umsóknar</p>

<p>2.4.3.c The <i>FIA</i> may exceptionally grant a waiver for a cup, trophy, challenge or series which can show long-established use of the word “World”.</p>	<p><i>akstursíþróttasambands</i> og þess <i>akstursíþróttasamband</i> sem ræður því landssvæði sem keppnin fer fram á.</p> <p>2.4.3.c <i>FIA</i> getur í undantekningartilfellum veitt undanþágu fyrir bikarmót, útsláttarkeppni, áskorun eða deild sem getur sýnt fram á langvarandi notkun orðsins "heims".</p>
<p>2.4.4 National Championships</p> <p>2.4.4.a Only the appropriate <i>ASNs</i> may authorise a <i>National Championship</i>.</p> <p>2.4.4.b <i>National Championships</i> may only be organised by the <i>ASN</i> or by another body with written consent from such <i>ASN</i>.</p> <p>2.4.4.c A maximum of one <i>Competition</i> of a <i>National Championship</i> may be run outside its national territory, provided that it is run in a country having a common border (and that, in the case of a maritime border, the <i>FIA</i> deems the additional country to have the appropriate geographical relationship) with the country which is organising the <i>National Championship</i>.</p> <p>2.4.4.d As an exception solely for <i>Circuit</i> (including karting) <i>National Championships</i>, any <i>ASN</i> which demonstrates, to the satisfaction of the <i>FIA</i>, the absence on its national territory of permanent <i>Circuits</i> for organising <i>Circuit National Competitions</i>, may rely on the <i>National Competitions</i> of one or several countries having a common border (provided that, in the case of a maritime border, the <i>FIA</i> deems the additional country to have the appropriate geographical relationship) to organise its own <i>National Championship</i> with the prior agreement of the <i>ASN(s)</i> concerned.</p> <p>2.4.4.e As an exception, an <i>ASN</i> which is not part of a Zone may organise a maximum of two <i>Competitions</i> of a <i>National Championship</i> outside the national territory, subject to compliance with the following conditions:</p> <p>2.4.4.e.i that they are run in countries having a common border (and that, in the case of a maritime border, the <i>FIA</i> deems the additional countries to have the appropriate geographical relationship) with the country which is organising the <i>National Championship</i>;</p> <p>2.4.4.e.ii that the <i>National Championship</i> concerned is composed exclusively of <i>Competitions</i> reserved for cars of a performance level:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ greater than 3 kg/hp for competitions taking place on circuits; ▪ greater than 4 kg/hp for competitions taking place on closed roads. <p>2.4.4.f In addition, the <i>FIA</i> may, at its discretion, authorise a <i>National Championship</i> formed solely of <i>Closed Competitions</i>, with more than one <i>Competition</i> outside the territory of that club's <i>Parent ASN</i>.</p>	<p>2.4.4 Landsmót</p> <p>2.4.4.a Leyfi fyrir <i>landsmóti</i> er aðeins veitt af viðeigandi <i>akstursíþróttasambandi</i>.</p> <p>2.4.4.b <i>Landsmót</i> skal haldið af <i>akstursíþróttasambandinu</i> eða öðrum þeim aðila sem það veitir skriflegt leyfi til þess.</p> <p>2.4.4.c Í hverju <i>landsmóti</i> má aðeins ein <i>keppni</i> vera haldin utan landfræðilegs yfirráðasvæðis og þá aðeins að hún sé haldin í landi sem hefur samliggjandi landamæri (eða, í tilfalli landamæra sem liggja að sjó, <i>FIA</i> telji að viðbótar landið hafi viðeigandi landfræðilegt samband) við landið sem heldur <i>landsmótið</i>.</p> <p>2.4.4.d Sú undantekning er gerð fyrir brautar- (þar með talin karting) <i>landsmót</i> að sýni <i>akstursíþróttasamband</i> fram á það á ásættanlegan hátt fyrir <i>FIA</i> að <i>brautir</i> til að halda <i>landskeppni</i> í <i>brautarakstri</i> séu ekki til staðar á viðkomandi landssvæði sé heimilt að reiða sig á <i>landskeppni</i> eins eða fleiri landa sem hafa sameiginleg landamæri (eða, í tilfalli landamæra sem liggja að sjó, <i>FIA</i> telji að viðbótar landið hafi viðeigandi landfræðilegt samband) við landið til að halda sitt <i>landsmót</i> með áður gerðum samningi við <i>akstursíþróttasambandið(böndin)</i> sem um ræðir.</p> <p>2.4.4.e Sú undantekning er gerð að <i>akstursíþróttasamband</i> sem ekki tilheyrir svæði megi halda allt að tvær <i>keppni</i> í <i>landsmóti</i> utan síns landssvæðis, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:</p> <p>2.4.4.e.i að þau séu haldin í landi sem hefur samliggjandi landamæri (eða, í tilfalli landamæra sem liggja að sjó, <i>FIA</i> telji að viðbótar landið hafi viðeigandi landfræðilegt samband) við landið sem heldur <i>landsmótið</i>;</p> <p>2.4.4.e.ii að <i>landsmótið</i> samanstandi af keppnum sem eru einskorðaðar við bíla sem eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ meira en 3 kg/hö fyrir keppni á brautum; ▪ meira en 4 kg/hö fyrir keppni á lokuðum vegum. <p>2.4.4.f Auk þess er <i>FIA</i> heimilt að eigin vild að leyfa <i>landsmót</i> sem samanstendur einungis af <i>lokuðum keppnum</i> með einni eða fleiri <i>keppnum</i> utan landssvæðis <i>akstursíþróttasambands</i> þess íþróttafélags.</p>
<p>2.4.5 National cup, trophy, challenge or series</p> <p>2.4.5.a Only the appropriate <i>ASNs</i> may authorise a national cup, trophy, challenge or series.</p> <p>2.4.5.b A national cup, trophy, challenge or series may comprise several <i>Competitions</i>, governed by the same regulations, or a single <i>Competition</i>.</p>	<p>2.4.5 Landsbikarkeppni, landsútsláttarkeppni, landsáskorun eða landsdeild</p> <p>2.4.5.a Leyfi fyrir <i>landsbikarkeppni</i>, <i>landsútsláttarkeppni</i>, <i>landsáskorun</i> eða <i>landsdeild</i> er aðeins veitt af viðeigandi <i>akstursíþróttasambandi</i>.</p> <p>2.4.5.b <i>Landsbikarkeppni</i>, <i>landsútsláttarkeppni</i>, <i>landsáskorun</i> eða <i>landsdeild</i> má samanstanda af mörgum <i>keppnum</i> sem lúta sömu reglum eða einni <i>keppni</i>.</p>

<p>GREIN 2.5 PARC FERMÉ</p> <p>2.5.1 Inside the <i>Parc Fermé</i>, only the officials assigned may enter. No operation, checking, tuning or repair is allowed unless authorised by the same officials or by the applicable regulations.</p>	<p>GREIN 2.5 PARC FERMÉ</p> <p>2.5.1 Í <i>Parc Fermé</i> mega aðeins vera starfsmenn sem hafa leyfi til að vera þar. Þar má ekkert eiga við keppnistæki nema það sé leyft af þeim starfsmönnum eða leyft í viðeigandi reglum.</p>
<p>2.5.2 The <i>Parc Fermé</i> is compulsory in those <i>Competitions</i> in which scrutineering is provided for.</p>	<p>2.5.2 <i>Parc Fermé</i> er skylda í <i>keppnum</i> sem fela í sér keppnisstoðun.</p>
<p>2.5.3 The applicable regulations of the <i>Competition</i> shall specify the place where the <i>Parc(s) Fermé(s)</i> will be set up.</p>	<p>2.5.3 Í reglum sem varða <i>keppnina</i> skal koma fram hvar <i>Parc Fermé</i> svæði verður/verða.</p>
<p>2.5.4 For <i>Competitions</i> held on a closed <i>Course</i>, the <i>Parc Fermé</i> must be in close proximity to the <i>Finish Line</i> (or to the <i>Start Line</i>, if such is provided for).</p>	<p>2.5.4 Í <i>keppnum</i> á lokaðri leið verður <i>Parc Fermé</i> að vera nærri <i>marklínu</i> (eða <i>ráslínu</i> ef um slíkt er að ræða).</p>
<p>2.5.5 At the end of the specific <i>Competition</i>, the area between the <i>Finish Line</i> and the <i>Parc Fermé</i> entrance shall be placed under the <i>Parc Fermé</i> regulations.</p>	<p>2.5.5 Við lok <i>keppni</i> gilda reglur um <i>Parc Fermé</i> á svæðinu milli <i>marklínu</i> og innkomu í <i>Parc Fermé</i>.</p>
<p>2.5.6 The <i>Parc Fermé</i> shall be of adequate dimensions and well closed off to ensure that no unauthorised persons may gain access while <i>Automobiles</i> are in the enclosure.</p>	<p>2.5.6 <i>Parc Fermé</i> skal vera nægilega stórt og lokað af til að tryggja að óboðnir komi ekki inná það meðan <i>ökutækin</i> eru þar.</p>
<p>2.5.7 The surveillance shall be carried out by officials, appointed by the <i>Organisers</i>, who are responsible for the operation of the <i>Parc Fermé</i> and only they are authorised to give orders to the <i>Competitors</i>.</p>	<p>2.5.7 Eftirlit í, og framkvæmd með, <i>Parc Fermé</i> skal vera í höndum og á ábyrgð starfsmanna útnefndum af <i>keppnishaldara</i>, sem einir hafa heimild til að skipa <i>keppendum</i> fyrir.</p>
<p>2.5.8 In <i>Rallies</i> and <i>Cross-Country Rallies</i>, the control areas and regrouping areas will be considered as a <i>Parc Fermé</i>. No repairs or assistance may take place within these control areas, unless otherwise specified in the applicable regulations.</p>	<p>2.5.8 Í <i>röllum</i> og <i>Cross-Country röllum</i> er litið á varðstöðvar og endurröðunarsvæði sem <i>Parc Fermé</i>. Engar viðgerðir eða aðstoð mega eiga sér stað inna þessara svæða, nema það sé skilgreint í viðeigandi reglum.</p>
<p>GREIN 2.6 LICENCE</p> <p>2.6.1 General principles</p> <p>2.6.1.a The licence-holder is deemed to be acquainted with the texts of the <i>Code</i>, and must comply with its provisions.</p> <p>2.6.1.b The principle that will apply in all cases is that any applicant who qualifies for a <i>Licence</i> within the terms of the <i>Code</i> and the applicable sporting and technical rules shall be entitled to such a <i>Licence</i>.</p> <p>2.6.1.c No one may take part in a <i>Competition</i> if he does not possess a <i>Licence</i> issued by his <i>Parent ASN</i>, or a <i>Licence</i> issued by an <i>ASN</i> other than his <i>Parent ASN</i> with the consent of his <i>Parent ASN</i>.</p> <p>2.6.1.d An <i>International Licence</i> must be renewed annually from the 1st of January of each year.</p> <p>2.6.1.e Each <i>ASN</i> shall issue <i>Licences</i> in compliance with the <i>FIA</i> regulations.</p>	<p>GREIN 2.6 KEPPNISSKÍRTEINI</p> <p>2.6.1 Almennar reglur</p> <p>2.6.1.a Handhafi keppnisskírteinis er álitinn hafa kynnt sér texta <i>Reglubókarinnar</i> og skal hegða sér samkvæmt því sem þar stendur.</p> <p>2.6.1.b Almennt gildir að umsækjandi sem hæfur er til að fá <i>keppnisskírteini</i> samkvæmt ákvæðum <i>Reglubókarinnar</i> og viðeigandi íþrótt- og tæknireglum á rétt á að fá <i>keppnisskírteini</i>.</p> <p>2.6.1.c Enginn má taka þátt í <i>keppni</i> nema hafa <i>keppnisskírteini</i> frá viðeigandi <i>akstursíþróttasambandi</i>, eða <i>keppnisskírteini</i> gefið út af öðru <i>akstursíþróttasambandi</i> en viðeigandi <i>akstursíþróttasambandi</i> hans með leyfi viðeigandi <i>akstursíþróttasambands</i>.</p> <p>2.6.1.d <i>Alþjóðlegt keppnisskírteini</i> verður að endurnýja árlega frá 1. janúar ár hvert.</p> <p>2.6.1.e <i>Akstursíþróttasamband</i> skal gefa út <i>keppnisskírteini</i> til samræmis við reglur <i>FIA</i>.</p> <p>2.6.1.f <i>Keppnisskírteini</i> má gefa út undir dulnefni, en enginn má nota tvö eða fleiri dulnefni.</p>

<p>2.6.1.f The <i>Licence</i> can be issued under a pseudonym, but no one may make use of two pseudonyms.</p> <p>2.6.1.g A fee may be charged for the issue or the renewal of a <i>Licence</i>.</p> <p>2.6.1.h Each <i>ASN</i> must, at the time of its admission to the <i>FIA</i>, undertake to recognise and keep a register of <i>Licences</i> thus issued.</p>	<p>2.6.1.g Hægt er að krefjast greiðslu fyrir útgáfu á nýju <i>keppnisskírteini</i> eða endurnýjun þess.</p> <p>2.6.1.h Hvert <i>akstursíþróttasamband</i> verður, er það fær inngöngu í <i>FIA</i>, að samþykkja að halda lista yfir <i>keppnisskírteini</i> þannig gefin út.</p>
<p>2.6.2 Super Licence</p> <p>2.6.2.a Any candidates for a <i>Super Licence</i> must complete and sign the relevant application form. It must be renewed every year.</p> <p>2.6.2.b The <i>FIA</i> reserves the right to refuse the issuing of a <i>Super Licence</i>, in particular if the candidate has committed a breach of Article 12.2 and shall give reasons for any such refusal.</p> <p>2.6.2.c The <i>Super Licence</i> document remains the property of the <i>FIA</i>, which will deliver it to each holder.</p> <p>2.6.2.d The <i>Suspension</i> or withdrawal of a <i>Super Licence</i> resulting from a sanction excludes its holder from the <i>FIA Championships</i> for the duration of such <i>Suspension</i> or withdrawal.</p> <p>2.6.2.e The commission of a road traffic offence, officially established by a national police authority, constitutes an infringement of the <i>Code</i> if this offence is serious, has placed others in danger or is contrary to the image of motor sport or to the values defended by the <i>FIA</i>.</p> <p>2.6.2.f A <i>Super Licence</i>-holder who has committed such a road traffic offence may:</p> <p>2.6.2.f.i be given a warning by the <i>FIA</i>,</p> <p>2.6.2.f.ii be placed under the obligation to accomplish some work of public interest or have his <i>Super Licence</i> temporarily or definitively withdrawn by the International Tribunal.</p>	<p>2.6.2 Ofurkeppnisskírteini</p> <p>2.6.2.a Hver sem telur sig eiga rétt á <i>ofurkeppnisskírteini</i> verður að fylla út og undirrita til þess ætlað umsóknareyðublað. Þessa umsókn verður að endurnýja árlega.</p> <p>2.6.2.b <i>FIA</i> áskilur sér rétt til að hafna útgáfu <i>ofurkeppnisskírteinis</i>, sérstaklega ef umsækjandi hefur brotið gegn grein 12.2 og skal <i>FIA</i> tilgreina ástæðu neitunarinnar.</p> <p>2.6.2.c <i>Ofurkeppnisskírteinið</i> er eign <i>FIA</i>, sem mun koma því til handhafa.</p> <p>2.6.2.d <i>Svipting</i> eða afturköllun á <i>ofurkeppnisskírteini</i> vegna refsingar útilokar skírteinishafa frá <i>mótum FIA</i> meðan á því stendur.</p> <p>2.6.2.e Umferðarlagabrot sem staðfest er af löggæsluyfirvöldum lands telst til brota á <i>Reglubókinni</i>, sé brotið alvarlegt, hefur sett aðra í hættu eða gengur gegn ímynd akstursíþróttar eða gildum sem <i>FIA</i> berst fyrir.</p> <p>2.6.2.f Handhafi <i>ofurkeppnisskírteinis</i> sem hefur gerst sekur um slíkt umferðarlagabrot getur átt von á að verða:</p> <p>2.6.2.f.i áminntur af <i>FIA</i>,</p> <p>2.6.2.f.ii krafinn um að gegna þegnskylduvinnu eða að <i>ofurkeppnisskírteini</i> hans verði tekið af honum tímabundið eða fyrir fullt og allt af Alþjóða dómstólnum.</p>
<p>2.6.3 EU Professional Competitor or Driver</p> <p>2.6.3.a Any <i>EU Professional Competitor or Driver</i> will be allowed to take part in <i>Zone Competitions</i> taking place in EU countries (or comparable countries by decision of the <i>FIA</i>) in accordance with Article 7.3 of Appendix Z.</p> <p>2.6.3.b Such national <i>Licences</i> will feature an EU flag.</p> <p>2.6.3.c Each <i>EU ASN</i> or <i>ASN</i> of a comparable country by decision of the <i>FIA</i> will ensure that insurance arrangements take these regulations into account.</p> <p>2.6.3.d Any <i>EU Professional Competitor or Driver</i> will be subject to the jurisdiction of the <i>ASN</i> of the country where he is competing, and to that of the <i>ASN</i> which issued his <i>Licence</i>.</p> <p>2.6.3.e Any decision to suspend such a <i>Licence</i> will be published in the <i>FIA Official Motor Sport Bulletin</i> and/or on the <i>FIA</i> website www.fia.com.</p>	<p>2.6.3 ESB atvinnukeppandi eða ESB atvinnuökumaður</p> <p>2.6.3.a Sérhver <i>ESB atvinnukeppandi</i> eða <i>ESB atvinnuökumaður</i> má taka þá í <i>svæðamótum</i> sem fram fara innan <i>ESB</i> landa (eða landa sem <i>FIA</i> samþykkir að séu hluti af <i>ESB</i>) í samræmi við grein 7.3 í <i>viðauka Z</i>.</p> <p>2.6.3.b Slík <i>keppnisskírteini</i> verða að vera með fána <i>ESB</i> á skírteininu.</p> <p>2.6.3.c Hvert <i>akstursíþróttasamband</i> innan <i>ESB</i> landa (eða landa sem <i>FIA</i> samþykkir að séu hluti af <i>ESB</i>) munu ganga úr skugga um að tryggingar taki mið af þessum reglum.</p> <p>2.6.3.d Sérhver <i>ESB atvinnukeppandi</i> eða <i>ESB atvinnuökumaður</i> fellur undir lögsögu þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem hann er að keppa í og einnig þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem gaf út <i>keppnisskírteini</i> hans.</p> <p>2.6.3.e Ákvarðanir um að afturkalla slíkt <i>keppnisskírteini</i> mun gefið út í <i>FIA Official Motor Sport Bulletin</i> og/eða á vefsvæði <i>FIA</i> www.fia.com.</p>
<p>2.6.4 Certificate of registration for the staff of Competitors entered in the FIA World Championships</p> <p>2.6.4.a In the <i>FIA Formula One World Championship</i>, any person performing all or part of the following roles on behalf of a <i>Competitor</i> entered in an <i>FIA World Championship</i> must be duly registered with the <i>FIA</i>:</p>	<p>2.6.4 Skráningarskírteini fyrir starfsfólk keppenda sem þátt taka í heimsmeistarakeppnum FIA:</p> <p>2.6.4.a Einstaklingur í <i>FIA Formúla</i> eitt heimsmeistaramótinu sem framkvæmir allt eða hluta af því sem lýst er hér að neðan fyrir <i>keppanda</i> skráðan í <i>heimsmeistaramót FIA</i> verður að skrá sig hjá <i>FIA</i>:</p>

2.6.4.a.i Team principal: the person in charge of the most important decisions for the *Competitor*;

2.6.4.a.ii Sporting director: the person responsible for ensuring that the *Competitor* complies with the World *Championship* sporting regulations;

2.6.4.a.iii Technical director: the person responsible for ensuring that the *Competitor* complies with the World *Championship* technical regulations;

2.6.4.a.iv Team manager: the person holding the operational responsibility of the *Competitor* at the *Competitions*;

2.6.4.a.v Race engineer or equivalent (two per *Competitor*): the person responsible for the *Competitor's Automobiles*.

2.6.4.a.vi The applicable regulations may provide that additional members of the *Competitors' staff*, performing other roles than those referred to above, must be duly registered with the *FIA*.

2.6.4.b.i In the other *FIA World Championships*, any person performing, on behalf of a *Competitor*, all or part of the roles listed under Articles 2.6.4.a.i to 2.6.4.a.vi above must be duly registered with the *FIA*.

2.6.4.b.ii The *FIA Sporting Commissions* in charge of these other *FIA World Championships* may adapt the number of roles according to the characteristics specific to each *Championship*.

2.6.4.c Any duly registered member of a *Competitor's staff* shall be considered as a *Participant*.

2.6.4.d When applying to enter an *FIA World Championship*, the *Competitor* must communicate to the *FIA* the list of the members of their staff who are to be registered as *Competitor's Staff* by signing the form drawn up specifically for that purpose.

2.6.4.e Each duly registered member of a *Competitor's staff* will be given, via the *Competitor*, a certificate of registration with the *FIA*, a document that is drawn up and issued by the *FIA* and that remains the property of the *FIA*.

2.6.4.f The registration must be renewed annually from the 1st of January of each year.

2.6.4.g The *FIA* has the right to withhold and to cancel the registration of any person who does not satisfy the rules of good conduct defined in the *FIA Code of good conduct* appended to the *Code*. Reasons must be given for any such decision.

2.6.4.h The *FIA* has the right to deny, temporarily or definitively, any duly registered member of a *Competitor's staff* of the right to access the *Reserved Areas* at *Competitions* forming part of any *FIA World Championship*.

2.6.4.i If a change in the *Competitor's organisation* leads to a modification of the list of members of their staff who must be registered with the *FIA*, the *Competitor* must inform the *FIA* of this within the 7 days following that change and submit an updated list within the same deadline, while returning to the *FIA* the certificates of registration of the persons who have ceased to perform their role.

2.6.4.a.i Liðsstjóri: sá sem hefur með höndum veigamestu ákvarðanir *keppandans*;

2.6.4.a.ii Íþróttastjóri: sá sem er ábyrgur fyrir því að *keppandinn* fari eftir íþróttareglum *heimsmeistaramótsins*;

2.6.4.a.iii Tæknistjóri: sá sem ber ábyrgð á því að *keppandinn* standist tæknireglur *heimsmeistaramótsins*;

2.6.4.a.iv Liðsstjóri: sá sem sér um framkvæmdir fyrir *keppandann* á *keppnunum*;

2.6.4.a.v Bifvélavirki eða sambærilegt (tveir fyrir hvern *keppanda*): sá sem ber ábyrgð á *ökutækjum keppandans*.

2.6.4.a.vi Í viðeigandi reglum má kveða á um að aðrir starfsmenn *keppanda*, sem sinna öðrum störfum en að ofan eru talin, þurfi að skrá sig hjá *FIA*.

2.6.4.b.i Í öðrum *heimsmeistarakeppnum FIA* þarf hver sá sem, fyrir hönd *keppanda*, hefur með höndum eitt eða fleiri hlutverk sem lýst er í greinum 2.6.4.a.i til 2.6.4.a.vi hér að ofan að skrá sig hjá *FIA*.

2.6.4.b.ii Íþróttaráð *FIA* sem stýra þeim *heimsmeistarakeppnum FIA* geta breytt fjölda starfa eins og hentar hverju *móti*.

2.6.4.c Litið skal á hvern skráðan starfsmann *keppanda* sem *þátttakanda*.

2.6.4.d Þegar sótt er um þátttöku í *heimsmeistaramóti FIA* verður *keppandinn* að koma með lista yfir þá sem skrá skal sem starfsmenn *keppandans* með því að fylla út eyðublað sem sérstaklega er ætlað til þess.

2.6.4.e *Keppandi* lætur hverjum skráðum starfsmanni sínum í té vottorð um skráningu hjá *FIA* sem *FIA* býr til og gefur út og er ávallt eign *FIA*.

2.6.4.f Skráning starfsmanna skal endurnýjuð árlega frá 1. janúar ár hvert.

2.6.4.g *FIA* hefur heimild til að halda eftir og afturkalla skráningu á hvaða starfsmanni sem brotið hefur gegn grein 12.2. Ástæður þarf að gefa fyrir hverri slíkri ákvörðun..

2.6.4.h *FIA* hefur rétt til að hafna tímabundið, eða fyrir fullt og allt, hvaða starfsmanni *keppandans* rétti til aðgengis að *fráteknum svæðum* í *keppni* sem eru hluti af hvaða *heimsmeistarakeppni FIA* sem er.

2.6.4.i Verði breytingar í skipulagi hjá *keppanda* sem leiða til þess að listi starfsmanna sem skrá þarf hjá *FIA* breytist, þá verður *keppandinn* að upplýsa *FIA* um það innan 7 daga frá breytingunni og leggja fram á sama tíma uppfærðan lista starfsmanna. *Keppandinn* verður á sama tíma, einnig að skila inn skráningarvottorðum þeirra sem ekki starfa lengur fyrir hann.

<p>GREIN 2.7 SPECIFIC CONDITIONS</p> <p>In the context of <i>FIA Championships</i>, cups, challenges or trophies, Articles 2.7.1 to 2.7.3 below shall apply unless otherwise provided for in the applicable <i>FIA</i> regulations.</p> <p>2.7.1 Automobiles authorised in international Rallies</p> <p>2.7.1.a The power of all <i>Automobiles</i> is restricted according to a minimum weight/power ratio of 3.4 kg/hp (4.6 kg/kw) in all international <i>Rallies</i>, except those counting towards the FIA World Rally Championship. The <i>FIA</i> shall, at all times and under all circumstances, take all the measures necessary for the enforcement of this power restriction.</p> <p>2.7.1.b Only the following may participate in international <i>Rallies</i>:</p> <p>2.7.1.b.i Touring <i>Automobiles</i> (Group A) unless there is an indication to the contrary on the homologation form excluding certain evolutions;</p> <p>2.7.1.b.ii Production <i>Automobiles</i> (Groups N, R, Rally and RGT).</p> <p>2.7.1.c Unless there is an indication to the contrary on the homologation form excluding certain evolutions, Groups A, N, R and RGT <i>Automobiles</i> are permitted, during a further period of eight years following the expiry of their homologation, to participate in international <i>Rallies</i> other than those of the World Rally Championship on the following conditions:</p> <p>2.7.1.c.i the <i>FIA</i> homologation papers are produced at administrative checking and at scrutineering;</p> <p>2.7.1.c.ii the <i>Automobiles</i> are in conformity with the technical regulations (<i>Appendix J</i>) valid at the date of the expiry of their homologation and are in a sound condition to participate, at the discretion of the scrutineers.</p> <p>2.7.1.d The size of turbo restrictors used on these <i>Automobiles</i> and the minimum weight must be those currently valid.</p>	<p>GREIN 2.7 SÉRSTÖK SKILYRÐI</p> <p>Greinar 2.7.1 til 2.7.3 hér að neðan eiga við í <i>FIA mótum</i>, bikarkeppnum, áskorunum og útsláttarkeppnum nema annað sé tekið fram í viðeigandi reglum <i>FIA</i>.</p> <p>2.7.1 Ökutæki leyfð í alþjóðaröllum</p> <p>2.7.1.a Afl allra ökutækja er takmarkað samkvæmt lágmarksþyngd/afhlutfalli 3,4 kg/hestöfl (4,6 kg/kw) í öllum alþjóðlegum röllum, nema þeim sem telja til FIA Heimsmeistaramótsins (WRC). <i>FIA</i> skal ávallt og undir öllum kringumstæðum gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja þessari afltakmörkun.</p> <p>2.7.1.b Aðeins eftirfarandi mega taka þátt í alþjóðlegum röllum:</p> <p>2.7.1.b.i Touring ökutæki (grúppa A), nema vísbending sé um hið gagnstæða á gerðarvottuninni, að undanskildum tilteknum breytingum;</p> <p>2.7.1.b.ii Fjöldaframleidd ökutæki (Grúppa N, R, Rally og RGT).</p> <p>2.7.1.c Ef ekki eru vísbendingar um annað á gerðarvottuninni, að undanskildum tilteknum breytingum, er grúppu A, N, R og RGT ökutæki leyft, á næstu átta árum eftir að gerðarvottun þeirra rennur út, að taka þátt í alþjóðlegum röllum öðrum en Heimsmeistaramótinu (WRC) með eftirfarandi skilyrðum:</p> <p>2.7.1.c.i <i>FIA</i> gerðarvottunin sé sýnd við skráningarskoðun og við keppnisskoðun;</p> <p>2.7.1.c.ii ökutækin séu í samræmi við tækniforskriftir (<i>viðauka J</i>) sem giltu á þeim degi sem gerðarvottun þeirra rann út og eru í góðu ástandi til að taka þátt, að mati skoðunarmanna.</p> <p>2.7.1.d Þrengingar í úrbínum sem notaðar eru í þessum ökutækjum ásamt lágmarksþyngd verða að vera í samræmi við núgildandi takmarkanir.</p>
<p>2.7.2 Cross-Country Rallies and Baja Cross-Country Rallies</p> <p>Only cross-country <i>Automobiles</i> (Groups T) as defined by the <i>FIA</i> technical regulations may be admitted, except for any other <i>Automobile</i>.</p>	<p>2.7.2 Cross-Country Rally og Baja Cross-Country Rally</p> <p>Aðeins er heimilt að nota ökutæki fyrir cross-country (grúppur T) eins og skilgreint er í tækniforskriftum <i>FIA</i>, og engin önnur ökutæki leyfð.</p>
<p>2.7.3 Marathon Cross-Country Rallies</p> <p>2.7.3.a All <i>Marathon Cross-Country Rallies</i> must be entered on the International Sporting Calendar.</p> <p>2.7.3.b Only one <i>Marathon Cross-Country Rally</i> per continent may be organised each year, unless a special waiver is granted by the <i>FIA</i>.</p> <p>2.7.3.c The <i>Competition</i> must last no more than twenty-one days (including scrutineering and super special stage).</p> <p>2.7.3.d Only cross-country <i>Automobiles</i> (Groups T) as defined by the <i>FIA</i> technical regulations may be admitted, except for any other <i>Automobile</i>.</p>	<p>2.7.3 Maraðon Cross-Country Rally</p> <p>2.7.3.a Öll Maraðon Cross-Country Rally verður að færa inn á Alþjóðlega keppnisdagatalið.</p> <p>2.7.3.b Eingöngu er heimilt að skipuleggja eitt Maraðon Cross-Country Rally fyrir hverja heimsálfu ár hvert, nema <i>FIA</i> veiti sérstaka undanþágu.</p> <p>2.7.3.c Keppnin má ekki standa í meira en tuttugu og einn dag (þar með talin skoðun og ofursérleið).</p> <p>2.7.3.d Aðeins er heimilt að nota ökutæki fyrir cross-country (grúppur T) eins og skilgreint er í tækniforskriftum <i>FIA</i>, og engin önnur ökutæki leyfð.</p>
<p>2.7.4 Record Attempts</p> <p>2.7.4.a Holder of record</p>	<p>2.7.4 Metatilraunir</p> <p>2.7.4.a Handhafi mets</p>

2.7.4.a.i If the *Record* is one established in the course of an individual attempt, the holder is the *Competitor* to whom permission to make the attempt was granted and who made a formal application for such permission.

2.7.4.a.ii If the *Record* is one established in the course of an *Event* the holder is the *Competitor* in whose name the *Automobile* with which the performance was achieved was entered.

2.7.4.b Jurisdiction

2.7.4.b.i An *ASN* shall adjudicate upon all claims to *Records* made within its territory.

2.7.4.b.ii The *FIA* shall adjudicate upon all claims to *World Records*, which claims shall be submitted to it by the appropriate *ASN*.

2.7.4.c *Automobile* eligible to establish *Records*

Each one of the *Records* may be established only by an *Automobile*.

2.7.4.d *Records* recognised

2.7.4.d.i The only *Records* recognised shall be *National Records*, *World Records*, *Absolute World Records* and the *Outright World Record*.

2.7.4.d.ii The same *Record* may be recognised in several of the above-mentioned categories.

2.7.4.e *Automobile Records* restricted to their own class

An *Automobile* having established or broken a *World Record* in its own class may thereby break the *Absolute World Record*, but cannot beat the same *Record* in any superior class.

2.7.4.f Periods and distances recognised

Only such periods and distances for *National Records* and for *World Records* as are laid down in *Appendix D* shall be recognised.

2.7.4.g *Records* established during a race

No time or distance *Record* established during a race shall be recognised. A *Lap Record* can only be established during a race.

2.7.4.h *Record Attempts*

Conditions under which *Record Attempts* shall be made are mentioned in detail in *Appendix D*.

2.7.4.i Conditions for the recognition of *World Records*

2.7.4.i.i A *World Record* cannot be recognised unless the attempt has taken place in a country represented within the *FIA*, or by way of exception, in a country not represented but with an *Organising Permit* issued by the *FIA*.

2.7.4.i.ii In no case may a *World Record* be recognised unless the attempt has taken place on a *Course* approved by the *FIA*.

2.7.4.j Registration of *Records*

2.7.4.j.i Each *ASN* shall keep a register of all *Records* established or broken within its territory and shall issue certificates of *National Records* on request.

2.7.4.j.ii The *FIA* will keep a register of *World Records* and will issue certificates of those *Records* on request.

2.7.4.k Publication of *Records*

2.7.4.a.i Ef *met* er staðfest með tiltekinni tilraun er handhafi sá *keppandi* sem fékk leyfi til að gera tilraunina og lagði fram formlega umsókn um slíkt leyfi.

2.7.4.a.ii Ef *metið* er staðfest í tengslum við *viðburð* er handhafi *keppandinn* sem skráði *ökutækið* sem árangurinn náðist í.

2.7.4.b Lögsaga

2.7.4.b.i *Akstursíþróttasamband* skal úrskurða um allar kröfur gagnvart *metum* sem gerðar eru á svæði þess.

2.7.4.b.ii *FIA* skal úrskurða um allar kröfur um *heimsmet*, sem skulu lagðar fyrir af viðeigandi *akstursíþróttasambandi*.

2.7.4.c *Ökutæki* sem er gjaldgengt til að setja *met*

Hvert og eitt *met* má einungis setja af *ökutæki*.

2.7.4.d Viðurkennd *met*

2.7.4.d.i Einu *metin* sem viðurkennd eru skulu vera *landsmet*, *heimsmet*, *heildar heimsmet* og *eiginleg heimsmet*.

2.7.4.d.ii Sama *met* má viðurkenna í nokkrum af ofangreindum flokkum.

2.7.4.e *Met ökutækja* takmörkuð við þeirra eigin flokk

Ökutæki sem hefur sett eða slegið *heimsmet* í sínum eigin flokki, gæti þar með slegið *heildar heimsmet*, en getur ekki slegið sama *met* í neinum yfirflokki.

2.7.4.f Tímabil og viðurkenndar vegalengdir

Aðeins skal viðurkenna slík tímabil og vegalengdir fyrir *landsmet* og *heimsmet* eins og mælt er fyrir um í *viðauka D*.

2.7.4.g *Met* sett í keppni

Enginn tíma- eða vegalengdar *met*, sem sett eru meðan á keppni stendur, skulu viðurkennd. Aðeins er hægt að setja *hringmet* meðan á keppni stendur.

2.7.4.h *Metatilaunir*

Skilyrði sem uppfylla verður við *metatilaun* eru nefnd í smáatriðum í *viðauka D*.

2.7.4.i Skilyrði fyrir viðurkenningu á *heimsmetum*

2.7.4.i.i Ekki er hægt að viðurkenna *heimsmet* nema tilraunin hafi farið fram í landi sem er aðili að *FIA*, eða sem undantekningu, í landi sem ekki er aðili en hefur *leyfi til keppnishalds* gefið út af *FIA*.

2.7.4.i.ii Aldrei má viðurkenna *heimsmet* nema tilraunin hafi farið fram á *leið* sem *FIA* hefur samþykkt.

2.7.4.j Skráning *meta*

2.7.4.j.i Sérhvert *akstursíþróttasamband* skal halda skrá yfir öll *met* sem hafa verið sett eða slegin á svæði þess og gefa út viðurkenningarskjal um *landsmet* sé þess óskað.

2.7.4.j.ii *FIA* mun halda skrá yfir *heimsmet* og gefur út viðurkenningarskjal þeirra *meta* sé þess óskað.

2.7.4.k Birting *meta*

2.7.4.k.i Meðan beðið er formlegrar viðurkenningar á kröfu um *met*, má ekki auglýsa niðurstöðu tilraunar nema eftirfarandi setning bætist við með skýrum stöfum „Með fyrirvara um staðfestingu“.

<p>2.7.4.k.i Pending the formal recognition of a claim to a <i>Record</i>, the result of an attempt may not be advertised unless the following words are added in easily readable characters "Subject to confirmation".</p> <p>2.7.4.k.ii Disregard of this rule shall automatically entail the non-recognition of a claim to a <i>Record</i> without prejudice to any further penalty that may be inflicted by the appropriate ASN.</p> <p>2.7.4.l <i>Record Attempt</i> fees</p> <p>2.7.4.l.i The competent ASN may establish a fee for its oversight and administration of <i>National Record Attempts</i>. Such fee will be fixed each year by and payable to the ASN.</p> <p>2.7.4.l.ii The <i>FIA</i> may establish a fee for its oversight and administration of <i>World Record Attempts</i>. Such fee will be fixed each year by and payable to the <i>FIA</i>.</p>	<p>2.7.4.k.ii Að víkja frá þessari reglu skal sjálfkrafa fela í sér að krafa til <i>mets</i> er ekki viðurkennd, fyrir utan fyrirvara um frekari refsingu sem viðeigandi <i>akstursíþróttasamband</i> getur beitt.</p> <p>2.7.4.l Gjöld fyrir <i>metatilraunir</i></p> <p>2.7.4.l.i Hlutaðeigandi <i>akstursíþróttasamband</i> getur ákveðið gjald fyrir eftirlit sitt og umsjón með tilraunum til <i>landsmets</i>. Slíkt gjald skal ákveðið á hverju ári af og greiðist til <i>akstursíþróttasambands</i>.</p> <p>2.7.4.l.ii <i>FIA</i> má ákveða gjald fyrir eftirlit sitt og umsjón <i>heimsmettilrauna</i>. Slíkt gjald skal ákveðið á hverju ári af og greiðist til <i>FIA</i>.</p>
<p>GREIN 3 COMPETITIONS – ORGANISATIONAL DETAILS</p> <p>GREIN 3.1 NECESSARY ORGANISING PERMIT</p> <p>A <i>Competition</i> must have an <i>Organising Permit</i> issued by the ASN of the country concerned or if held in a country not represented within the <i>FIA</i>, issued by the <i>FIA</i>.</p>	<p>GREIN 3 KEPPNIR – SKIPULAG</p> <p>GREIN 3.1 NAUÐSYNLEGT LEYFI TIL KEPPNISHALDS</p> <p><i>Keppni</i> verður að hafa <i>leyfi til keppnishalds</i> útgefið af <i>akstursíþróttasambandi</i> þess lands sem hún er haldin í eða, ef landið á ekki fulltrúa innan <i>FIA</i>, útgefið af <i>FIA</i>.</p>
<p>GREIN 3.2 APPLICATION FOR AN ORGANISING PERMIT</p> <p>3.2.1 Each application for an <i>Organising Permit</i> shall be sent to the ASN in accordance with the applicable deadlines, with the following information: draft of the <i>Supplementary Regulations</i> for each <i>Competition</i> of the <i>Event</i>, except for <i>Record Attempts</i>.</p>	<p>GREIN 3.2 UMSÓKN UM LEYFI TIL KEPPNISHALDS</p> <p>3.2.1 Umsókn um <i>leyfi til keppnishalds</i> skal send <i>akstursíþróttasambandi</i> innan þeirra tímamarka sem við eiga, með eftirfarandi upplýsingum: uppkasti af <i>sérreglum</i> hvernar <i>keppni viðburðarins</i>, nema þegar um er að ræða <i>metatilraunir</i>.</p>
<p>3.2.2 In the case of the ASN having fixed a fee beforehand for the issue of an <i>Organising Permit</i>, application must be accompanied by that fee, which will be reimbursed if the <i>Organising Permit</i> is not granted.</p>	<p>3.2.2 Hafi <i>akstursíþróttasambandið</i> ákveðið fyrirframgreitt gjald fyrir útgáfu <i>leyfis til keppnishalds</i> skal leyfisgjaldið fylgja umsókninni og verður það endurgreitt ef leyfi er ekki veitt.</p>
<p>GREIN 3.3 ISSUING OF ORGANISING PERMIT</p> <p>3.3.1 In each country where there is an ASN, that ASN has the right to issue <i>Organising Permits</i> in a format of its choice.</p>	<p>GREIN 3.3 ÚTGÁFA LEYFIS TIL KEPPNISHALDS</p> <p>3.3.1 Í landi með starfandi <i>akstursíþróttasambandi</i> hefur það rétt á að gefa út <i>leyfi til keppnishalds</i> í hverju því formi sem það kys.</p>
<p>3.3.2 An <i>Organiser</i> who makes an application for an <i>Organising Permit</i> shall be entitled to have that <i>Organising Permit</i> granted if he meets the criteria set out in the <i>Code</i> and the applicable sporting and technical rules of the <i>FIA</i> and, where applicable, of the relevant ASN.</p>	<p>3.3.2 <i>Keppnishaldari</i> sem sækir um <i>leyfi til keppnishalds</i> á rétt á að fá það útgefið ef hann uppfyllir skilyrði <i>Reglubókarinnar</i> og viðeigandi íþróttá- og tæknireglur <i>FIA</i>, og eftir því sem við á, <i>akstursíþróttasambandsins</i> sem sótt er um hjá.</p>
<p>GREIN 3.4 COMPLIANCE WITH LAWS AND REGULATIONS</p> <p>3.4.1 Wherever the <i>Competition</i> takes place (road, <i>Circuit</i> or any other Reserved Area), no <i>Organising Permit</i> shall be granted by the ASN unless the <i>Organising Committee</i> has</p>	<p>GREIN 3.4 VIRÐING LAGA OG REGLUGERÐA</p> <p>3.4.1 <i>Akstursíþróttasambandið</i> skal ekki gefa út <i>leyfi til keppnishalds</i> fyrr en <i>framkvæmdanefndin</i> hefur fengið öll tilskilin leyfi, eða undirgengist að afla leyfa, frá þar til</p>

obtained, or undertakes to obtain, the relevant permission from the competent local authorities.	bærum yfirvöldum og landeigendum vegar, <i>brautar</i> eða annars <i>frátekins svæðis</i> þar sem keppnin fer fram.
3.4.2 Those parts of <i>Competitions</i> taking place on public roads open to normal traffic must conform to the road traffic regulations of the country in which they take place.	3.4.2 Þeir hlutar <i>keppna</i> sem fram fara á almennum vegum opnum fyrir hefðbundinni umferð skulu virða umferðarreglur þess lands sem þær fara fram í.
3.4.3 <i>Competitions</i> organised on a <i>Speedway</i> shall be subject to all the rules of the <i>Code</i> but may also be subject to <i>Supplementary Regulations</i> governing the driving of racing cars on <i>Speedways</i> and specially established for that purpose.	3.4.3 <i>Keppnir</i> sem fram fara á <i>hraðbraut</i> skulu fylgja öllum reglum <i>Reglubókarinnar</i> en geta einnig fallið undir <i>sérreglur</i> gerðum sérstaklega fyrir akstur bíla á <i>hraðbrautum</i> .
3.4.4 Publication of the regulations: the regulations of the various <i>FIA Championship Competitions</i> should reach the <i>FIA Secretariat</i> in accordance with the applicable sporting regulations.	3.4.4 Útgáfa reglna: reglur <i>keppna</i> í <i>FIA mótum</i> verða að berast <i>FIA</i> skrifstofunni eins og kveðið er á um í viðeigandi íþróttareglum.
GREIN 3.5 MAIN INFORMATION TO BE INCLUDED IN SUPPLEMENTARY REGULATIONS (not applicable to the <i>FIA Formula One World Championship</i>)	GREIN 3.5 HELSTU UPPLÝSINGAR Í SÉRREGLUM (á ekki við um <i>FIA Formula</i> eitt heimsmeistaramótið)
3.5.1 Nomination of the <i>Organiser(s)</i> ;	3.5.1 Tilnefning <i>keppnishaldara</i> (eins eða fleiri);
3.5.2 The name, nature and definition of the proposed <i>Competition(s)</i> ;	3.5.2 Heiti-, eðli- og skilgreining á <i>keppni</i> eða <i>keppnum</i> ;
3.5.3 A statement that the <i>Event</i> is to be held under the <i>Code</i> and under national rules if they exist;	3.5.3 Yfirlýsing um að <i>viðburðurinn</i> verði haldinn samkvæmt <i>Reglubókinni</i> og landsreglum séu þær til;
3.5.4 Composition of the <i>Organising Committee</i> , which must include the names of the persons forming the <i>Organising Committee</i> , and the address of that committee;	3.5.4 Nöfn þeirra einstaklinga sem sitja í <i>framkvæmdanefndinni</i> ásamt heimilisfangi nefndarinnar og annað sem hana varðar;
3.5.5 Place and date of the <i>Event</i> ;	3.5.5 Staðsetning og dagsetning <i>viðburðarins</i> ;
3.5.6 A full description of the proposed <i>Competitions</i> (length and direction of the <i>Course</i> , classes and categories of <i>Automobiles</i> admitted, fuel, restriction in the number of <i>Entries</i> , if such limitation exists, and/or in the number of <i>Automobiles</i> allowed to start (in accordance with Appendix O), etc.);	3.5.6 Ýtarleg lýsing á þeim <i>keppnum</i> sem haldnar verða (lengd og akstursátt <i>leiðar</i> , klasar og flokkar <i>ökutækja</i> með þátttökurétt, eldsneyti, takmarkanir á fjölda <i>skráninga</i> sé um slíkt að ræða, og/eða fjölda <i>ökutækja</i> sem fá að ræsa (samkvæmt <i>viðauka</i> O), o.s.frv.);
3.5.7 All useful information concerning <i>Entries</i> (address to which they are to be sent, dates and hours of opening and closing, amount of fee, if such exists);	3.5.7 Allar gagnlegar upplýsingar varðandi <i>skráningar</i> (hvert á að senda þær, dagsetningar og tímasetningar upphafs og endis skráningartímabils, keppnisgjald þegar um slíkt er að ræða);
3.5.8 All relevant information concerning insurance;	3.5.8 Allar viðeigandi upplýsingar um tryggingamál;
3.5.9 The dates, times and nature of <i>Starts</i> , with indication of <i>Handicaps</i> , if any;	3.5.9 Dagsetningar og tímasetningar <i>ræsinga</i> með upplýsingum um <i>forgjafir</i> ef þær eiga við;

3.5.10 Reminder of clauses of the <i>Code</i> , especially as regards compulsory <i>Licences</i> , signals (<i>Appendix H</i>);	3.5.10 Áminning um greinar <i>Reglubókarinnar</i> , sérstaklega varðandi nauðsynleg <i>keppnisskírteini</i> , merkjagjöf (<i>viðauki H</i>);
3.5.11 Manner in which classification shall be established;	3.5.11 Hvernig úrslit verða ákvörðuð;
3.5.12 The place and time of the publication of the <i>Provisional</i> and <i>Final Classifications</i> . Should it be impossible for the Organisers to publish the classifications as stated, they shall issue, at the time and place fixed, accurate details concerning the measures they intend to take regarding the classifications.	3.5.12 Birtingarstaður og stund <i>bráðabirgðaúrslita</i> og <i>lokaúrslita</i> . Geti keppnishaldarar ekki birt úrslitin eins og ætlað var, skulu þeir gefa út, á þessum stað og stund, nákvæmar upplýsingar um til hvaða ráða þeir hyggist grípa varðandi úrslitin.
3.5.13 A detailed list of prizes;	3.5.13 Nákvæman lista yfir verðlaun;
3.5.14 A reminder of the clauses of the <i>Code</i> concerning protests;	3.5.14 Áminningu um greinar <i>Reglubókarinnar</i> varðandi kærur;
3.5.15 The names of the stewards and of the other officials;	3.5.15 Nöfn dómnefndarmanna og helstu starfsmanna keppinnar;
3.5.16 The locations of the official notice boards or the digital notice board;	3.5.16 Staðsetningu opinberrar upplýsingatöflu keppinnar eða stafrænu upplýsingatöflunnar;
3.5.17 A provision for postponement or cancellation of a Competition, if applicable.	3.5.17 Grein um frestun eða niðurfellingu keppinnar eigi það við.
GREIN 3.6 AMENDMENTS TO SUPPLEMENTARY REGULATIONS No amendments shall be made to the <i>Supplementary Regulations</i> after the beginning of the period for receiving <i>Entries</i> , unless unanimous agreement is given by all <i>Competitors</i> already entered, or by decision of the stewards. Subject to the prior agreement of the <i>ASN</i> and/or the <i>FIA</i> , amendments restricted to the safe and orderly conduct of the <i>Event</i> may be made by the <i>Organiser</i> until the start of the <i>Competition</i> concerned (as defined in Article 2.1.7.a of the <i>Code</i>).	GREIN 3.6 BREYTINGAR SÉRREGLNA Engar breytingar má gera á <i>sérreglum</i> eftir að byrjað er að taka á móti <i>skráningum</i> nema að fengnu samhljóða samþykki allra þegar skráðra <i>keppenda</i> eða með ákvörðun dómnefndar. Að fyrirfram fengnu samþykki <i>akstursíþróttasambandsins</i> og/eða <i>FIA</i> , er <i>keppnishaldara</i> heimilt að gera breytingar á <i>sérreglum</i> sem takmarkast við örugga og skipulega framkvæmd <i>viðburðarins</i> fram að upphafi viðkomandi <i>keppni</i> (eins og kveðið er á um í grein 2.1.7.a í <i>Reglubókinni</i>).
GREIN 3.7 MAIN INFORMATION TO BE INCLUDED IN THE OFFICIAL PROGRAMME 3.7.1 A statement that the <i>Event</i> is to be held under the <i>Code</i> and under the national rules if such exist;	GREIN 3.7 HELSTU UPPLÝSINGAR Í FORMLEGRI DAGSKRÁ 3.7.1 Yfirlýsing um að <i>viðburðurinn</i> fari fram samkvæmt <i>Reglubókinni</i> og landsreglum ef þær eru til;
3.7.2 Place and date of the <i>Event</i> ;	3.7.2 Staður og dagsetning <i>viðburðarins</i> ;
3.7.3 A short description and the time table of the proposed <i>Competitions</i> ;	3.7.3 Stutt lýsing og tímatafla <i>keppnanna</i> ;
3.7.4 Names of <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> with the numbers allocated to their <i>Automobiles</i> ;	3.7.4 Nöfn <i>keppenda</i> og <i>ökumanna</i> með keppnisnúmerum útgefnum fyrir <i>ökutæki</i> þeirra;
3.7.5 The <i>Handicap</i> , if any;	3.7.5 <i>Forgjöf</i> , ef það á við;

<p>3.7.6 A detailed list of prizes;</p>	<p>3.7.6 Ýtarlegur listi verðlauna;</p>
<p>3.7.7 The names of the stewards and of the other officials.</p>	<p>3.7.7 Nöfn dómnefndarmanna og annarra embættismanna.</p>
<p>GREIN 3.8 ENTRY 3.8.1 An <i>Entry</i> compels the <i>Competitor</i> to take part in the <i>Competition</i> in which they have accepted to run, except in case of duly established <i>Force Majeure</i>.</p>	<p>GREIN 3.8 SKRÁNING 3.8.1 <i>Skráning</i> skyldar <i>keppanda</i> til að taka þátt í <i>keppni</i> sem hann hefur samþykkt að keyra nema til komi gilt <i>Force Majeure</i>.</p>
<p>3.8.2 It also binds the <i>Organiser</i> to fulfil, for the <i>Competitor</i>, all the conditions upon which the <i>Entry</i> was made, the only reservation being that the <i>Competitor</i> must use his best endeavours to participate in the <i>Competition</i>.</p>	<p>3.8.2 Hún skuldbindur einnig <i>keppnishaldarann</i> til að standa við allar forsendur sem <i>skráningin</i> var byggð á gagnvart <i>keppandanum</i> að því gefnu að <i>keppandinn</i> geri sitt besta til að taka þátt í <i>keppninni</i>.</p>
<p>GREIN 3.9 RECEIPT OF ENTRIES 3.9.1 Once the ASN has agreed to issue an <i>Organising Permit</i> for an <i>Event</i>, the <i>Organising Committee</i> may receive <i>Entries</i>.</p>	<p>GREIN 3.9 MÓTTAKA SKRÁNINGA 3.9.1 Þegar <i>akstursíþróttasamband</i> hefur gefið út <i>leyfi til keppnishalds</i> fyrir viðburð er <i>framkvæmdanefnd</i> heimilt að taka við <i>skráningum</i>.</p>
<p>3.9.2 Format of Entries Final <i>Entries</i> shall be made in writing in the format required by the <i>Organising Committee</i> which shall provide for a statement of the name and address of the <i>Competitor</i> and of the <i>Drivers</i> nominated, if necessary, together with <i>Licence</i> numbers of the <i>Competitor</i> and <i>Drivers</i>. The <i>Supplementary Regulations</i> may, however, provide for an additional period of time for the nomination of <i>Drivers</i>.</p>	<p>3.9.2 Form skráninga Staðfestar <i>skráningar</i> skulu sendar <i>framkvæmdanefndinni</i> á því formi sem hún ákveður. Gera skal ráð fyrir yfirlýsingu um nafn og heimilisfang <i>keppanda</i> og útnefndra <i>ökumanna</i> ef þörf krefst ásamt <i>keppnisleyfanúmerum keppanda</i> og <i>ökumanna</i>. Í <i>sérreglum</i> má tilgreina rýmkaðan tíma fyrir útnefningu <i>ökumanna</i>.</p>
<p>3.9.3 Payment of Entry fees If an <i>Entry</i> fee is provided for in the <i>Supplementary Regulations</i>, any <i>Entry</i> not accompanied by this fee shall be null and void.</p>	<p>3.9.3 Greiðsla skráningargjalda Kveði <i>sérreglur</i> á um <i>skráningargjald</i> telst <i>skráning</i> ógild nema henni fylgi slíkt gjald.</p>
<p>3.9.4 Authorisations granted by ASNs to take part in International Competitions abroad 3.9.4.a <i>Competitors</i> and <i>Drivers</i> who wish to take part in an <i>International Competition</i> organised abroad can only do so with the prior authorisation of their own <i>ASN</i>. 3.9.4.b This authorisation shall be given by the <i>ASN</i> concerned in such form as they might deem convenient. 3.9.4.c Should an <i>Organiser</i> accept the <i>Entry</i> of a foreign <i>Competitor</i> and/or <i>Driver</i> who has no authorisation from the <i>ASN</i> which issued them with their <i>Licence</i> or <i>Licences</i>, that <i>Organiser</i> would be committing an infringement which, when known to the <i>FIA</i>, would entail such penalty as the <i>FIA</i> may deem to impose.</p>	<p>3.9.4 Samþykki akstursíþróttasambands til þátttöku í alþjóðakeppni erlendis 3.9.4.a <i>Keppendur</i> og <i>ökumenn</i> sem vilja taka þátt í <i>alþjóðakeppni</i> erlendis geta aðeins gert það með fyrirframfengnu samþykki síns <i>akstursíþróttasambands</i>. 3.9.4.b <i>Akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að gefa slíkt samþykki í því formi sem því hentar. 3.9.4.c Taki <i>keppnishaldari</i> á móti <i>skráningu</i> erlends <i>keppanda</i> eða <i>ökumanns</i> án samþykkis þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem gaf út <i>keppnisskirteini</i> þeirra telst <i>keppnishaldari</i> hafa framið brot sem <i>FIA</i> getur refsað fyrir með þeim hætti sem <i>FIA</i> telur hæfa.</p>
<p>3.9.4.d These authorisations may only be given by <i>ASNs</i> to their licence-holders for <i>Competitions</i> entered on the <i>International Sporting Calendar</i>.</p>	<p>3.9.4.d <i>Akstursíþróttasambandi</i> er aðeins heimilt að veita leyfishöfum sínum slíkt samþykki fyrir <i>keppnir</i> skráðar í <i>Alþjóðlega keppnisdagatalið</i>.</p>

<p>GREIN 3.10 RESPECT OF ENTRIES</p> <p>3.10.1 Any dispute between a <i>Competitor</i> and the <i>Organiser</i> regarding an <i>Entry</i> shall be judged by the <i>ASN</i> having approved the <i>Organising Committee</i>.</p>	<p>GREIN 3.10 VIRÐING FYRIR SKRÁNINGUM</p> <p>3.10.1 Ágreiningur um <i>skráningu</i> milli <i>keppanda</i> og <i>keppnishaldara</i> skal til lykta leiddur af <i>akstursíþróttasambandinu</i> sem samþykkti <i>framkvæmdanefndina</i>.</p>
<p>3.10.2 If the dispute is not resolved before the date of the <i>Competition</i> concerned, any <i>Competitor</i> who, having been entered, or any <i>Driver</i> who, having accepted to take part in that <i>Competition</i>, does not run, will be immediately suspended internationally (temporary withdrawal of their <i>Licence</i>), unless he pays a deposit, the amount of which shall be fixed in each country by the <i>ASN</i>.</p>	<p>3.10.2 Sé ágreiningurinn ekki leystur fyrir keppnisdag viðkomandi <i>keppni</i> dæmist skráður <i>keppandi</i> sem ekki tekur þátt eða <i>ökumaður</i> sem samþykkt hefur að taka þátt í <i>keppni</i> og ekur ekki, umsvifalaust í alþjóðlegt keppnisbann (tímabundin afturköllun á keppnisskírteini) nema viðkomandi greiði tryggingargjald að upphæð sem fastsett skal á landsvísu af <i>akstursíþróttasambandinu</i>.</p>
<p>3.10.3 The payment of this deposit does not imply that a <i>Competitor</i> or a <i>Driver</i> may substitute one <i>Competition</i> for another.</p>	<p>3.10.3 Greiðsla tryggingargjaldsins leiðir ekki af sér rétt <i>keppanda</i> eða <i>ökumanns</i> til að skipta út einni <i>keppni</i> fyrir aðra.</p>
<p>GREIN 3.11 CLOSING OF ENTRIES</p> <p>3.11.1 Dates and times for the closing of <i>Entries</i> must be mentioned in <i>Supplementary Regulations</i>.</p>	<p>GREIN 3.11 LOK SKRÁNINGAR</p> <p>3.11.1 Dagsetning og tími <i>skráningar</i>frests skal koma fram í <i>sérreglum</i>.</p>
<p>3.11.2 As regards <i>International Competitions</i>, closing of <i>Entries</i> must take place at least 7 days prior to the date fixed for the <i>Event</i>. For other <i>Competitions</i>, the time limit may be reduced at the discretion of the relevant <i>ASN</i> or of the <i>FIA</i>.</p>	<p>3.11.2 Í <i>alþjóðakeppnum</i> skulu lok <i>skráningar</i> vera að minnsta kosti 7 dögum fyrir dagsetningu <i>viðburðarins</i>. Fyrir aðrar <i>keppni</i> er <i>akstursíþróttasambandi</i> eða <i>FIA</i> heimilt að stytta þennan tímafrest.</p>
<p>GREIN 3.12 ENTRY MADE BY ELECTRONIC MEANS</p> <p>3.12.1 An <i>Entry</i> may be made by any electronic means of communication provided it is dispatched before the time limit fixed for the closing of <i>Entries</i> and, if need be, the required <i>Entry</i> fee is lodged concurrently.</p>	<p>GREIN 3.12 RAFRÆN SKRÁNING</p> <p>3.12.1 <i>Skráning</i> má vera með rafrænum hætti að því gefnu að hún sé send innan <i>skráningar</i>frests og, þegar það á við, greiðsla <i>skráningargjalds</i> sé innt af hendi á sama tíma.</p>
<p>3.12.2 The time of sending shown on the electronic communication (e.g. email) will be used as conclusive evidence of the time of lodgement of the <i>Entry</i>.</p>	<p>3.12.2 Sendingartími rafræna samskiptamiðilsins (til dæmis tölvupósts) telst fullnægjandi sönnun tímasetningar <i>skráningarinnar</i>.</p>
<p>GREIN 3.13 ENTRY CONTAINING A FALSE STATEMENT</p> <p>3.13.1 Any <i>Entry</i> which contains a false statement shall be considered null and void.</p>	<p>GREIN 3.13 SKRÁNING MEÐ ÓSÖNNUM FULLYRÐINGUM</p> <p>3.13.1 <i>Skráning</i> sem inniheldur ósannar fullyrðingar telst ómarktæk og ógild.</p>
<p>3.13.2 The lodgement of such an <i>Entry</i> shall be deemed a breach of the <i>Code</i>. Moreover, the <i>Entry</i> fee may be forfeited.</p>	<p>3.13.2 Innsending slíkrar <i>skráningar</i> telst brjóta í bága við <i>Reglubókina</i>. Að auki er <i>skráningargjald</i> ekki endurgreitt.</p>
<p>GREIN 3.14 REFUSAL OF ENTRY</p> <p>3.14.1 In the case of an <i>Entry</i> for an <i>International Competition</i> being refused by the <i>Organising Committee</i>, the latter must notify the applicant of such refusal no later than 2 days after the <i>Entry</i> closing date and not less than 5 days before the beginning of the <i>Competition</i>, stating the grounds for such a refusal.</p>	<p>GREIN 3.14 HÖFNUN SKRÁNINGAR</p> <p>3.14.1 Hafni <i>framkvæmdanefnd</i> <i>skráningu</i> í <i>alþjóðlega keppni</i> skal hún láta umsækjanda vita af höfnuninni og gera grein fyrir ástæðum hennar innan 2 daga frá lokum <i>skráningar</i>frests og eigi síðar en 5 dögum fyrir upphaf <i>keppni</i>.</p>

<p>3.14.2 As regards other <i>Competitions</i>, the national regulations may provide other terms as far as the notification of a refusal is concerned.</p>	<p>3.14.2 Í öðrum <i>keppnum</i> mega landsreglur innihalda aðrar forsendur fyrir tilkynningu um höfnun.</p>
<p>GREIN 3.15 CONDITIONAL ENTRIES</p> <p>3.15.1 <i>Supplementary Regulations</i> may provide that <i>Entries</i> shall be accepted under certain well specified conditions as for instance in the case of a limitation on the number of starters, when a vacancy occurs among the other <i>Competitors</i> entered.</p>	<p>GREIN 3.15 SKILYRTAR SKRÁNINGAR</p> <p>3.15.1 <i>Sérreglur</i> mega kveða á um að samþykkt <i>skráningar</i> skuli lúta sérstökum vel skilgreindum skilyrðum eins og til dæmis hvernig farið er með sæti sem losna þegar fjöldi <i>keppenda</i> sem mega hefja keppni er takmarkaður.</p>
<p>3.15.2 A conditional <i>Entry</i> must be notified to the interested party by letter or any electronic means of communication sent no later than the day following the closing of <i>Entries</i>, but the <i>Competitor</i> entered conditionally is not subject to the applicable prescriptions relating to unauthorised substitution of one <i>Competition</i> for another.</p>	<p>3.15.2 Skilyrt <i>skráning</i> skal tilkynnt hlutaðeigandi með bréfi eða rafrænum hætti eigi síðar en daginn eftir að <i>skráningarfresti</i> lýkur en <i>keppandi</i> sem lýtur slíkum skilyrðum fellur ekki undir forsendur um óheimila útskiptingu einnar <i>keppni</i> fyrir aðra.</p>
<p>GREIN 3.16 PUBLISHING OF ENTRIES</p> <p>3.16.1 No <i>Entry</i> may be published unless the <i>Organisers</i> have received a duly completed <i>Entry</i> form accompanied by the <i>Entry</i> fee where applicable.</p>	<p>GREIN 3.16 BIRTING SKRÁNINGA</p> <p>3.16.1 Enga <i>skráningu</i> má birta nema <i>keppnishaldarar</i> hafi mótttekið réttilega útfyllt <i>skráningarform</i> með tilheyrandi <i>skráningargjaldi</i> þegar það á við.</p>
<p>3.16.2 <i>Competitors</i> entered conditionally shall be designated as such when <i>Entries</i> are published.</p>	<p>3.16.2 <i>Keppendur</i> með skilyrta <i>skráningu</i> skulu merktir sem slíkir þegar <i>skráningar</i> eru birtar.</p>
<p>GREIN 3.17 SELECTION OF COMPETITORS</p> <p>3.17.1 Should the applicable regulations provide for a limitation on the number of <i>Entries</i> and/or <i>Automobiles</i> allowed to start, the procedure for the selection of the <i>Entries</i> accepted should be specified in the applicable regulations.</p>	<p>GREIN 3.17 VAL KEPPENDA</p> <p>3.17.1 Ef viðeigandi reglur heimila takmörkun <i>skráninga</i> og/eða <i>ökutækja</i> sem mega ræsa skal ferlið við val <i>skráninga</i> tilgreint í þeim reglum.</p>
<p>3.17.2 Where it is not, selection will be by means of ballot or as determined by the <i>ASN</i>.</p>	<p>3.17.2 Sé það ekki skilgreint skal valið vera með happdrætti eða öðrum hætti ákveðnum af <i>akstursíþróttasambandinu</i>.</p>
<p>GREIN 3.18 NOMINATION OF RESERVES</p> <p>Should any <i>Entries</i> be eliminated in accordance with Article 3.17 of the <i>Code</i>, they may be accepted as a reserve by the <i>Organising Committee</i>.</p>	<p>GREIN 3.18 BIÐLISTI</p> <p>Verði einhverjum <i>skráningum</i> hafnað samkvæmt grein 3.17 í <i>Reglubókinni</i> er <i>framkvæmdanefnd</i> heimilt að samþykkja þær á biðlista til vara.</p>
<p>GREIN 4 TOURING ASSEMBLY</p> <p>GREIN 4.1 ITINERARY</p> <p>The itinerary(ies) of a <i>Touring Assembly</i> may be compulsory, but only with simple passage controls and without any average speed being enforced on participants during the run.</p>	<p>GREIN 4 HÓPAKSTUR</p> <p>GREIN 4.1 LEIÐARLÝSING</p> <p>Skylt getur verið að fylgja leiðarlýsingu(m) <i>hópaksturs</i>, en eingöngu með einföldum eftirlitsstöðvum og án þess að keppendur þurfi að halda ákveðnum meðalhraða í ferðinni.</p>

<p>GREIN 4.2 GENERAL CONDITIONS</p> <p>4.2.1 One or several additional motor sport activities, except speed events, can be included in the programme of a <i>Touring Assembly</i>, but these additional motor sport activities may only take place at the point of arrival.</p>	<p>GREIN 4.2 ALMENN SKILYRÐI</p> <p>4.2.1 Í dagskrá <i>hópakstursins</i> má til viðbótar hafa einn eða fleiri akstursviðburði, en þeir mega eingöngu eiga sér stað á áfangastað og mega ekki vera keppnir í hraða.</p>
<p>4.2.2 The <i>Touring Assemblies</i> must not be allotted any prize money.</p>	<p>4.2.2 Í <i>hópakstri</i> má ekki úthluta peningaverðlaunum.</p>
<p>4.2.3 A <i>Touring Assembly</i> is exempt from entry on the International Sporting Calendar even if the participants therein are of different nationalities, but it cannot be organised in a country without the agreement of the ASN who must approve the regulations.</p>	<p>4.2.3 <i>Hópakstur</i> er undanþeginn skráningu í Alþjóðlega keppnisdagatalið, jafnvel þótt þátttakendur séu af ólíku þjóðerni, en hann má ekki skipuleggja í landi án samþykkis <i>akstursíþróttasambands</i> sem þarf að samþykkja reglurnar.</p>
<p>4.2.4 Regarding organisational details, the regulations must be drawn up in the same spirit as those provided for <i>Competitions</i> in the <i>Code</i>.</p>	<p>4.2.4 Varðandi skipulag, þurfa reglurnar að vera í sama anda og gert er í <i>keppnum</i> í <i>Reglubókinni</i>.</p>
<p>4.2.5 If the route(s) of a <i>Touring Assembly</i> run(s) through the territory of one ASN only, the participants in the said <i>Touring Assembly</i> are not obliged to have <i>Licences</i>.</p>	<p>4.2.5 Ef leið(ir) <i>hópaksturs</i> liggja eingöngu um svæði eins <i>akstursíþróttasambands</i>, þurfa þátttakendur <i>hópakstursins</i> ekki að hafa <i>keppnisskírteini</i>.</p>
<p>4.2.6 In the opposite case, the <i>Touring Assembly</i> must conform to the prescriptions which apply to international <i>Courses</i> and the participants therein must possess the necessary <i>Licences</i>.</p>	<p>4.2.6 Í hinu tilvikinu, þarf <i>hópaksturinn</i> að uppfylla forskriftir sem gilda um alþjóðlegar <i>leiðir</i> og þátttakendur þurfa að vera handhafar viðeigandi <i>keppnisskírteina</i>.</p>
<p>GREIN 5 PARADE</p> <p>GREIN 5.1 CONDITIONS</p> <p>The following conditions must be observed:</p>	<p>GREIN 5 SKRÚÐAKSTUR</p> <p>GREIN 5.1 SKILYRÐI</p> <p>Eftirfarandi skilyrðum þarf að fylgja:</p>
<p>5.1.1 an official car will lead the <i>Parade</i> and another will close it;</p>	<p>5.1.1 formlegur undanfari leiðir <i>skrúðaksturinn</i> og annar eftirfari lokar honum;</p>
<p>5.1.2 these 2 official cars will be driven by experienced drivers under the control of the clerk of the <i>Course</i>;</p>	<p>5.1.2 þessum tveimur bílum er ekið af reyndum ökumönnum undir yfirstjórn <i>brautarstjóra</i>;</p>
<p>5.1.3 overtaking is strictly forbidden;</p>	<p>5.1.3 framúrakstur er stranglega bannaður;</p>
<p>5.1.4 timing is forbidden;</p>	<p>5.1.4 tímataka er bönnuð;</p>
<p>5.1.5 within the framework of an <i>Event</i>, any <i>Parade</i> must be mentioned in the <i>Supplementary Regulations</i> and the <i>Automobiles</i> taking part must be mentioned in the <i>Official Programme</i>.</p>	<p>5.1.5 innan ramma <i>viðburðar</i>, skal taka fram allan <i>skrúðakstur</i> í <i>sérreglum</i> og bílana sem taka þátt þarf að telja upp í <i>dagskrá</i>.</p>
<p>GREIN 5.2 AUTHORISATION</p> <p><i>Parades</i> cannot be organised without express authorisation from the ASN of the organising country.</p>	<p>GREIN 5.2 LEYFI</p> <p><i>Skrúðakstur</i> má ekki skipuleggja án sérstaks leyfis frá <i>akstursíþróttasambandi</i> viðkomandi lands.</p>

<p>GREIN 6 DEMONSTRATION</p> <p>GREIN 6.1 CONDITIONS</p> <p>The following conditions must be observed:</p> <p>6.1.1 <i>Demonstrations</i> are controlled at all times by the clerk of the <i>Course</i>;</p>	<p>GREIN 6 SÝNING</p> <p>GREIN 6.1 SKILYRÐI</p> <p>Eftirfarandi skilyrðum þarf að fylgja:</p> <p>6.1.1 <i>Sýningum</i> er ávallt stjórnað af <i>brautarstjóra</i>;</p>
<p>6.1.2 <i>Demonstrations</i> of more than 5 <i>Automobiles</i> are controlled at all times by a safety car, driven ahead of the field by an experienced <i>Driver</i> under the control of the clerk of the <i>Course</i>;</p>	<p>6.1.2 <i>Sýningum</i> fleiri en 5 <i>ökutækja</i> er ávallt stjórnað af öryggisbíl, eknun á undan hópnunum af reyndum <i>ökumanni</i> undir yfirstjórn <i>brautarstjóra</i>;</p>
<p>6.1.3 all the marshals must be present at their posts (within the framework of an <i>Event</i>), and rescue and signalling services are required;</p>	<p>6.1.3 allir starfsmenn þurfa að vera á sínum stöðvum (innan ramma <i>viðburðar</i>), og björgunar- og merkjáþjónustu er krafist;</p>
<p>6.1.4 arrangements ensuring the safety of the spectators must be in place;</p>	<p>6.1.4 fyrirkomulag sem tryggir öryggi áhorfenda þarf að vera til staðar;</p>
<p>6.1.5 <i>Drivers</i> must wear appropriate safety clothing (<i>FIA</i> approved clothing and helmets are strongly recommended). <i>Organisers</i> may specify minimum clothing standards;</p>	<p>6.1.5 <i>Ökumenn</i> þurfa að klæðast viðeigandi öryggisfatnaði (sterklega er mælt með <i>FIA</i> viðurkenndum fatnaði og hjálmum). <i>Keppnishaldarar</i> geta skilgreint lágmarkskröfur til fatnaðar.</p>
<p>6.1.6 the <i>Automobiles</i> must pass scrutineering on safety grounds;</p>	<p>6.1.6 <i>Ökutækin</i> þurfa að standast skoðun á grundvelli öryggis;</p>
<p>6.1.7 a precise <i>Entry</i> list must be published after scrutineering;</p>	<p>6.1.7 birta skal nákvæman lista <i>skráninga</i> eftir skoðun;</p>
<p>6.1.8 no passengers are allowed except when the <i>Automobiles</i> were originally designed and equipped to transport passengers in the same safety conditions as the <i>Driver</i>, and provided that they wear appropriate safety clothing (the clothing and helmets approved by the <i>FIA</i> are strongly recommended). The <i>Organisers</i> may specify minimum clothing standards;</p>	<p>6.1.8 engir farþegar eru leyfðir nema þegar <i>ökutækin</i> voru upphaflega hönnuð og útbúin til farþegaflutninga með sömu öryggiskröfum og <i>ökumaður</i>, og að því gefnu að þeir klæðist viðeigandi öryggisfatnaði (sterklega er mælt með <i>FIA</i> viðurkenndum fatnaði og hjálmum). <i>Keppnishaldarar</i> geta skilgreint lágmarkskröfur til fatnaðar.</p>
<p>6.1.9 overtaking is strictly forbidden unless under the instructions of marshals showing blue flags;</p>	<p>6.1.9 framúrakstur er stranglega bannaður nema eftir leiðbeiningum starfsmanna sem sýna blá flögg;</p>
<p>6.1.10 timing is forbidden;</p>	<p>6.1.10 tímataka er bönnuð;</p>
<p>6.1.11 within the framework of an <i>Event</i>, any <i>Demonstration</i> must be mentioned in the <i>Supplementary Regulations</i> and the <i>Automobiles</i> taking part must be mentioned in the <i>Official Programme</i>.</p>	<p>6.1.11 innan ramma <i>viðburðar</i> skal hvers konar <i>sýning</i> vera nefnd í <i>sérreglum</i> og <i>ökutækin</i> sem þátt taka verða að vera nefnd í <i>dagskrá</i>.</p>
<p>GREIN 6.2 AUTHORISATION</p> <p><i>Demonstrations</i> cannot be organised without express authorisation from the <i>ASN</i> of the organising country.</p>	<p>GREIN 6.2 LEYFI</p> <p><i>Sýningar</i> má ekki skipuleggja án sérstaks leyfis frá <i>akstursíþróttasambandi</i> viðkomandi lands.</p>

<p>GREIN 7 COURSES AND CIRCUITS</p> <p>GREIN 7.1 INTERNATIONAL COURSES</p> <p>7.1.1 When the <i>Course</i> of a <i>Competition</i> traverses the territory of several countries, the <i>ASN</i> of the <i>Organiser</i> of this <i>Competition</i> must first obtain, prior to the request for registration on the International Sporting Calendar, the consent of each <i>ASN</i> of the countries traversed and of the <i>FIA</i> for those countries which are not represented at the <i>FIA</i>.</p>	<p>GREIN 7 LEIÐIR OG BRAUTIR</p> <p>GREIN 7.1 ALÞJÓÐLEGAR LEIÐIR</p> <p>7.1.1 Þegar <i>leið keppni</i> nær yfir landsvæði nokkurra landa ber <i>akstursíþróttasambandi keppnishaldara keppinnar</i> að fá samþykki allra <i>akstursíþróttasambanda</i> þeirra landa sem farið er um, og hjá <i>FIA</i> fyrir þau lönd sem ekki hafa fulltrúa hjá <i>FIA</i>, áður en sótt er um skráningu í Alþjóðlega keppnisdagatalið.</p>
<p>7.1.2 The <i>ASN</i> of the countries through which the <i>Course</i> of the <i>Competition</i> runs will retain the sporting control over the whole of the <i>Course</i> within the limits of their territory, it being understood however that the final approval of the results of the <i>Competition</i> will be granted by the <i>ASN</i> of the <i>Organiser</i>.</p>	<p>7.1.2 <i>Akstursíþróttasambönd</i> þeirra landa sem <i>leið keppinnar</i> nær yfir hafa íþróttayfirvald yfir þeim hluta <i>leiðarinnar</i> sem liggur á þeirra landsvæði þó viðurkennt sé að endanlegt samþykki úrslita <i>keppinnar</i> liggja hjá <i>akstursíþróttasambandi keppnishaldara</i>.</p>
<p>GREIN 7.2 APPROVAL OF COURSES</p> <p>The selection of any <i>Course</i> shall be approved by the <i>ASN</i> and with the request for such approval a detailed itinerary giving the exact distances to be covered shall be submitted.</p>	<p>GREIN 7.2 SAMÞYKKI LEIÐA</p> <p>Allt <i>leiðarval</i> er háð samþykki <i>akstursíþróttasambandsins</i> og umsókn um slíka samþykkt þarf að fylgja ýtarleg leiðarlýsing með nákvæmum vegalengdum.</p>
<p>GREIN 7.3 MEASUREMENT OF DISTANCES</p> <p>For <i>Competitions</i> other than <i>Record Attempts</i>, distances up to 10 <i>Kilometres</i> shall be measured along the centreline of the <i>Course</i> by a qualified surveyor. Distances over 10 <i>Kilometres</i> shall be determined by the official road markings or by means of an official map to a scale not less than 1:250,000.</p>	<p>GREIN 7.3 VEGALENGDAMÆLING</p> <p>Í <i>keppnum</i> öðrum en <i>metatíltraunum</i> skal hæfur aðili mæla vegalengdir allt að 10 <i>kílómetrum</i> eftir miðlínu <i>leiðar</i>. Vegalengdir yfir 10 <i>kílómetra</i> skal ákvarða af opinberum vegmerkingum eða af opinberu korti í kvarða að lágmarki 1:250.000.</p>
<p>GREIN 7.4 INTERNATIONAL LICENCE FOR A CIRCUIT OR COURSE</p> <p>7.4.1 Application must be made by an <i>ASN</i>, to the <i>FIA</i>, for an international <i>Licence</i> for a permanent or temporary <i>Circuit</i> or <i>Course</i>, if a race or a <i>Record Attempt</i> is envisaged.</p>	<p>GREIN 7.4 ALÞJÓÐLEGT KEPPNISSKÍRTEINI FYRIR BRAUT EÐA LEIÐ</p> <p>7.4.1 Standi til að keppa eða <i>reyna við met</i> ber <i>akstursíþróttasambandi</i> að sækja um alþjóðlegt <i>keppnisskírteini</i> fyrir varanlega eða tímabundna <i>braut</i> eða <i>leið</i> til <i>FIA</i>.</p>
<p>7.4.2 The <i>FIA</i> may license a <i>Circuit</i> for automobile races or a <i>Course</i> for <i>Record Attempts</i> and will appoint an inspector to ensure the <i>Circuit</i> or <i>Course</i> meets the required standards.</p>	<p>7.4.2 <i>FIA</i> getur gefið út skírteini fyrir <i>braut</i> til bifreiðakeppna eða <i>leið</i> til <i>metatíltrauna</i> og tilnefni þá skoðunarmann sem tryggir að <i>braut</i> eða <i>leið</i> standist tilskilda staðla.</p>
<p>7.4.3 The <i>FIA</i>, after consulting with the competent <i>ASN</i> and its inspector, may refuse to grant or may withdraw a <i>Licence</i> but shall state reasons for any such withdrawal or refusal.</p>	<p>7.4.3 <i>FIA</i> er heimilt að höfðu samráði við þar til bært <i>akstursíþróttasamband</i> og skoðunarmann sinn að hafna útgáfu eða afturkalla áður útgefið <i>keppnisskírteini</i> en þarf þá að gera grein fyrir ástæðum slíkrar afturköllunar eða höfnunar.</p>
<p>7.4.4 Information to be given on Course or Circuit Licences</p> <p>7.4.4.a A <i>Licence</i> granted by the <i>FIA</i> shall state the length of the <i>Course</i> or <i>Circuit</i> and, in the case of a race <i>Circuit</i>, a grade indicating the categories of racing cars for which the <i>Licence</i> is valid (see <i>Appendix O</i>).</p> <p>7.4.4.b If appropriate, it shall indicate whether the <i>Course</i> or <i>Circuit</i> is approved for attempts at <i>World Records</i>.</p>	<p>7.4.4 Upplýsingar sem fram þurfa að koma á keppnisskírteinum leiða eða brauta</p> <p>7.4.4.a <i>Keppnisskírteini</i> útgefið af <i>FIA</i> skal tilgreina lengd <i>leiðar</i> eða <i>brautar</i> og, í tilfalli keppnisbrautar, gráðu sem gefur til kynna þá flokka kappakstursbíla sem <i>keppnisskírteinið</i> gildir fyrir (sjá <i>viðauka O</i>).</p> <p>7.4.4.b Þegar það á við skal það tilgreina hvort <i>leið</i> eða <i>braut</i> sé samþykkt til <i>heimsmetstíltrauna</i>.</p>

<p>GREIN 7.5 NATIONAL LICENCE FOR A CIRCUIT OR COURSE</p> <p>An ASN may similarly grant a national <i>Licence</i> for a <i>Circuit</i> or <i>Course</i> on the conditions specified in Articles 7.5.1 and 7.5.2 of the <i>Code</i>.</p> <p>7.5.1 A <i>Licence</i> granted by an ASN shall state the length of the <i>Course</i> or <i>Circuit</i> and whether it is approved for attempts at <i>National Records</i>.</p>	<p>GREIN 7.5 LANDSLEYFI FYRIR BRAUT EÐA LEIÐ</p> <p><i>Akstursíþróttasambandi</i> er að sama skapi heimilt að gefa út <i>landskeppnissskírteini</i> fyrir <i>braut</i> eða <i>leið</i> að uppfylltum skilyrðum greina 7.5.1 og 7.5.2 <i>Reglubókarinnar</i>.</p> <p>7.5.1 <i>Keppnissskírteini</i> útgefið af <i>akstursíþróttasambandi</i> skal tilgreina lengd <i>leiðar</i> eða <i>brautar</i> og hvort hún sé samþykkt til <i>landsmetstillrauna</i>.</p>
<p>7.5.2 It will also contain any rules specific to the <i>Course</i> or <i>Circuit</i>, which <i>Drivers</i> are expected to know and are required to obey.</p>	<p>7.5.2 Þá skal það tilgreina reglur sem eiga við um <i>leiðina</i> eða <i>brautina</i> sérstaklega, sem <i>ökumönnum</i> er ætlað að þekkja og þeir verða að fylgja.</p>
<p>GREIN 7.6 CONDITIONS TO BE FULFILLED FOR BOTH PERMANENT AND TEMPORARY COURSES AND CIRCUITS</p> <p>The conditions to be fulfilled in the case of both permanent and temporary <i>Courses</i> and <i>Circuits</i> are as periodically laid down by the <i>FIA</i>.</p>	<p>GREIN 7.6 SKILYRÐI SEM BÆÐI VARANLEGAR OG TÍMABUNDNAR LEIÐIR OG BRAUTIR VERÐA AÐ UPPFYLLA</p> <p>Skilyrði sem bæði varanlegar og tímabundnar <i>leiðir</i> og <i>brautir</i> verða að uppfylla eru gefnar út annað slagið af <i>FIA</i>.</p>
<p>GREIN 7.7 DISPLAY OF A CIRCUIT LICENCE</p> <p>A <i>Circuit Licence</i>, so long as it is in force, shall be displayed in a prominent position at the <i>Circuit</i>.</p>	<p>GREIN 7.7 BIRTING KEPPNISSSKÍRTEINIS BRAUTAR</p> <p>Á meðan <i>keppnissskírteini</i> <i>brautar</i> er í gildi skal það hanga uppi til birtingar á áberandi stað við <i>brautina</i>.</p>
<p>GREIN 8 STARTS AND HEATS</p> <p>GREIN 8.1 START</p> <p>8.1.1 There are two methods of <i>Start</i>:</p> <p>8.1.1.a the rolling <i>Start</i>;</p> <p>8.1.1.b the standing <i>Start</i>.</p>	<p>GREIN 8 RÆSING OG RIÐLAR</p> <p>GREIN 8.1 RÆSING</p> <p>8.1.1 Til eru tvær gerðir af <i>ræsingu</i>:</p> <p>8.1.1.a <i>ræsing</i> á ferð;</p> <p>8.1.1.b <i>ræsing</i> úr kyrrstöðu.</p>
<p>8.1.2 An <i>Automobile</i> shall be deemed to have started at the moment of the <i>Start</i> regardless of which method is used. Under no circumstances whatsoever shall this signal be repeated.</p>	<p>8.1.2 <i>Ökutæki</i> skal teljast hafa ræst við <i>ræsingu</i> óháð því hvaða gerð <i>ræsingar</i> er notuð. Merki um <i>ræsingu</i> má aldrei endurtaka.</p>
<p>8.1.3 For all <i>Competitions</i> other than <i>Record Attempts</i>, the relevant sporting or <i>Supplementary Regulations</i> shall define the method of the <i>Start</i>.</p>	<p>8.1.3 Viðeigandi íþrótt- eða <i>sérreglur</i> skulu kveða á um gerð <i>ræsingar</i> í öllum <i>keppnum</i> nema <i>metatilraunum</i>.</p>
<p>8.1.4 If timing is employed, this will commence at the <i>Start</i>.</p>	<p>8.1.4 Sé tímamæling viðhöfð hefst hún við <i>ræsingu</i>.</p>
<p>GREIN 8.2 START LINE</p> <p>8.2.1 In all <i>Competitions</i> with a rolling <i>Start</i>, the <i>Start Line</i> is the one which, when crossed, starts the timing of the <i>Automobiles</i>(s).</p>	<p>GREIN 8.2 RÁSLÍNA</p> <p>8.2.1 Í öllum <i>keppnum</i> með <i>ræsingu</i> á ferð er <i>ráslína</i> sú lína þar sem tímamæling <i>ökutækis/-tækja</i> hefst þegar það/þau fara yfir hana.</p>
<p>8.2.2 In <i>Competitions</i> with a standing <i>Start</i>, where there is a grid, the <i>Start Line</i> is the front line of each <i>Automobile's</i> respective grid position.</p>	<p>8.2.2 Í <i>keppnum</i> með <i>ræsingu</i> úr kyrrstöðu þar sem notast er við reitaða uppstillingu, er <i>ráslína</i> framlína reits hvers <i>ökutækis</i> fyrir sig.</p>

<p>8.2.3 In <i>Competitions</i> with a standing Start, where there is no grid, the <i>Start Line</i> is the line in relation to which the position of each <i>Automobile</i> (and if necessary of each <i>Driver</i>) is fixed, prior to the Start.</p>	<p>8.2.3 Í <i>keppnum</i> með <i>ræsingu</i> úr kyrrstöðu þar sem ekki er notast við reitaða uppstillingu er <i>ráslínan</i> sú lína sem notuð er til viðmiðunar við staðsetningu hvers <i>ökutækis</i> (og <i>ökumanns</i> ef það þarf) fyrir <i>ræsingu</i>.</p>
<p>8.2.4 The relevant sporting or <i>Supplementary Regulations</i> shall define the relative positions of all <i>Automobiles</i> before the <i>Start</i> and the method by which these positions are determined.</p>	<p>8.2.4 Viðeigandi íþróttá- eða <i>sérreglur</i> skulu kveða á um afstöðu <i>ökutækja</i> til hvers annars fyrir <i>ræsingu</i> og hvernig staðsetning þeirra skal ákveðin.</p>
<p>GREIN 8.3 ROLLING START</p> <p>8.3.1 A rolling <i>Start</i> occurs when the <i>Automobile</i> is moving at the moment when the timing begins.</p>	<p>GREIN 8.3 RÆSING Á FERÐ</p> <p>8.3.1 <i>Ræsing</i> á ferð gerist þegar <i>ökutæki</i> er á hreyfingu þegar tímataka hefst.</p>
<p>8.3.2 Unless otherwise stipulated in the relevant sporting or <i>Supplementary Regulations</i>, <i>Automobiles</i> are led away from the starting grid by an official car, maintaining their grid order, which may be either in line or side by side as stipulated in the relevant sporting or <i>Supplementary Regulations</i>, which shall also stipulate the procedure should an <i>Automobile</i> fail to take the <i>Start</i> in its assigned position.</p>	<p>8.3.2 Nema annað sé tekið fram í viðeigandi íþróttá- eða <i>sérreglum</i> er <i>ökutækjum</i> fylgt frá rásþól af bíl á vegum keppnishaldara í rásröð sem getur verið annað hvort í línu eða hlið við hlið eftir því sem tekið er fram í viðeigandi íþróttá- eða <i>sérreglum</i>. Þar skal einnig koma fram hvaða ferli skal fylgja <i>ræsi ökutæki</i> ekki frá úthlutaðri staðsetningu sinni.</p>
<p>8.3.3 When the official car leaves the track, the field continues in order behind the leading <i>Automobile</i>. The starting signal shall be given. However, unless otherwise stipulated in the relevant sporting or <i>Supplementary Regulations</i>, the race shall not be considered to have started until the <i>Automobiles</i> pass the <i>Start Line</i> and timing shall commence when the leading <i>Automobile</i> passes that line.</p>	<p>8.3.3 Þegar bíll keppnishaldara yfirgefur keppnisbrautina heldur hópurinn áfram í röð á eftir fremsta <i>ökutækinu</i>. Ræsimerkið skal gefið. Nema annað sé tekið fram í viðeigandi íþróttá- eða <i>sérreglum</i> skal keppnin hins vegar ekki teljast hafin fyrr en <i>ökutækin</i> fara yfir <i>ráslínum</i> og tímataka skal hefjast þegar fremsta <i>ökutækið</i> fer yfir <i>ráslínum</i>.</p>
<p>GREIN 8.4 STANDING START</p> <p>8.4.1 A standing <i>Start</i> occurs when the <i>Automobile</i> is stationary at the moment when the order to start is given.</p>	<p>GREIN 8.4 RÆSING ÚR KYRRSTÖÐU</p> <p>8.4.1 <i>Ræsing</i> úr kyrrstöðu gerist þegar <i>ökutækið</i> er kyrrstætt þegar merki um að fara af stað er gefið.</p>
<p>8.4.2 For a <i>Record Attempt</i> with a standing <i>Start</i>, the <i>Automobile</i> must be stationary with that part which operates the timing not more than 10 cm behind the <i>Start Line</i>. The engine of the <i>Automobile</i> shall be running before the <i>Start</i>.</p>	<p>8.4.2 Í <i>metatilraun</i> með <i>ræsingu</i> úr kyrrstöðu skal <i>ökutækið</i> vera kyrrstætt með þann hluta þess sem varðar tímátökuna að hámarki 10 sentimetra fyrir aftan <i>ráslínum</i>. Vél <i>ökutækisins</i> skal vera í gangi fyrir <i>ræsingu</i>.</p>
<p>8.4.3 For all other <i>Competitions</i> with a standing <i>Start</i>, the <i>Supplementary Regulations</i> shall stipulate whether, before the starting signal is given, the engine shall be running or stopped.</p>	<p>8.4.3 Í öllum öðrum <i>keppnum</i> með <i>ræsingu</i> úr kyrrstöðu skulu <i>sérreglur</i> kveða á um hvort vélin skal vera í gangi eða ekki fyrir merki um að fara af stað.</p>
<p>8.4.4 For <i>Automobiles</i> starting singly or in line abreast</p> <p>8.4.4.a If timing is done by automatic timing systems, the <i>Automobile</i> or <i>Automobiles</i> shall be placed before the <i>Start</i> as defined above for <i>Record Attempts</i> with a standing <i>Start</i>.</p> <p>8.4.4.b If timing is done by means of a watch or with a timing system not triggered automatically, the <i>Automobile</i> or <i>Automobiles</i> shall be placed before the <i>Start</i> with that part of the front wheels touching the ground placed on the <i>Start Line</i>.</p>	<p>8.4.4 Fyrir <i>ökutæki</i> sem byrja stök eða samsíða í línu</p> <p>8.4.4.a Sé tímataka gerð með sjálfvirkum tímátökukerfum skal raða <i>ökutækinu/-tækjunum</i> upp fyrir <i>ræsingu</i> eins og kveðið er á um hér að ofan fyrir <i>metatilraun</i> með <i>ræsingu</i> úr kyrrstöðu.</p> <p>8.4.4.b Sé tímataka gerð með klukku eða tímátökukerfi sem ekki er virkjað sjálfvirkt skal staðsetja <i>ökutækið</i> eða <i>ökutækin</i> fyrir <i>ræsingu</i> þannig að sá hluti framhjóla sem snertir jörðina sé á <i>ráslínum</i>.</p>

<p>8.4.5 For <i>Automobiles</i> starting from a grid formation</p> <p>8.4.5.a Whatever the starting positions relative to the <i>Start Line</i> laid down by the relevant sporting or <i>Supplementary Regulations</i>, the timing shall begin when the signal to start is given.</p> <p>8.4.5.b From then on, if the race is on a closed <i>Circuit</i>, as from the end of the first lap, each <i>Automobile</i> will be timed as it crosses the <i>Control line</i>, unless the above-mentioned regulations dictate otherwise. Further:</p> <ul style="list-style-type: none"> • if the <i>Control Line</i> is before the <i>Start Line</i> or the pit lane end, each <i>Automobile</i> is considered to have completed one lap as it crosses the <i>Control Line</i> for the first time, or • if the <i>Control Line</i> is after the <i>Start Line</i> or the pit lane end, each <i>Automobile</i> is considered to have completed one lap as it crosses the <i>Control Line</i> for the second time. 	<p>8.4.5 Fyrir <i>ökutæki</i> sem byrja í reitaðri uppstillingu</p> <p>8.4.5.a Hvernig sem viðeigandi íþrótta- eða <i>sérreglur</i> kveða á um rásstaðsetningu miðað við <i>ráslínuna</i> skal tímataka hefjast þegar merki um að byrja er gefið.</p> <p>8.4.5.b Sé keppt á lokaðri <i>braut</i> skal hvert <i>ökutæki</i> tímamælt þegar það kemur yfir viðmiðunarlínuna frá þeirri stundu að loknum fyrsta hring nema ofangreindar reglur kveði á um annað. Auk þess:</p> <ul style="list-style-type: none"> - sé <i>viðmiðunarlínan</i> á undan <i>ráslínu</i> eða enda pitt akreinar telst hvert <i>ökutæki</i> hafa lokið einum hring þegar það fer yfir hana í fyrsta sinn en - sé <i>viðmiðunarlínan</i> á eftir <i>ráslínu</i> eða enda pitt akreinar telst hvert <i>ökutæki</i> hafa lokið einum hring þegar það fer yfir hana í annað sinn.
<p>8.4.6 After final publication of the starting grid, the places of any non-starters shall be left empty, the other <i>Automobiles</i> retaining their published positions on the grid.</p>	<p>8.4.6 Þegar rásreitir hafa verið gefnir út endanlega skulu reitir þeirra sem ekki byrja vera auðir og önnur <i>ökutæki</i> halda útgefnum rásreit.</p>
<p>GREIN 8.5 STARTER</p> <p>In any international speed <i>Competition</i>, the starter shall be the clerk of the <i>Course</i> or the race director unless either appoints another official to carry out this function.</p>	<p>GREIN 8.5 RÆSIR</p> <p>Í alþjóðlegri hraðakeppni skal ræsir vera <i>brautarstjórinn</i> eða keppnisstjórinn nema annar hvor tilnefni annan starfsmann til að sinna þessu hlutverki.</p>
<p>GREIN 8.6 FALSE START</p> <p>8.6.1 A false <i>Start</i> occurs when an <i>Automobile</i> is not positioned for the <i>Start</i> as follows:</p> <p>8.6.1.a At a <i>Circuit</i>:</p> <p>For a standing <i>Start</i>,</p> <ul style="list-style-type: none"> • must be stationary at its allocated grid box with no part of the contact patch of its front tyres outside of the lines (front and sides) at the time of the <i>Start</i> signal. <p>For a rolling <i>Start</i>,</p> <ul style="list-style-type: none"> • must not accelerate early or unevenly and must maintain its allocated grid position as it traverses the grid travelling within its lines or grid boxes until the <i>Start</i> signal is given. <p>8.6.1.b In disciplines with a standing <i>Start</i> where the <i>Automobiles</i> start from a position designated by the officials:</p> <ul style="list-style-type: none"> • the <i>Automobile</i> must stop precisely at the position as indicated by the official and may subsequently not move forward, backward, or outside of that position until the <i>Start</i> signal is given. <p>8.6.1.c The relevant sporting regulations, <i>Supplementary Regulations</i>, the race director (if appointed) or clerk of the <i>Course</i> may vary these requirements.</p>	<p>GREIN 8.6 ÞJÓFSTART</p> <p>8.6.1 Það skal teljast þjófstart (jafngildi <i>þjófræsingar</i>) þegar <i>ökutæki</i> er ekki staðsett fyrir ræsingu eins greint er hér að neðan:</p> <p>8.6.1.a Á <i>braut</i>:</p> <p>Fyrir ræsingu úr kyrrstöðu,</p> <ul style="list-style-type: none"> - verður það að vera kyrrstætt á úthlutuðum rásreit þannig að enginn hluti snertiflatar framdekkja nái út fyrir fram- og hliðarlínur rásreistins þegar rásmerki er gefið. <p>Fyrir ræsingu á ferð,</p> <ul style="list-style-type: none"> - má það ekki auka hraðann snemma eða með óreglulegum hætti og skal halda sæti sínu í rásröðinni á meðan það ferðast um rás svæðið þar til rásmerki er gefið. <p>8.6.1.b Í keppnisgreinum með ræsingu úr kyrrstöðu þar sem <i>ökutæki</i> ræsa frá stað ákveðnum af starfsmönnum:</p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>ökutækið</i> verður að nema staðar á nákvæmlega þeim stað sem starfsmaður gefur til kynna og má eftir það ekki hreyfast aftur á bak eða áfram eða fara úr þeirri stöðu fyrr en rásmerki er gefið. <p>8.6.1.c Viðeigandi íþrótta- og <i>sérreglur</i>, keppnisstjóri (sé hann skipaður) eða <i>brautarstjóri</i> mega víkja frá þessum skilyrðum.</p>

8.6.2 Any false <i>Start</i> shall be deemed to be a breach of these regulations.	8.6.2 Hvers kyns þjófstart telst brot á þessum reglum.
GREIN 8.7 HEATS	GREIN 8.7 RIÐLAR
8.7.1 A <i>Competition</i> may be started in heats, the composition of which must be determined by the <i>Organising Committee</i> and published in the <i>Official Programme</i> .	8.7.1 <i>Keppni</i> er heimilt að hefja í riðlum sem ákveðnir eru af <i>framkvæmdanefndinni</i> og skal birta upplýsingar um þá í <i>dagskránni</i> .
8.7.2 The composition of these heats may be modified if required, but only by the stewards.	8.7.2 Dómnefnd er heimilt að breyta samsetningu riðla ef þörf krefur.
GREIN 8.8 DEAD HEATS	GREIN 8.8 JAFNTEFLI
In the case of a dead heat the <i>Competitors</i> shall either share the prize allotted to their place in the classification, and the following available prize or prizes, or, if all the <i>Competitors</i> agree, the stewards may authorise a further <i>Competition</i> restricted to the <i>Competitors</i> concerned, and impose conditions therefore, but in no case whatsoever shall the first <i>Competition</i> be re-run.	Komi upp jafntefli skulu <i>keppendur</i> annað hvort deila þeim verðlaunum sem tilgreind eru fyrir þeirra sæti í úrslitum og öðrum verðlaunum sem um ræðir eða, ef allir <i>keppendur</i> veita samþykki sitt, má dómnefnd heimila aðra <i>keppni</i> takmarkaða við þá <i>keppendur</i> sem jafnir voru og setja skilyrði fyrir henni, en upphaflega <i>keppnin</i> skal ekki endurtekin undir neinum kringumstæðum.
GREIN 9 COMPETITORS AND DRIVERS	GREIN 9 KEPPENDUR OG ÖKUMENN
GREIN 9.1 REGISTRATION OF COMPETITORS AND DRIVERS	GREIN 9.1 SKRÁNING KEPPENDA OG ÖKUMANNA
9.1.1 Any person wishing to qualify as a <i>Competitor</i> or as a <i>Driver</i> shall make a formal application for a <i>Licence</i> to the <i>ASN</i> of the country of which he is a citizen.	9.1.1 Einstaklingur sem vill gerast <i>keppandi</i> eða <i>ökumaður</i> skal sækja formlega um <i>keppnisskírteini</i> til <i>akstursíþróttasambands</i> lands síns ríkisfangs.
9.1.2 If no <i>Competitor</i> is listed on the <i>Entry</i> application, the first <i>Driver</i> is deemed also to be the <i>Competitor</i> and must hold the two corresponding <i>Licences</i> .	9.1.2 Sé enginn <i>keppandi</i> tilgreindur á <i>skráningar</i> verkefningunni telst fyrsti <i>ökumaður</i> vera <i>keppandi</i> og handhafi beggja <i>keppnisskírteina</i> .
GREIN 9.2 ISSUING OF LICENCES	GREIN 9.2 ÚTGÁFA KEPPNISSKÍRTEINA
9.2.1 Certificates of registration drawn up in accordance with a format approved by the <i>FIA</i> , bearing the name of the <i>ASN</i> and termed either " <i>Competitor's Licence</i> ", " <i>Driver's Licence</i> " or " <i>Licences for participants with special abilities</i> " as defined in <i>Appendix L</i> , may be issued by the <i>ASN</i> .	9.2.1 <i>Akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að gefa út skráningarvottorð til samræmis við framsetningu samþykktu af <i>FIA</i> þar sem fram kemur nafn sambandsins og ýmist " <i>Keppnisskírteini keppanda</i> ", " <i>Keppnisskírteini ökumanns</i> " eða " <i>Keppnisskírteini fatlaðra</i> " eins og kveðið er á um í viðauka L.
9.2.2 Three kinds of <i>International Licences</i> have been established i.e.:	9.2.2 Til eru þrjár gerðir alþjóðlegra keppnisskírteina sem eru:
9.2.2.a <i>Competitor's Licence</i> ;	9.2.2.a <i>Keppnisskírteini keppanda</i> ;
9.2.2.b <i>Driver's Licence</i> ;	9.2.2.b <i>Keppnisskírteini ökumanns</i> ;
9.2.2.c <i>Licences for participants with special abilities</i> .	9.2.2.c <i>Keppnisskírteini fatlaðra</i> .
9.2.3 Each <i>ASN</i> is authorised to issue <i>International Licences</i> .	9.2.3 <i>Akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að gefa út alþjóðleg keppnisskírteini.

<p>9.2.4 An ASN may also issue national <i>Licences</i>, the type of which may be chosen by that ASN. It may use for that purpose the <i>International Licences</i> by adding an inscription which will restrict the validity to its country only, or to a specific category of <i>Competition</i>.</p>	<p>9.2.4 <i>Akstursíþróttasambandi</i> er einnig heimilt að gefa út <i>keppnisskírteini</i> fyrir sitt land af þeim gerðum sem það kys. Þá er heimilt að nýta <i>alþjóðleg keppnisskírteini</i> í þeim tilgangi að viðbættri áritun um takmörkun gildissviðs við land sambandsins eða ákveðna flokka í <i>keppni</i>.</p>
<p>GREIN 9.3 RIGHT OF ISSUING LICENCES</p> <p>9.3.1 Each ASN shall be entitled to issue <i>Licences</i> to its nationals.</p>	<p>GREIN 9.3 RÉTTUR TIL ÚTGÁFU KEPPNISSKÍRTEINA</p> <p>9.3.1 Hverju <i>akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að gefa út <i>keppnisskírteini</i> til sinna þjóðþegna.</p>
<p>9.3.2 Each ASN shall be entitled to issue <i>Licences</i> to the nationals of other countries represented within the <i>FIA</i>, in compliance with the following mandatory conditions:</p> <p>9.3.2.a that their <i>Parent ASN</i> gives its prior agreement to the issuing, which may only take place once a year and in special cases;</p> <p>9.3.2.b that they can produce for their <i>Parent ASN</i> (the country of their passport) proof of permanent residence in the other country (any person aged less than 18 years on the day of the request must also provide an attestation that they are in full-time education in the other country);</p>	<p>9.3.2 Hverju <i>akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að gefa út <i>keppnisskírteini</i> til þegna annarra þjóða sem fulltrúa eiga innan <i>FIA</i> að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:</p> <p>9.3.2.a að fyrir útgáfu gefi <i>viðeigandi akstursíþróttasamband</i> leyfi fyrir henni sem þó er aðeins heimilt einu sinni á ári og í sérstökum tilfellum;</p> <p>9.3.2.b að þeir geti sýnt <i>viðeigandi akstursíþróttasambandi</i> (þess lands sem gefur út vegabréf þeirra) sönnun fyrir fastri búsetu í hinu landinu (einstaklingar undir 18 ára aldri daginn sem beiðnin er sett fram verða einnig að sýna fram á að vera í fullu námi í hinu landinu);</p>
<p>9.3.2.c that their <i>Parent ASN</i> has recovered the <i>Licence</i> originally issued.</p>	<p>9.3.2.c að <i>viðeigandi akstursíþróttasamband</i> hafi endurheimt upphaflega útgefið <i>keppnisskírteini</i>.</p>
<p>9.3.3 No person authorised by their <i>Parent ASN</i> to apply for a <i>Licence</i> from another ASN shall hold a <i>Licence</i> from their <i>Parent ASN</i> valid for the current year.</p>	<p>9.3.3 Einstaklingur sem fær heimild <i>viðeigandi akstursíþróttasambands</i> til að sækja um keppnisskírteini frá öðru <i>akstursíþróttasambandi</i> má ekki vera handhafi <i>keppnisskírteinis</i> frá <i>viðeigandi akstursíþróttasambandi</i> sem gildir á líðandi ári.</p>
<p>9.3.4 If, however, for very special reasons, a licence-holder wishes to change the nationality of his <i>Licence</i> during the current year, he would only be able to do so after having obtained his <i>Parent ASN's</i> consent and once his old <i>Licence</i> has been taken back by his <i>Parent ASN</i>.</p>	<p>9.3.4 Óski leyfishafi hins vegar af einhverjum ástæðum eftir breyttu þjóðerni á <i>keppnisskírteini</i> sínu á líðandi ári er það aðeins hægt að fengnu samþykki <i>viðeigandi akstursíþróttasambands</i> hans og eftir að það hefur endurheimt gamla <i>keppnisskírteinið</i>.</p>
<p>9.3.5 An ASN may also grant a <i>Licence</i> to a foreigner belonging to a country not yet represented within the <i>FIA</i>, with the <i>FIA's</i> prior agreement. The ASN shall advise the <i>FIA</i> of any refusal on its part to comply with a request of this nature.</p>	<p>9.3.5 <i>Akstursíþróttasambandi</i> er einnig heimilt að gefa út keppnisskírteini til útlendinga sem tilheyrir landi sem ekki hefur fulltrúa innan <i>FIA</i> að fengnu samþykki <i>FIA</i>. <i>Akstursíþróttasambandinu</i> ber að tilkynna <i>FIA</i> um höfnun beiðni af þessu tagi.</p>
<p>9.3.6 Exceptionally bona fide students at an ASN-recognised competition driving school may take part in up to two <i>National Competitions</i> organised by that school on the strict condition that they have the agreement of both their <i>Parent ASN</i> and the host ASN. In such cases, their original <i>Licence</i> must be lodged with the host ASN, which will then issue a suitable <i>Licence</i> for the <i>Competition</i>. This <i>Licence</i> will be exchanged for their original <i>Licence</i> at the conclusion of the <i>Competition(s)</i>.</p>	<p>9.3.6 Sérstaklega hæfir nemendur akstursíþróttaskóla viðurkenndum af <i>akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að taka þátt í allt að tveimur <i>landskeppnum</i> sem skólinn stendur fyrir að því gefnu að fyrir liggja samþykki frá bæði <i>viðeigandi akstursíþróttasambandi</i> og <i>akstursíþróttasambandinu</i> sem keppnin heyrir undir. Í slíkum tilfellum skulu þeir leggja inn upprunalegt <i>keppnisskírteini</i> sitt til <i>akstursíþróttasambandsins</i> sem keppnin heyrir undir sem svo gefur út viðeigandi <i>keppnisskírteini</i> fyrir <i>keppnina</i>. Að lokinni <i>keppni/keppnum</i> fæst upphaflega <i>keppnisskírteinið</i> afhent gegn afhendingu þess sérútgefna.</p>

<p>GREIN 9.4 NATIONALITY OF A COMPETITOR OR DRIVER</p> <p>9.4.1 As far as the application of the <i>Code</i> is concerned, any <i>Competitor</i> or <i>Driver</i> who has obtained their <i>Licence</i> from an <i>ASN</i> takes the nationality of that <i>ASN</i> for the period of validity of that <i>Licence</i>.</p>	<p>GREIN 9.4 ÞJÓÐERNI KEPPANDA EÐA ÖKUMANNIS</p> <p>9.4.1 Þjóðerni <i>keppanda</i> eða <i>ökumanns</i> ræðst af landi þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem gaf út <i>keppnisskírteini</i> hans í öllum málum sem varða beitingu <i>Reglubókarinnar</i> á meðan það er í gildi.</p>
<p>9.4.2 All <i>Drivers</i>, irrespective of the nationality of their <i>Licence</i>, participating in any <i>FIA World Championship Competition</i>, shall retain the nationality of their passport in all official documents, publications and prize-giving ceremonies.</p>	<p>9.4.2 Allir <i>ökumenn</i>, óháð þjóðerni sem skráð er í <i>keppnisskírteini</i> þeirra, sem þátt taka í einhverri <i>FIA</i> heimsmeistaramótskeppni, skulu halda því þjóðerni sem skráð er í vegabréf þeirra í öllum formlegum skjölum, útgefnu efni og við verðlaunaafhendingar.</p>
<p>GREIN 9.5 REFUSAL OF LICENCE</p> <p>9.5.1 An <i>ASN</i> or the <i>FIA</i> may refuse to issue a <i>Licence</i> to an applicant who does not meet the national or international criteria applicable to the <i>Licence</i> applied for.</p>	<p>GREIN 9.5 SYNJUN KEPPNISSKÍRTEINIS</p> <p>9.5.1 <i>Akstursíþróttasamband</i> eða <i>FIA</i> geta hafnað útgáfu <i>keppnisskírteinis</i> til umsækjanda sem stenst ekki sett lands- eða alþjóðleg skilyrði fyrir útgáfu þess <i>keppnisskírteinis</i> sem sótt er um.</p>
<p>9.5.2 The reasons for any such refusal shall be stated.</p>	<p>9.5.2 Gefa þarf upp ástæðu slíkrar höfnunar komi til hennar.</p>
<p>GREIN 9.6 PERIOD DURING WHICH A LICENCE IS VALID</p> <p><i>Licences</i> shall expire on the 31st of December each year unless, in the case of a national <i>Licence</i>, the <i>ASN</i> decides otherwise.</p>	<p>GREIN 9.6 GILDISTÍMI KEPPNISSKÍRTEINIS</p> <p><i>Keppnisskírteini</i> renna út 31. desember ár hvert en þó er <i>akstursíþróttasambandi</i> heimilt að hafa annan gildistíma á landskeppnisskírteinum.</p>
<p>GREIN 9.7 FEE CHARGEABLE FOR A LICENCE</p> <p>9.7.1 A fee may be charged by an <i>ASN</i> for the issuing of a <i>Licence</i>, and that fee shall be fixed each year by the <i>ASN</i>.</p>	<p>GREIN 9.7 GJALD FYRIR KEPPNISSKÍRTEINI</p> <p>9.7.1 <i>Akstursíþróttasambandi</i> er heimilt að innheimta gjald fyrir útgáfu <i>keppnisskírteinis</i> og skal það ákveða fast gjald árlega.</p>
<p>9.7.2 The <i>FIA</i> must be advised by the <i>ASN</i> of the fees charged for <i>International Licences</i>.</p>	<p>9.7.2 <i>Akstursíþróttasambandinu</i> ber að upplýsa <i>FIA</i> um gjöld sem innheimt eru fyrir alþjóðleg <i>keppnisskírteini</i>.</p>
<p>GREIN 9.8 VALIDITY OF LICENCE</p> <p>9.8.1 A <i>Competitor's</i> or <i>Driver's Licence</i> issued by an <i>ASN</i> shall be valid in all countries represented on the <i>FIA</i> and shall entitle the holder to enter or drive in all <i>Competitions</i> organised under the control of the <i>ASN</i> which issued the <i>Licence</i>, and also in all <i>Competitions</i> appearing on the International Sporting Calendar, subject to the conditions mentioned in the <i>Code</i> concerning the approval of the <i>ASN</i>.</p>	<p>GREIN 9.8 GJALDGENGI KEPPNISSKÍRTEINIS</p> <p>9.8.1 <i>Keppnisskírteini keppanda</i> eða <i>ökumanns</i> útgefið af <i>akstursíþróttasambandi</i> gildir í öllum löndum sem fulltrúa eiga hjá <i>FIA</i> og veitir handhafa þess rétt til skráningar eða aksturs í öllum <i>keppnum</i> skipulögðum af <i>akstursíþróttasambandinu</i> sem það gaf út og öllum <i>keppnum</i> í Alþjóðlega keppnisdagatalinu að þeim skilyrðum uppfylltum sem fram koma í <i>Reglubókinni</i> um samþykki <i>akstursíþróttasambandsins</i>.</p>
<p>9.8.2 For restricted <i>Competitions</i>, the licence-holder must observe the special conditions contained in the applicable sporting regulations or in the <i>Supplementary Regulations</i>.</p>	<p>9.8.2 Þegar um takmarkaðar <i>keppnir</i> er að ræða ber handhafa <i>keppnisskírteinis</i> að virða sérstök skilyrði sem fram kunna að koma í viðeigandi íþrótt- eða <i>sérreglum</i>.</p>
<p>GREIN 9.9 PRODUCTION OF LICENCE</p> <p>A <i>Competitor</i> or a <i>Driver</i> at an <i>Event</i> shall produce their <i>Licence</i> at the request of a duly authorised official of that <i>Event</i></p>	<p>GREIN 9.9 FRAMVÍSUN KEPPNISSKÍRTEINIS</p> <p><i>Keppanda</i> eða <i>ökumanni</i> ber að framvísa <i>keppnisskírteini</i> sínu á viðburði ef þess er krafist af þar til bærum starfsmanni.</p>

<p>GREIN 9.10 ENTRIES IN UNRECOGNISED COMPETITIONS</p> <p>9.10.1 Any licence-holder participating in an unrecognised <i>Competition</i> may be subject to the sanctions provided for in the <i>Code</i>.</p>	<p>GREIN 9.10 SKRÁNINGAR Í ÓSAMÞYKKTAR KEPPNIR</p> <p>9.10.1 Beita má handhafa <i>keppnisskírteinis</i> sem þátt tekur í ósamþykktari <i>keppni</i> refsingum samkvæmt <i>Reglubókinni</i>.</p>
<p>9.10.2 In the event of a <i>Suspension</i>, where the unrecognised <i>Competition</i> has been or is to be held outside the jurisdiction of such <i>ASN</i>, the two <i>ASNs</i> concerned shall agree as to the duration of the <i>Suspension</i> and should they fail to so agree, the matter shall be referred to the <i>FIA</i>.</p>	<p>9.10.2 Komi til <i>sviptingar</i> í tilfelli þar sem ósamþykkt <i>keppni</i> fer fram eða á að fara fram utan yfirráðasvæðis <i>akstursíþróttasambands</i> sem handhafa <i>keppnisskírteinis</i> tilheyrir skulu <i>akstursíþróttasamböndin</i> tvö sem málið varðar koma sér saman um lengd <i>sviptingarinnar</i> og nái þau ekki samkomulagi um hana skal málinu vísað til <i>FIA</i>.</p>
<p>9.10.3.a Only those National <i>Competitions</i> appearing on the calendar of the <i>ASN</i> concerned are officially recognised.</p> <p>9.10.3.b Only those <i>International Competitions</i>, other than <i>Record Attempts</i>, appearing on the International Sporting Calendar posted on the Internet site <i>www.fia.com</i> are officially recognised.</p>	<p>9.10.3.a Einu formlega samþykktu landskeppnirnar eru þær sem skráðar eru í keppnisdagatal viðeigandi <i>akstursíþróttasambands</i>.</p> <p>9.10.3.b Fyrir utan <i>metatilraunir</i> eru <i>alþjóðlegu keppnirnar</i> sem birtast í Alþjóðlega keppnisdagatalinu á vefsvæðinu <i>www.fia.com</i> einu <i>alþjóðlegu keppnirnar</i> sem eru formlega samþykktar.</p>
<p>GREIN 9.11 MEDICAL SURVEILLANCE</p> <p>Any <i>Driver</i> participating in <i>International Competitions</i> must be able to show on request a medical certificate of aptitude in accordance with the requirements of <i>Appendix L</i>.</p>	<p>GREIN 9.11 HEILBRIGÐISEFTIRLIT</p> <p><i>Ökumaður</i> sem þátt tekur í <i>alþjóðlegri keppni</i> verður að geta framvísað læknisvottorði til staðfestingar hæfni í samræmi við <i>viðauka L</i> sé þess krafist.</p>
<p>GREIN 9.12 PSEUDONYM</p> <p>9.12.1 If a <i>Licence</i> is requested under a pseudonym, special application shall be made to the <i>ASN</i> concerned.</p>	<p>GREIN 9.12 GÆLUNAFN</p> <p>9.12.1 Sé umsókn um <i>keppnisskírteini</i> gerð undir dulnefni þarf að sækja um það sérstaklega til viðeigandi <i>akstursíþróttasambands</i>.</p>
<p>9.12.2 In such cases a <i>Licence</i> will be issued in the assumed name if approved.</p>	<p>9.12.2 Í slíkum tilfellum verður <i>keppnisskírteinið</i> gefið út á dulnefnið ef umsóknin er samþykkt.</p>
<p>9.12.3 The licence-holder, for so long as they are registered under a pseudonym, shall not take part in any <i>Competition</i> under any other name.</p>	<p>9.12.3 Skírteinishafa er ekki heimilt að taka þátt í neinni <i>keppni</i> undir öðru nafni en dulnefninu svo lengi sem sú skráning er í gildi.</p>
<p>9.12.4 An alteration of a pseudonym shall necessitate the same procedure being followed as for the original name.</p>	<p>9.12.4 Breyting dulnefnis skal gerð á sama hátt og þegar sótt var um upphaflega dulnefnið.</p>
<p>9.12.5 A person registered under a pseudonym shall not revert to the use of their own name until they have obtained a new <i>Licence</i> under their own name from the <i>ASN</i>.</p>	<p>9.12.5 Einstaklingi sem skráður er undir dulnefni er óheimilt að nota eigin nafn fyrr en nýtt <i>keppnisskírteini</i> hefur verið gefið út á eigin nafnið af <i>akstursíþróttasambandinu</i>.</p>
<p>GREIN 9.13 CHANGE OF ENTERED DRIVER</p> <p>9.13.1 A change of entered <i>Driver</i> may be made prior to the close of <i>Entries</i> provided this is not prohibited in any applicable regulations.</p>	<p>GREIN 9.13 SKRÁÐUM ÖKUMANNI SKIPT ÚT</p> <p>9.13.1 Heimilt er að skipta um skráðan <i>ökumann</i> fram að lokum <i>skráningarfrests</i> svo fremi sem það sé ekki bannað í neinum viðeigandi reglum.</p>
<p>9.13.2 A change of entered <i>Driver</i> may be made after the close of <i>Entries</i> only with the approval of the <i>Organising Committee</i> and only if it does not involve a change of <i>Competitor</i>.</p>	<p>9.13.2 Að <i>skráningarfresti</i> loknum er aðeins heimilt að skipta um skráðan <i>ökumann</i> með heimild <i>framkvæmdanefndar</i> og þá aðeins að það feli ekki í sér <i>keppandaskipti</i>.</p>

<p>GREIN 9.14 IDENTIFICATION NUMBERS</p> <p>During a <i>Competition</i> each <i>Automobile</i> shall carry prominently displayed, one or more numbers or marks in conformity with the relevant provisions of the <i>Code</i>, unless otherwise provided for in any applicable regulations.</p>	<p>GREIN 9.14 AUÐKENNISNÚMÉR</p> <p>Á meðan á <i>keppni</i> stendur skal hvert <i>ökutæki</i> bera eitt eða fleiri númer eða merki á áberandi hátt í samræmi við viðeigandi greinar <i>Reglubókarinnar</i> nema annað komi fram í viðeigandi reglum.</p>
<p>GREIN 9.15 RESPONSIBILITY OF THE COMPETITOR</p> <p>9.15.1 The <i>Competitor</i> shall be responsible for all acts or omissions on the part of any person taking part in, or providing a service in connection with, a <i>Competition</i> or a <i>Championship</i> on their behalf, including in particular their employees, direct or indirect, their <i>Drivers</i>, mechanics, consultants, service providers, or passengers, as well as any person to whom the <i>Competitor</i> has allowed access to the <i>Reserved Areas</i>.</p>	<p>GREIN 9.15 SKYLDUR KEPPANDA</p> <p>9.15.1 <i>Keppandi</i> ber ábyrgð á gjörðum eða aðgerðaleyfi allra einstaklinga sem honum tengjast eða þjóna í tengslum við <i>keppni</i> eða <i>mót</i>, sérstaklega beinum eða óbeinum starfsmönnum, <i>ökumönnum</i>, þjónustuliði, fulltrúum, þjónustuveitendum eða farþegum sem og hverjum þeim sem <i>keppandi</i> hefur veitt aðgang að <i>fráteknu svæðunum</i>.</p>
<p>9.15.2 In addition, each of these persons shall be equally responsible for any breach of the <i>Code</i>, of the regulations of the <i>FIA</i> if appropriate, or of the national rules of the <i>ASN</i> concerned.</p>	<p>9.15.2 Að auki ber hver þessara einstaklinga jafna ábyrgð á hvers konar brotum á því sem fram kemur í <i>Reglubókinni</i>, reglum <i>FIA</i> þegar það á við, eða landsreglum viðeigandi <i>akstursíþróttasambands</i>.</p>
<p>9.15.3 Upon request of the <i>FIA</i>, the <i>Competitor</i> must provide the <i>FIA</i> with the full list of persons taking part in, or providing a service in connection with, a <i>Competition</i> or a <i>Championship</i> on their behalf.</p>	<p>9.15.3 Geri <i>FIA</i> kröfu um slíkt, ber <i>keppanda</i> að afhenda sambandinu tæmandi lista yfir alla einstaklinga sem þátt taka í eða veita þjónustu í tengslum við <i>keppni</i> eða <i>mót</i> fyrir þeirra hönd.</p>
<p>GREIN 9.16 UNAUTHORISED SUBSTITUTION OF ONE COMPETITION FOR ANOTHER</p> <p>9.16.1 Any <i>Competitor</i> having entered themselves or any <i>Driver</i> having undertaken to drive in any <i>International</i> or <i>National Competition</i> who does not take part in that <i>Competition</i> and takes part in another <i>Competition</i> on the same day at some other place shall be suspended (temporary withdrawal of <i>Licence</i>) as from the beginning of the latter <i>Competition</i>, for such time as the <i>ASN</i> concerned may deem fit.</p>	<p>GREIN 9.16 ÓHEIMIL ÚTSKIPTING Á EINNI KEPPNI FYRIR AÐRA</p> <p>9.16.1 <i>Keppandi</i> sem skráir sig, eða <i>ökumaður</i> sem hefur undirgengist að aka, í <i>alþjóðlegri keppni</i> eða <i>landskeppni</i> og tekur ekki þátt í henni heldur annarri <i>keppni</i> sama dag á öðrum stað skal sæta sviptingu (tímabundin afturköllun <i>keppnisskírteinis</i>) frá þeim tíma sem seinni <i>keppnin</i> hefst svo lengi sem <i>akstursíþróttasambandið</i> sem málið varðar telur við hæfi.</p>
<p>9.16.2 If the two <i>Competitions</i> take place in different countries, the two <i>ASNs</i> concerned shall agree as to the penalty to be imposed and should the <i>ASNs</i> fail to agree, the matter shall be referred to the <i>FIA</i>, whose decision thereon will be final.</p>	<p>9.16.2 Séu <i>keppnirnar</i> tvær í sitt hvoru landinu skulu <i>akstursíþróttasamböndin</i> tvö koma sér saman um veitta refsingu og geti þau það ekki skal vísa málinu til <i>FIA</i> sem tekur loka ákvörðun í málinu.</p>
<p>GREIN 10 AUTOMOBILES</p> <p>GREIN 10.1 CLASSIFICATION OF AUTOMOBILES</p> <p><i>Automobiles</i>, both for <i>Record Attempts</i> and for other <i>Competitions</i>, may be classified by type and/or the capacity of their power plant, of whatever type, and <i>Record Attempts</i> and <i>Competitions</i> may be restricted, by the relevant regulations or record classifications, to <i>Automobiles</i> meeting such restrictions.</p>	<p>GREIN 10 ÖKUTÆKI</p> <p>GREIN 10.1 FLOKKUN ÖKUTÆKJA</p> <p>Flokka má <i>ökutæki</i> í bæði <i>metatilraunum</i> og öðrum <i>keppnum</i> eftir tegund og/eða getu aflagjafa þeirra, hvernar gerðar sem hann er, og <i>metatilraunir</i> og <i>keppnir</i> er heimilt að takmarka með viðeigandi reglum eða flokkun meta, við <i>ökutæki</i> sem passa við tiltekin skilyrði.</p>

<p>GREIN 10.2 DANGEROUS CONSTRUCTION</p> <p>The stewards may disqualify an <i>Automobile</i> whose construction is deemed to be dangerous.</p>	<p>GREIN 10.2 HÆTTULEG BYGGING</p> <p>Dómnafnd er heimilt að vísa brott <i>ökutæki</i> telji hún að hætta geti stafað af byggingu þess.</p>
<p>GREIN 13.3 PROTEST TIME LIMIT</p> <table border="1" data-bbox="183 986 1113 1390"> <thead> <tr> <th>Protest against</th> <th>Time limit</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>13.3.1 Entry of a <i>Competitor</i> or <i>Driver</i></td> <td rowspan="2">No later than two hours after the closing time for the preevent scrutineering of the <i>Automobiles</i>.</td> </tr> <tr> <td>13.3.2 Length of the Course</td> </tr> <tr> <td>13.3.3 <i>Handicap</i></td> <td>No later than one hour before the start of the <i>Competition</i> or as specified in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i>.</td> </tr> <tr> <td>13.3.4 Make up of a heat or final</td> <td>No later than thirty minutes after the publication of the make-up of a heat or final, unless specified otherwise in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i>.</td> </tr> </tbody> </table>	Protest against	Time limit	13.3.1 Entry of a <i>Competitor</i> or <i>Driver</i>	No later than two hours after the closing time for the preevent scrutineering of the <i>Automobiles</i> .	13.3.2 Length of the Course	13.3.3 <i>Handicap</i>	No later than one hour before the start of the <i>Competition</i> or as specified in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i> .	13.3.4 Make up of a heat or final	No later than thirty minutes after the publication of the make-up of a heat or final, unless specified otherwise in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i> .	<p>GREIN 13.3 TÍMATAKMÖRK KÆRU</p> <table border="1" data-bbox="1211 986 2141 1461"> <thead> <tr> <th>Kæra gegn</th> <th>Tímamörk</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>13.3.1 Skráningu <i>keppanda</i> eða <i>ökumanns</i></td> <td rowspan="2">Eigi síðar en tveimur klukkutímum eftir lok keppnisskoðunar <i>ökutækjanna</i>.</td> </tr> <tr> <td>13.3.2 Lengd leiðarinnar</td> </tr> <tr> <td>13.3.3 <i>Forgjöf</i></td> <td>Eigi síðar en einni klukkustund áður en <i>keppni</i> hefst, eða eins og tiltekið er í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i>.</td> </tr> <tr> <td>13.3.4 Uppstilling riðils eða úrslitariðils</td> <td>Eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir birtingu uppstillingar riðils eða úrslitariðils, nema annað sé tiltekið í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i>.</td> </tr> <tr> <td>13.3.5 Meintum villum, frávikum eða brotum á reglum sem eiga sér stað meðan á <i>keppni</i> stendur</td> <td>Eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir birtingu <i>bráðabirgðaúrslita</i>, nema:</td> </tr> </tbody> </table>	Kæra gegn	Tímamörk	13.3.1 Skráningu <i>keppanda</i> eða <i>ökumanns</i>	Eigi síðar en tveimur klukkutímum eftir lok keppnisskoðunar <i>ökutækjanna</i> .	13.3.2 Lengd leiðarinnar	13.3.3 <i>Forgjöf</i>	Eigi síðar en einni klukkustund áður en <i>keppni</i> hefst, eða eins og tiltekið er í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i> .	13.3.4 Uppstilling riðils eða úrslitariðils	Eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir birtingu uppstillingar riðils eða úrslitariðils, nema annað sé tiltekið í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i> .	13.3.5 Meintum villum, frávikum eða brotum á reglum sem eiga sér stað meðan á <i>keppni</i> stendur	Eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir birtingu <i>bráðabirgðaúrslita</i> , nema:
Protest against	Time limit																				
13.3.1 Entry of a <i>Competitor</i> or <i>Driver</i>	No later than two hours after the closing time for the preevent scrutineering of the <i>Automobiles</i> .																				
13.3.2 Length of the Course																					
13.3.3 <i>Handicap</i>	No later than one hour before the start of the <i>Competition</i> or as specified in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i> .																				
13.3.4 Make up of a heat or final	No later than thirty minutes after the publication of the make-up of a heat or final, unless specified otherwise in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i> .																				
Kæra gegn	Tímamörk																				
13.3.1 Skráningu <i>keppanda</i> eða <i>ökumanns</i>	Eigi síðar en tveimur klukkutímum eftir lok keppnisskoðunar <i>ökutækjanna</i> .																				
13.3.2 Lengd leiðarinnar																					
13.3.3 <i>Forgjöf</i>	Eigi síðar en einni klukkustund áður en <i>keppni</i> hefst, eða eins og tiltekið er í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i> .																				
13.3.4 Uppstilling riðils eða úrslitariðils	Eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir birtingu uppstillingar riðils eða úrslitariðils, nema annað sé tiltekið í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i> .																				
13.3.5 Meintum villum, frávikum eða brotum á reglum sem eiga sér stað meðan á <i>keppni</i> stendur	Eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir birtingu <i>bráðabirgðaúrslita</i> , nema:																				

<p>13.3.5 Any alleged error, irregularity or breach of the regulations occurring during a <i>Competition</i></p>	<p>No later than thirty minutes after the publication of the <i>Provisional Classification</i>, except:</p> <ul style="list-style-type: none"> - in circumstances where the stewards consider that compliance with the thirty-minute deadline would be impossible, - in the event of technical issues related to the notice board (Article 11.9.4 of the <i>Code</i>), or - unless specified otherwise in the applicable sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i>. 	<p>13.3.6 Meintum skorti á samræmi <i>ökutækja</i> við reglur</p>	<ul style="list-style-type: none"> - þegar dómnefnd telur að þrjátíu mínútna tímamörk væru ekki möguleg, - þegar um er að ræða tæknileg vandamál tengd upplýsingatöflu (grein 11.9.4 í <i>Reglubókinni</i>), eða - annað er tiltekið í viðeigandi íþróttareglum eða <i>sérreglum</i>.
<p>13.3.6 Protests referring to the alleged non-compliance of <i>Automobiles</i> with the regulations</p>		<p>13.3.7 Úrslitum settum fram í lok <i>keppni</i></p>	
<p>13.3.7 Classification established at the end of the <i>Competition</i></p>			
<p>GREIN 13.4 LODGING OF PROTEST</p>		<p>GREIN 13.4 FRAMLAGNING KÆRU</p>	
<p>13.4.1 Any protest shall be in writing and must specify:</p> <ul style="list-style-type: none"> - the relevant regulations, - the concerns of the protesting party, and - against whom the protest is lodged, when relevant. <p>Where multiple <i>Competitors</i> are concerned, a separate protest must be filed against each <i>Competitor</i> concerned.</p> <p>Where multiple <i>Automobiles</i> of a same <i>Competitor</i> are concerned, a separate protest must be filed for each <i>Automobile</i> concerned.</p>	<p>13.4.1 Allar kærur skulu vera skriflegar og þurfa að tilgreina:</p> <ul style="list-style-type: none"> - viðkomandi reglur, - athugasemdir þess sem kærir, og - gegn hverjum kæran er lögð fram, þegar við á. <p>Þegar um marga <i>keppendur</i> er að ræða, þarf að leggja fram sérstaka kæru gegn hverjum <i>keppanda</i> sem um ræðir.</p> <p>Þegar um mörg <i>ökutæki</i> sama <i>keppanda</i> er að ræða, þarf að leggja fram sérstaka kæru gegn hverju <i>ökutæki</i> sem um ræðir.</p>		
<p>13.4.2 Each protest must be accompanied by a deposit, the amount of which shall be set annually by the <i>ASN</i> of the country in which that decision will be given or, if applicable:</p> <ul style="list-style-type: none"> - the <i>Parent ASN</i> of the international series; - the <i>ASN</i> organising the <i>National Championship</i> if the <i>Competition</i> is organised in accordance with Article 2.4.4.c or 2.4.4.e of the <i>Code</i>; or - by the <i>FIA</i> for its <i>Championships</i>, cups, trophies, challenges or series, <p>and specified in the sporting regulations or <i>Supplementary Regulations</i> of the <i>Competition</i>. This deposit may only be returned if the protest is upheld, unless fairness requires otherwise.</p>	<p>13.4.2 Hverri kæru þarf að fylgja greiðsla, að upphæð sem ákveðin er árlega af <i>akstursíþróttasambandi</i> landsins sem úrskurðar eða, ef við á:</p> <ul style="list-style-type: none"> - <i>viðeigandi akstursíþróttasambandi</i> alþjóðlegrar mótaraðar; - <i>akstursíþróttasamband</i> sem skipuleggur <i>landsmótið</i> ef <i>keppnin</i> er haldin í samræmi við greinar 2.4.4.c eða 2.4.4.e <i>Reglubókarinnar</i>; eða - af <i>FIA</i> fyrir sín <i>mót</i>, bikarkeppnir, útsláttarkeppnir, áskoranir eða deildir, og tilgreint er í íþróttareglum eða <i>sérreglum keppninnar</i>. Þessa greiðslu má einungis endurgreiða ef kæran er tekin til greina, nema sanngirnissjónarmið krefjist annars. 		
<p>13.4.3 In the case of protests referring to the alleged non-compliance of <i>Automobiles</i> with the regulations and requiring the dismantling and re-assembly of clearly defined parts of an <i>Automobile</i>, an additional deposit may be specified by the stewards on a proposal from the <i>FIA</i> technical delegate (if appointed) or the chief scrutineer. This additional deposit must be paid by the protester within one hour upon notification of the stewards (or, where appropriate, within such timeframe as agreed by them) otherwise, the protest will be deemed inadmissible.</p>	<p>13.4.3 Varði kæra ætlað frávik <i>ökutækis</i> frá reglum sem krefst þess að vel skilgreinda hluta <i>ökutækisins</i> þurfi að taka í sundur og setja saman aftur getur dómnefnd, að fenginni tillögu tæknifulltrúa <i>FIA</i> (þegar hann er tilnefndur) eða yfirskoðunarmanns, gert kröfu um viðbótar kærugjald. Þetta viðbótar kærugjald ber kæranda að greiða innan einnar klukkustundar frá því að dómnefnd gjörir honum það kunnugt (eða, þegar það á við, innan þess tíma sem dómnefnd samþykkir), ellegar telst kæran ótæk.</p>		
<p>13.4.4 Protest deposits must be paid as follows:</p>	<p>13.4.4 Kærugjöld skal greiða sem hér segir:</p>		

Protest lodged during	Recipient
An <i>FIA Championship</i> , cup, challenge, trophy or series <i>Competition</i>	<i>FIA</i>
International series <i>Competition</i>	<i>Parent ASN</i> of the international series
<i>Competition</i> run over the territory of several countries	<i>ASN</i> which registered the <i>Competition</i> on the International Sporting Calendar
Zone Championship <i>Competition</i>	<i>ASN</i> organising the zone <i>Competition</i>
A <i>National Championship Competition</i>	<i>ASN</i> governing/organising the <i>National Championship</i>
A <i>National Competition</i>	<i>ASN</i> governing/organising the <i>National Competition</i>

Kæra gerð í	Viðtakandi kærugjalds
<i>Keppni</i> í <i>FIA</i> móti, bikarkeppni, útsláttarkeppni, áskorun eða deild	<i>FIA</i>
<i>Keppni</i> í alþjóðlegri deild	Viðeigandi <i>akstursíþróttasamband</i> alþjóðlegu deildarinnar
<i>Keppni</i> sem fer um svæði nokkurra landa	<i>Akstursíþróttasamband</i> sem skráði keppnina í Alþjóðlega keppnisdagatalið
<i>Keppni</i> í meistaramóti svæðis	<i>Akstursíþróttasamband</i> sem skipuleggur keppnina
<i>Keppni</i> í meistaramóti lands	<i>Akstursíþróttasamband</i> sem stýrir/skipuleggur meistaramót(i) landsins
<i>Landskeppni</i>	<i>Akstursíþróttasamband</i> sem stýrir/skipuleggur <i>landskeppnina</i>

GREIN 13.5 TO WHOM ADDRESSED

13.5.1 Protests arising out of a *Competition* shall be addressed to the chairperson of the stewards

13.5.2 They shall be delivered to the clerk of the *Course* or their assistant if such exists. In the absence of the clerk of the *Course* or of his assistant, such protests should be delivered to the chairperson of the stewards.

13.5.3 Should scrutineering take place in another country than that of the *Organiser*, any official from the *ASN* of this other country is entitled to accept the protest and forward it as soon as possible to the stewards, together with their justified opinion if they deem it necessary.

13.5.4 Receipt of the protest shall be acknowledged in writing, with the time of receipt noted.

GREIN 13.6 HEARING

13.6.1 The hearing of the protester and of all parties concerned by the protest shall take place as soon as possible after the protest has been lodged.

13.6.2 The parties concerned shall be summoned to appear at the hearing, and may be accompanied by witnesses.

GREIN 13.5 HVERJUM MERKT

13.5.1 Kærum sem verða til við *keppni* skal beint til formanns dómnefndar.

13.5.2 Þær skulu afhentar *brautarstjóra* eða aðstoðarmanni hans ef hann er til staðar. Ef hvorki *brautarstjóri* né aðstoðarmaður hans eru til staðar skal afhenda slíkar kærur formanni dómnefndar.

13.5.3 Fari keppnisskoðun fram í öðru landi en landi *keppnishaldara*, er hvaða stjórnanda sem er frá *akstursíþróttasambandi* þess lands heimilt að taka við kærinni og senda áfram til dómnefndar eins fljótt og hægt er, ásamt rökstuddu mati þeirra ef þeim finnst það nauðsynlegt.

13.5.4 Móttaka kæru skal vera staðfest skriflega, ásamt skráðum tíma móttöku.

GREIN 13.6 SKÝRSLUTAKA

13.6.1 Skýrslutökur af kæranda og öllum aðilum tengdum kærinni, skulu eiga sér stað eins fljótt og hægt er eftir að kærana hefur verið lögð fram.

13.6.2 Viðkomandi aðilar skulu vera boðaðir til skýrslutöku, og mega taka með sér vitni.

<p>13.6.3 The stewards must ensure that the summons has been personally received by all parties concerned.</p>	<p>13.6.3 Dómnefnd þarf að tryggja að boðunin hafi verið persónulega móttækin af öllum viðkomandi aðilum.</p>
<p>13.6.4 In the absence of any party concerned or of their witnesses, judgement may be made by default.</p>	<p>13.6.4 Ef einhver viðkomandi aðila eða vitni er fjarverandi, má engu að síður úrskurða.</p>
<p>13.6.5 If judgement cannot be given immediately after the hearing of the parties concerned, they must be advised of the place and time at which the decision will be given.</p>	<p>13.6.5 Ef ekki er hægt að úrskurða strax að lokinni skýrslutöku af viðkomandi aðilum, þarf að láta þá vita um stað og tíma þar sem úrskurður verður birtur.</p>
<p>GREIN 13.7 INADMISSIBLE PROTEST</p> <p>13.7.1 Protests against decisions made by any judges of fact in the exercise of their duties will not be admitted.</p>	<p>GREIN 13.7 ÓTÆKAR KÆRUR</p> <p>13.7.1 Kæzur gegn ákvörðunum staðreyndadómara sem gegna skyldum sínum eru ekki teknar til afgreiðslu.</p>
<p>13.7.2 The decisions of these judges are final unless such decision is overruled by the stewards, but they shall not in themselves constitute the classification, because they have taken no account of the conditions under which the <i>Competitors</i> have completed the <i>Course</i>.</p>	<p>13.7.2 Ákvarðanir þessara dómara eru endanlegar, nema slíkar ákvarðanir séu felldar niður af dómnefnd, en þær skulu ekki í sjálfu sér ákvarða úrslitin, þar sem þær eru teknar án tillits til þeirra aðstæðna sem <i>keppendur</i> hafa fengið við að ljúka <i>leiðinni</i>.</p>
<p>13.7.3 A single protest against more than one <i>Competitor</i> will not be accepted.</p>	<p>13.7.3 Ein kæra gegn fleiri en einum <i>keppanda</i> verður ekki tekin til afgreiðslu.</p>
<p>13.7.4 A protest lodged jointly by several <i>Competitors</i> will not be accepted.</p>	<p>13.7.4 Ein kæra lögð sameiginlega fram af nokkrum <i>keppendum</i> verður ekki tekin til afgreiðslu.</p>
<p>GREIN 13.8 PUBLICATION OF THE AWARDS AND PRIZEGIVING</p> <p>13.8.1 A prize won by a <i>Competitor</i> against whom a protest has been lodged must be withheld until a decision has been reached on the subject of the protest.</p>	<p>GREIN 13.8 BIRTING ÚRSLITA OG VERÐLAUNAAFHENDING</p> <p>13.8.1 Verðlaunum sem <i>keppandi</i> sem sætir kæru hefur unnið til, skal halda eftir þar til niðurstaða hefur fengist um efni kærunnar.</p>
<p>13.8.2 Moreover, in the event of any protest being lodged whose outcome might modify the classification of the <i>Competition</i>, the <i>Organisers</i> shall only publish a provisional classification and shall withhold all prizes until a final decision concerning the protest (including appeals) has been reached</p>	<p>13.8.2 Ennfremur, þegar kæra hefur verið lögð fram og útkoman gæti breytt úrslitum <i>keppinnar</i>, skulu <i>keppnishaldarar</i> eingöngu birta bráðabirgðaúrslit og skulu halda eftir verðlaunum þar til loka niðurstaða hefur fengist um kærana (þar með talið áfrýjanir).</p>
<p>13.8.3 However, in the case of a protest affecting only part of the classification, such part as is not affected by the protest may be published definitively, and the corresponding prizes distributed.</p>	<p>13.8.3 Hinsvegar, þegar kæra snertir aðeins hluta úrslita má birta <i>lokaúrslit</i> fyrir aðra hluta, og veita viðeigandi verðlaun.</p>
<p>GREIN 13.9 JUDGEMENT</p> <p>All parties concerned shall be bound by the decision reached, subject to the conditions of appeal laid down in the <i>Code</i>, but neither the stewards nor the <i>ASN</i> shall have the right to order that a <i>Competition</i> be re-run.</p>	<p>GREIN 13.9 ÚRSKURÐUR</p> <p>Allir viðkomandi aðilar skulu vera bundnir af fenginni niðurstöðu, með fyrirvara um skilyrði um áfrýjun sem er sett fram í <i>Reglubókinni</i>, en hvorki dómnefnd né <i>akstursíþróttasamband</i> hefur rétt til að fyrirskipa að <i>keppni</i> sé endurtekin.</p>

<p>GREIN 13.10 PROTEST WITHOUT FOUNDATION</p> <p>13.10.1 If the protest is rejected or if it is withdrawn after being brought, no part of the deposit shall be returned.</p>	<p>GREIN 13.10 ÁSTÆÐULAUS KÆRA</p> <p>13.10.1 Ef kæru er hafnað eða ef hún er dregin til baka eftir að hafa verið lögð fram, skal enginn hluti kærugjalds endurgreiddur.</p>
<p>13.10.2 If judged partially founded, the deposit may be returned in part, and in its entirety if the protest is upheld.</p>	<p>13.10.2 Ef kæra er tekin að hluta til greina, má endurgreiða kærugjald að hluta, og að fullu ef kærán er samþykkt.</p>
<p>13.10.3 Moreover, if it is proved that the author of the protest has acted in bad faith, the ASN may inflict upon them one of the penalties laid down in the <i>Code</i>.</p>	<p>13.10.3 Ennfremur, ef það sannast að höfundur kærunnar hafi ekki unnið í góðri trú, getur <i>akstursíþróttasamband</i> beitt refsingum sem tilgreindar eru í <i>Reglubókinni</i>.</p>
<p>GREIN 14 RIGHT OF REVIEW</p> <p>14.1.1 If, in <i>Competitions</i> forming part of an <i>FIA Championship</i>, cup, trophy, challenge or series, or of an international series, a significant and relevant new element is discovered which was unavailable to the parties seeking the review at the time of the decision concerned, the stewards who have given a ruling or, failing this, those designated by the <i>FIA</i>, may decide to re-examine their decision following a petition for review by:</p> <ul style="list-style-type: none"> - either one of the parties concerned and/or a party that is directly affected by the decision handed down, or - the Secretary General for Sport of the <i>FIA</i>. <p>The stewards must meet (in person or by other means) on a date agreed amongst themselves, summoning the party or parties concerned to hear any relevant explanations and to judge in the light of the facts and elements brought before them.</p>	<p>GREIN 14 RÉTTUR TIL ENDURUPPTÖKU</p> <p>14.1.1 Ef, í <i>keppnum</i> sem eru hluti af <i>FIA móti</i>, bikarkeppni, útsláttarkeppni, áskorun eða deild, eða í alþjóðlegri deild, koma í ljós nýjar upplýsingar sem voru ekki aðgengilegar aðilunum sem leituðu endurupptöku þegar viðkomandi ákvörðun var tekin, skal dómnefnd sem ákvörðunina tók, eða ef hún getur það ekki, dómnefnd skipuð af <i>FIA</i>, ákveða hvort hún tekur málið upp að nýju að fenginni beiðni um slíkt frá:</p> <ul style="list-style-type: none"> - öðrum hvorum aðila máls og/eða aðila sem umrædd ákvörðun hefur bein áhrif á, eða - framkvæmdastjóra íþróttamála hjá <i>FIA</i>. <p>Dómnefndin skal hittast (augliti til auglitis eða með öðrum leiðum) á degi sem hún ákveður sín á milli, boða viðkomandi aðila til að heyra útskýringar sem koma málinu við og úrskurða í ljósi staðreynda og atriða sem henni eru sýnd.</p>
<p>14.1.2 The party or parties concerned may waive their right to a hearing in writing.</p>	<p>14.1.2 Viðkomandi aðilar geta skriflega afsalað rétti sínum til skýrslutöku.</p>
<p>14.2 A review has no suspensive effect on the execution of the original decision of the stewards when they have given a ruling.</p>	<p>14.2 Endurupptaka hefur ekki áhrif til frestunar framkvæmdar upphaflegrar ákvörðunar dómnefndar þegar hún hefur úrskurðað.</p>
<p>14.3 The stewards shall have the sole discretion to determine if a significant and relevant new element exists. The decision of the stewards as to whether or not such an element exists is not subject to appeal before the national court of appeal or the International Court of Appeal.</p>	<p>14.3 Dómnefnd hefur ein vald til að ákveða hvort mikilvæg og viðkomandi ný atriði eru til staðar. Ákvörðun dómnefndar um það hvort slík atriði séu til staðar eður ei er ekki hægt að áfrýja til áfrýjunardómstóls landsins eða til alþjóðlega áfrýjunardómstólsins.</p>
<p>14.4.1 The period during which a petition for review may be brought expires fourteen calendar days after the end of the <i>Competition</i> concerned.</p> <p>14.4.2 Furthermore, within the framework of an <i>FIA Championship</i>, cup, trophy, challenge or series, a petition for review may not, in any event, be brought less than four calendar days prior to the date of the <i>FIA</i> prize-giving ceremony concerned.</p>	<p>14.4.1 Tímabilinu þegar hægt er að óska eftir endurskoðun lýkur fjórtán almanaxdögum eftir lok viðkomandi <i>keppni</i>.</p> <p>14.4.2 Ennfremur, innan ramma <i>FIA móts</i>, bikarkeppni, útsláttarkeppni, áskorunar eða deildar, má áskorun um endurskoðun ekki undir neinum kringumstæðum koma fram minna en fjórum almanaxdögum fyrir dagsetningu viðkomandi <i>FIA</i> verðlaunaafhendingar.</p>

14.5 The right of appeal against this new decision, without prejudice to Article 12.2.4 of the *Code*, is confined to the party or parties concerned in accordance with Article 15 of the *Code*.

14.5 Rétt til áfrýjunar gegn þessari nýju ákvörðun, með fyrirvara um grein 12.3.4 *Reglubókarinnar*, er bundin við viðkomandi aðila í samræmi við grein 15 í *Reglubókinni*.

14.6 Should the first decision already have been the subject of an appeal before the national court of appeal or before the International Court of Appeal, or successively before both of these courts, the case shall be lawfully submitted to them for the possible revision of their previous decision.

14.6 Ef fyrri ákvörðun hefur þegar verið tilefni áfrýjunar fyrir áfrýjunardómstól landsins eða fyrir Alþjóðlega áfrýjunardómstólum, eða í röð fyrir báðum þessum dómstólum, skal málið leggjast formlega fyrir þá til að þeir geti mögulega endurskoðað fyrri ákvörðun.

GREIN 15 APPEALS

GREIN 15.1 JURISDICTION

Appeal within the framework of a Competition	Competent appeal court
15.1.1. National Championship, cup, trophy, challenge or series (Articles 2.4.4 and 2.4.5)	National court of appeal of the organising ASN (final instance)
15.1.2. Competition run over the territory of several countries (Article 7.1)	National court of appeal of the ASN that requested the registration on the International Sporting Calendar
15.1.3. Zone Championship	National court of appeal of the ASN of the country in which that decision has been given
15.1.4. International series	National court of appeal of the Parent ASN of the international series
15.1.5. FIA Championship, cup, trophy, challenge or series	International Court of Appeal (in accordance with the <i>FIA</i> Judicial and Disciplinary Rules)

The International Court of Appeal also has jurisdiction over an appeal against a decision of a national court of appeal taken in accordance with Articles 15.1.2 to 15.1.4 of the *Code* (in accordance with the *FIA* Judicial and Disciplinary Rules).

GREIN 15 ÁFRÝJANIR

GREIN 15.1 LÖGSAGA

Áfrýjun innan ramma keppni	Hæfur áfrýjunardómstóll
15.1.1. Landsmót, bikarmót, útsláttarkeppni, áskorun eða deild (greinar 2.4.4 og 2.4.5)	Áfrýjunardómstóll lands <i>akstursíþróttasambandsins</i> sem skipulagði keppnina (lokatilvik)
15.1.2. Keppni sem fer fram á svæði nokkurra landa (grein 7.1)	Áfrýjunardómstóll lands <i>akstursíþróttasambandsins</i> sem óskaði eftir skráningu í Alþjóðlega keppnisdagatalið
15.1.3. Svæðismót	Áfrýjunardómstóll lands <i>akstursíþróttasambandsins</i> þar sem ákvörðunin var tekin
15.1.4. Alþjóðleg deild	Áfrýjunardómstóll lands viðeigandi <i>akstursíþróttasambands</i> alþjóðlegu deildarinnar
15.1.5. FIA mót, bikarmót, útsláttarkeppni, áskorun eða deild	Alþjóðlegi áfrýjunardómstóllinn (í samræmi við Dóms- og agareglur <i>FIA</i>)

Alþjóðlegi áfrýjunardómstóllinn hefur einnig lögsögu yfir áfrýjun gegn úrskurði áfrýjunardómstóls lands sem tekin er á grunni greina 15.1.2 til 15.1.4 í *Reglubókinni* (í samræmi við Dóms- og agareglur *FIA*).

ARTICLE 15.2 INTERNATIONAL COURT OF APPEAL

The International Court of Appeal also has jurisdiction over an appeal against a decision of a national court of appeal taken in accordance with Articles 15.1.2 to 15.1.5 of the *Code* (in accordance with the *FIA* Judicial and Disciplinary Rules).

The appeal procedure before the International Court of Appeal, and any other operating rules, are contained in the *FIA* Judicial and Disciplinary Rules posted on the website www.fia.com.

GREIN 15.2 ALÞJÓÐLEGI ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLLINN

Alþjóðlegi áfrýjunardómstóllinn hefur einnig lögsögu yfir áfrýjun ákvörðunar áfrýjunardómstóls lands sem tekin er í samræmi við greinar 15.1.2 til 15.1.4 í *Reglubókinni* (samanber aga- og refsireglur *FIA*).

Á vefsíðunni www.fia.com má finna *FIA* Judicial and Disciplinary Rules reglur *FIA* sem lýsa áfrýjunarferli Alþjóðlega áfrýjunardómstólsins og aðrar framkvæmdareglur.

<p>ARTICLE 15.3 NATIONAL COURT OF APPEAL</p> <p>15.3.1 Each ASN shall nominate a certain number of persons who may or may not be members of the ASN concerned, who will constitute the national court of appeal.</p>	<p>GREIN 15.3 ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLL LANDS</p> <p>15.3.1 Hvert <i>akstursíþróttasamband</i> skal tilnefna ákveðinn fjölda aðila sem eru eða eru ekki félagar í viðkomandi <i>akstursíþróttasambandi</i>, og skipa þeir áfrýjunardómstól landsins.</p>
<p>15.3.2 No members of this court of appeal may sit on a case if they have been involved in any way as <i>Competitors, Drivers</i> or officials in the <i>Competition</i> under consideration, or if they have participated in any earlier decision concerning or have been involved, directly or indirectly, in the matter under consideration.</p>	<p>15.3.2 Meðlimir áfrýjunardómstóls eru vanhæfir til að sitja í máli ef þeir eru á einhvern hátt tengdir því sem <i>keppendur, öikumenn</i> eða stjórnendur þeirrar <i>keppni</i> sem fjallað er um, eða ef þeir hafa tekið þátt í fyrri úrskurðum, eða ef þeir tengjast, beint eða óbeint, málinu sem fjallað er um.</p>
<p>ARTICLE 15.4 APPEAL PROCEDURE BEFORE THE NATIONAL COURT OF APPEAL</p> <p>15.4.1 <i>Competitors, Organisers, Drivers</i> or other licence- holders that are addressees of a stewards' decision or that are individually affected by such decision, whatever their nationality, shall have the right to appeal against that decision before the ASN of the country in which it was given, or, if applicable:</p> <ul style="list-style-type: none"> - before the <i>Parent ASN</i> of the international series; or - before the ASN organising the <i>National Championship</i> if the <i>Competition</i> is organised in accordance with Article 2.4.4.c or 2.4.4.e of the <i>Code</i>. <p>For the purpose of this Article, <i>Organisers, Competitors, Drivers</i> and other licence-holders shall be regarded as being individually affected by a decision only if it affects them by reason of certain attributes peculiar to them, or by reason of a factual situation which differentiates them from all other persons and distinguishes them individually in the same way as the addressee.</p>	<p>GREIN 15.4 FERILL ÁFRÝJANA FYRIR ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLI LANDS</p> <p>15.4.1 <i>Keppendur, keppnishaldarar, öikumenn</i> eða aðrir handhafar skírteina sem nefndir eru í ákvörðun dómnefndar eða sem slík ákvörðun hefur áhrif á, hvert svo sem þjóðerni þeirra er, hafa rétt á að áfrýja þeirri ákvörðun til <i>akstursíþróttasambands</i> þess lands þar sem hún var tekin, eða, ef við á:</p> <ul style="list-style-type: none"> - til <i>viðeigandi akstursíþróttasambands</i> alþjóðlegrar deildar; eða - til þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem skipuleggur <i>landsmótið</i> ef keppnin er haldin í samræmi við greinar 2.4.4.c eða 2.4.4.e <i>Reglubókarinnar</i>. <p>Í samhengi þessarar greinar skulu <i>keppnishaldarar, keppendur, öikumenn</i> og aðrir skírteinishafar aðeins teljast undir áhrifum ákvörðunar varði hún þá beint með óyggjandi hætti eða með þeim hætti sem draga má ályktun af að aðgreini þá án vafa frá öllum öðrum aðilum og auðkenni þá hvern fyrir sig á sama hátt og þá sem nefndir eru beint.</p>
<p>15.4.2.a They must, however, under pain of forfeiture of their right to appeal, notify the stewards in writing of their intention to appeal within one hour of the publication of the decision.</p> <p>15.4.2.b In the case of a decision taken pursuant to Article 11.9.3.w or 14.1 above or in circumstances where the stewards consider that compliance with the one-hour deadline would be impossible, the latter may set a different time limit for the notification of the intention to appeal. This time limit shall then be set down in writing in their decision and shall not exceed 24 hours following the publication of the decision. The time limit for bringing an appeal to an ASN and the payment of the appeal deposit shall be deferred accordingly.</p>	<p>15.4.2.a Þeir þurfa samt, að viðurlögðum missi á rétti þeirra til áfrýjunar, að tilkynna dómnefnd um ætlun sína að áfrýja, innan einnar klukkustundar frá birtingu úrskurðarins.</p> <p>15.4.2.b Í því tilviki að ákvörðun er tekin samkvæmt grein 11.9.3.w eða 14.1 að ofan, eða þegar aðstæður sem dómnefnd metur þannig að eins klukkutíma frestur væri ekki mögulegur, getur hún sett annan lokafrest fyrir tilkynningu um ætlun um áfrýjun. Þennan lokafrest þarf að setja fram skriflega í ákvörðun þeirra og skal ekki vera meiri en 24 klukkutímar frá birtingu ákvörðunar. Frestur til að leggja fram áfrýjun til <i>akstursíþróttasambands</i> ásamt greiðslu áfrýjunargjalds skal lengjast að sama skapi.</p>
<p>15.4.3 The right to bring an appeal to an ASN expires 96 hours from the moment the stewards are notified of the intention to appeal on condition that the intention of appealing has been notified in writing to the stewards within one hour of the publication of the decision.</p>	<p>15.4.3 Rétturinn til að leggja áfrýjun fyrir <i>akstursíþróttasamband</i> fellur niður 96 klukkustundum eftir að dómnefnd hefur verið látin vita af ætlun um áfrýjun með því skilyrði að ætlunin um áfrýjun hafi verið tilkynnt dómnefnd skriflega innan klukkustund frá birtingu úrskurðarins.</p>

<p>15.4.4 This appeal may be brought by any electronic means of communication with confirmation of receipt. Confirmation by a letter of the same date is required.</p>	<p>15.4.4 Þessa áfrýjun má leggja fyrir með hvers konar rafrænum samskiptum með staðfestingu á móttöku. Nauðsynlegt er að senda bréflega staðfestingu sama dag.</p>
<p>15.4.5 The ASN must give its decision within a maximum of 30 days.</p>	<p>15.4.5 <i>Akstursíþróttasambandið</i> þarf að gefa út sína ákvörðun innan 30 daga að hámarki.</p>
<p>15.4.6 All parties concerned shall be given adequate notice of the hearing of any appeal. They shall be entitled to call witnesses, but their failure to attend the hearing shall not interrupt the course of the proceedings.</p>	<p>15.4.6 Öllum aðilum máls skal vera gefin fullnægjandi tilkynning um skýrslutöku vegna áfrýjana. Þeir eiga að geta kallað til vitni, en ef þeir mæta ekki í skýrslutökuna stöðvar það ekki framgang meðferðarinnar.</p>
<p>GREIN 15.5 FORM OF APPEAL BEFORE THE NATIONAL COURT OF APPEAL</p>	<p>GREIN 15.5 INNIHALD ÁFRÝJUNAR TIL ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS LANDSINS</p>
<p>15.5.1 Any notice of appeal before an ASN shall be in writing and signed by the appellant or by their authorised agent.</p>	<p>15.5.1 Allar tilkynningar um áfrýjun til <i>akstursíþróttasambands</i> skulu vera skriflegar og undirritaðar af áfrýjanda eða viðurkenndum umboðsaðila hans.</p>
<p>15.5.2 An appeal deposit becomes due from the moment the appellant notifies the stewards of the intention of appealing and remains payable even if the appellant does not follow up the declared intention to appeal. The amount of the appeal deposit is set annually by the ASN of the country in which that decision will be given or, if applicable:</p> <ul style="list-style-type: none"> - the <i>Parent ASN</i> of the international series; or - the ASN organising the <i>National Championship</i> if the <i>Competition</i> is organised in accordance with Article 2.4.4.c or 2.4.4.e of the <i>Code</i>. 	<p>15.5.2 Greiðsla áfrýjunargjalds fellur í gjalddaga um leið og áfrýjandi tilkynnir dómnefnd um ætlun til áfrýjunar og skal greiða jafnvel þó áfrýjandi fylgi ekki eftir yfirlýstri ætlun til áfrýjunar. Upphæð áfrýjunargjalds er ákveðið árlega af <i>akstursíþróttasambandi</i> þess lands sem gefur út úrskurð eða, ef við á:</p> <ul style="list-style-type: none"> - til <i>viðeigandi akstursíþróttasambands</i> alþjóðlegrar mótaraðar; eða - til þess <i>akstursíþróttasambands</i> sem skipuleggur <i>landsmótið</i> ef keppnin er haldin í samræmi við greinar 2.4.4.c eða 2.4.4.e <i>Reglubókarinnar</i>.
<p>15.5.3 Subject to the provisions of Article 15.3.2.b above, the deposit must be paid within 96 hours counting from the moment the stewards are notified of the intention to appeal. Failing this, the appellant's <i>Licence</i> will automatically be suspended until payment has been made.</p>	<p>15.5.3 Með fyrirvara um ákvæðin í grein 15.3.2.b hér að ofan, skal greiðsla fara fram innan 96 klukkustunda frá því að dómnefnd hefur verið látin vita af ætlun um áfrýjun. Bregðist það, er áfrýjandi sjálfkrafa sviptur <i>keppnisskírteini</i> þar til greitt hefur verið.</p>
<p>15.5.4 If the appeal is rejected or if it is withdrawn after being brought, no part of the appeal deposit shall be returned.</p>	<p>15.5.4 Ef áfrýjun er hafnað eða ef hún er dregin til baka eftir að hafa verið lögð fram, skal ekki endurgreiða neinn hluta greiðslunnar.</p>
<p>15.5.5 If judged partially founded, the deposit may be returned in part, and in its entirety if the appeal is upheld.</p>	<p>15.5.5 Ef áfrýjun er að einhverjum hluta tekin til greina, má endurgreiða að hluta, og að fullu ef áfrýjun er samþykkt.</p>
<p>15.5.6 Moreover, if it is proved that the author of the appeal has acted in bad faith, the ASN may inflict upon them one of the penalties laid down in the <i>Code</i>.</p>	<p>15.5.6 Ennfremur, ef það sannast að höfundur áfrýjunar hafi ekki unnið í góðri trú, getur <i>akstursíþróttasamband</i> beitt refsingum sem tilgreindar eru í <i>Reglubókinni</i>.</p>
<p>GREIN 15.6 JUDGEMENT OF THE NATIONAL COURT OF APPEAL</p>	<p>GREIN 15.6 DÓMUR ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLS LANDSINS</p>
<p>15.6.1 The national court of appeal may decide that the decision appealed against should be waived, and, if necessary the penalty mitigated or increased, but it shall not be empowered to order any <i>Competition</i> to be re-run.</p>	<p>15.6.1 Áfrýjunardómstóll landsins getur ákveðið að ákvörðun sem áfrýjað er gegn verði felld úr gild, og ef þörf er, að refsing sé milduð eða aukin, en hefur ekki vald til að fyrirskipa endurtekningu <i>keppni</i>.</p>
<p>15.6.2 Judgements of the national court of appeal shall be reasoned.</p>	<p>15.6.2 Dómar áfrýjunardómstóls landsins skulu vera rökstuddir.</p>

<p>GREIN 15.7 COSTS</p> <p>15.7.1 In giving a decision on the appeals brought before them, the national court of appeal shall decide, according to the decision, to award the costs, which shall be calculated by the secretariats to the level of the expenses occasioned by the preparation of the case and the meeting of the courts.</p>	<p>GREIN 15.7 KOSTNAÐUR</p> <p>15.7.1 Þegar áfrýjunardómstóll landsins úrskurðar um áfrýjun sem lögð hefur verið fyrir skal hann ákveða, í ljósi úrskurðarins, að deila kostnaði, sem tekinn hefur verið saman af skrifstofu að því marki sem kostnaður var vegna undirbúnings málsins og fundi dómstóla.</p>
<p>15.7.2 The costs shall be constituted by these expenses alone, except for the expenses or defence fees incurred by the parties.</p>	<p>15.7.2 Kostnaðurinn stendur saman af þessum útgjöldum eingöngu og undanskilur kostnað eða lögfræðikostnað sem fallið hefur á aðila.</p>
<p>GREIN 15.8 PUBLICATION OF JUDGEMENT</p> <p>15.8.1 The <i>FIA</i>, or any <i>ASN</i>, shall have the right to publish or have published the outcome of an appeal and to state the names of all the parties involved.</p>	<p>GREIN 15.8 BIRTING DÓMS</p> <p>15.8.1 <i>FIA</i>, eða <i>akstursíþróttasamband</i>, skal hafa rétt á að birta eða láta birta niðurstöðu áfrýjunar og taka fram nöfn allra málsaðila.</p>
<p>15.8.2 Without prejudice to any right of appeal, the persons referred to in such notices shall have no right of action against the <i>FIA</i> or the <i>ASN</i> concerned or against any person publishing the said notice.</p>	<p>15.8.2 Fyrir utan fyrirvara um málsskotsrétt, hafa einstaklingar sem vísað er til í slíkum tilkynningum hvorki rétt til aðgerða gegn <i>FIA</i>, eða viðkomandi <i>akstursíþróttasambandi</i>, né gegn einstaklingum sem birta slíka tilkynningu.</p>
<p>GREIN 15.9</p> <p>For the avoidance of doubt, nothing in the <i>Code</i> shall prevent any party from pursuing any right of action which it may have before any court or tribunal, subject always to any obligations it may have accepted elsewhere to first pursue other remedies or alternative dispute resolution mechanisms.</p>	<p>GREIN 15.9</p> <p>Til að taka af allan vafa, skal ekkert í <i>Reglubókinni</i> koma í veg fyrir að aðili sæki rétt sem hann gæti átt fyrir einhverjum rétti eða dómstóli, háð þeim skuldbindingum sem hann kann að hafa samþykkt annars staðar, að leita fyrst eftir öðrum úrræðum eða leiðum til lausnar ágreiningi.</p>
<p>GREIN 15.10 COURT OF ARBITRATION FOR SPORT</p> <p>The Court of Arbitration for Sport is exclusively competent to resolve definitively appeals against the decisions of the <i>FIA</i> Anti-Doping Disciplinary Committee.</p>	<p>GREIN 15.10 ÍÞRÓTTAGERÐARDÓMURINN</p> <p>Ákvörðunum <i>FIA</i> Anti-Doping aganefndarinnar er aðeins hægt að áfrýja til Íþróttagerðardómsins (Court of Arbitration for Sport).</p>
<p>GREIN 15.11 COMPLIANCE WITH THE WORLD ANTIDOPING PROGRAM</p> <p>15.11.1 As part of its obligations as a Signatory to the World Anti-Doping Code and the accompanying International Standards, the <i>FIA</i> is required to recognise, respect and give full effect (in accordance with the <i>FIA</i>'s authority and within its sphere of responsibility) to final decisions imposing consequences and/or reinstatement conditions on another signatory to the World Anti-Doping Code for non-compliance with its obligations as a World Anti-Doping Code signatory (whether such consequences and/or reinstatement conditions are proposed by the World Anti-Doping Agency and accepted by the signatory in question, or else are imposed by the Court of Arbitration for Sport).</p>	<p>GREIN 15.11 VIRÐING FYRIR WORLD ANTIDOPING STEFNUNNI</p> <p>15.11.1 Hluti af skyldum <i>FIA</i> sem aðila að World Anti-Doping Code og tilheyrandi alþjóðlegum stöðlum, er að viðurkenna, virða og taka fullt tillit til (í samhengi við valdsvið sitt og innan þeirra marka sem það ber ábyrgð á) endanlegra niðurstaðna sem kveða á um afleiðingar og/eða skilyrði endurkomu annars aðila að World Anti-Doping Code í kjölfar brota á skyldum sem aðila að World Anti-Doping Code (hvort sem afleiðingarnar og/eða skilyrði endurkomu eru lögð til af World Anti-Doping stofnuninni og samþykkt af viðeigandi aðila eða sett fram af Íþróttagerðardómnum).</p>
<p>15.11.2 The Court of Arbitration for Sport is exclusively competent to resolve definitively any dispute relating to whether or not a signatory to the World Anti-Doping Code is compliant</p>	<p>15.11.2 Íþróttagerðardómurinn er eini aðilinn sem kveður upp lokaúrskurð um ágreining um hugsanleg brot aðila að World Anti-Doping Code á skyldum sínum gagnvart World</p>

<p>with its obligations as a World Anti-Doping Code signatory and/or as to the consequences and/or reinstatement conditions to be imposed as a result of such non-compliance.</p>	<p>Anti-Doping Code og/eða um afleiðingar og/eða endurkomuskilyrði sett sem afleiðingu af slíkum brotum.</p>
<p>15.11.3 The Secretariat of the <i>FIA</i> will promptly inform all <i>ASNs</i> of any final decision (whether issued by the World Anti-Doping Agency or the Court of Arbitration for Sport) regarding the non-compliance by a signatory to the World Anti-Doping Code where the consequences and/or reinstatement conditions to be imposed as a result of such non-compliance are to be observed by the <i>FIA</i> and/or every person, body and/or organisation subject to the regulatory authority of the <i>FIA</i>. The details of the final decision shall be published on the website www.fia.com and/or in the <i>FIA</i> Official Motor Sport Bulletin.</p>	<p>15.11.3 Skrifstofa FIA mun við fyrsta tækifæri tilkynna öllum akstursíþróttasamböndum um lokaákvörðanir (hvort heldur gefnar út af World Anti-Doping Agency eða Íþróttagerðardómnum) vegna brota aðila að World Anti-Doping Code þar sem afleiðingar og/eða endurkomuskilyrði eru sett sem afleiðing af slíkum brotum skal virða og halda af FIA og / eða sérhverjum aðila, nefnd og/eða samtökum sem falla undir reglugerðir FIA. Lokaákvörðunin skal birt á vefsvæði FIA www.fia.com og/eða í FIA Official Motor Sport Bulletin.</p>
<p>15.11.4 The final decision shall enter into effect on the date specified by the World Anti-Doping Agency or the Court of Arbitration for Sport, as appropriate, and the <i>FIA</i> and/or every person, body and/or organisation subject to the regulatory authority of the <i>FIA</i> shall be required to observe in full the terms of such final decision from that date.</p>	<p>15.11.4 Lokaákvörðun skal taka gildi á dagsetningu skilgreindri af World Anti-Doping Agency eða Íþróttagerðardómnum, eftir því sem við á og FIA og/eða sérhverjum aðila, nefnd og/eða samtökum sem falla undir reglugerðir FIA skal virða að fullu það sem felst í skíkri lokaákvörðun frá þeim degi.</p>
<p>15.11.5 Any final decision issued by the World Anti-Doping Agency and/or the Court of Arbitration for Sport which concerns the <i>FIA</i> will be enforced to the same extent by the <i>FIA</i> and its <i>ASNs</i> (in accordance with Article 1.4 of the <i>Code</i>). The <i>FIA</i> may impose penalties in accordance with Article 12 of the <i>Code</i> in the event of any failure to recognise, respect and give full effect to a final decision in this regard.</p>	<p>15.11.5 Lokaákvörðun gefin út af World Anti-Doping Agency og/eða Íþróttagerðardómnum sem kemur að FIA mun framfylgt á sama máta af FIA og akstursíþróttasamböndum þess (samkvæmt grein 1.4 í Reglubókinni). FIA má refsa til samræmis við grein 12 í Reglubókinni þar sem ekki er viðurkennd, borin virðing fyrir og gera sér grein fyrir öllum áhrifum vegna lokaákvörðunarinnar.</p>
<p>GREIN 16 RULES ON COMPETITION NUMBERS AND ADVERTISING ON AUTOMOBILES</p> <p>GREIN 16.1</p> <p>Except where otherwise specified, the figures of the <i>Competition</i> numbers shall be black on a white rectangular background. For light-coloured <i>Automobiles</i>, there will be a black line of 5 cm wide around the white rectangular background.</p>	<p>GREIN 16 REGLUR UM KEPPNISNÚMER OG AUGLÝSINGAR Á ÖKUTÆKJUM</p> <p>GREIN 16.1</p> <p>Tölur <i>keppnisnúmera</i> skulu vera svartar á hvítum rétthyrndum bakgrunni nema annað sé tekið fram. Á ljóslituðu <i>ökutæki</i> verður að vera svört 5 cm breið lína utanum hvíta rétthyrnda bakgrunninn.</p>
<p>GREIN 16.2</p> <p>Except where otherwise specified, the figures shall be of the classic type as shown below:</p> <p>1 2 3 4 5 6 7 8 9 0.</p>	<p>GREIN 16.2</p> <p>Tölurnar skulu vera af hefðbundinni gerð, eins og sjá má hér að neðan, nema annað sé tekið fram:</p> <p>1 2 3 4 5 6 7 8 9 0.</p>

<p>GREIN 16.3</p> <p>Except where otherwise specified, on each <i>Automobile</i>, the <i>Competition</i> numbers shall be affixed in the following locations:</p> <p>16.3.1 On the front doors or level with the cockpit on both sides of the <i>Automobile</i>.</p>	<p>GREIN 16.3</p> <p><i>Keppnisnúmerin</i> skulu sett á eftirfarandi stað á hvert <i>ökutæki</i>, nema annað sé tekið fram.</p> <p>16.3.1 Á framhurðum eða við stjórnklefa á báðum hliðum <i>ökutækis</i>.</p>
<p>16.3.2 On the nose or bonnet of the car, legible from the front.</p>	<p>16.3.2 Á framenda eða vélarhlíf <i>ökutækis</i>, læsilegt að framan.</p>
<p>16.3.3 For single-seater</p> <p>16.3.3.a The minimum height of the figures shall be 23 cm with a stroke of 4 cm wide.</p> <p>16.3.3.b The white background shall be at least 45 cm wide and 33 cm high.</p>	<p>16.3.3 Fyrir eins sætis ökutæki</p> <p>16.3.3.a Lágmarkshæð talnanna skal vera 23 cm með 4 cm þykku lettri.</p> <p>16.3.3.b Hvíti bakgrunnurinn skal vera að minnsta kosti 45 cm á breidd og 33 cm á hæð.</p>
<p>16.3.4 For all other Automobiles</p> <p>16.3.4.a The minimum height of the figures shall be 28 cm with a stroke of 5 cm wide.</p> <p>16.3.4.b The white background shall be at least 50 cm wide and 38 cm high.</p>	<p>16.3.4 Fyrir öll önnur ökutæki</p> <p>16.3.4.a Lágmarkshæð talnanna skal vera 28 cm með 5 cm þykku lettri.</p> <p>16.3.4.b Hvíti bakgrunnurinn skal vera að minnsta kosti 50 cm á breidd og 38 cm á hæð.</p>
<p>16.3.5 At no point may the distance between the edge of the figures and the edge of the background be less than 5 cm.</p>	<p>16.3.5 Hvergi má fjarlægðin milli brúnar talnanna og brúnar bakgrunnins vera minna en 5 cm.</p>
<p>GREIN 16.4</p> <p>16.4.1 On both front wings an illustration of the national flag(s) of the <i>Driver(s)</i> as well as the name(s) of the latter shall be displayed.</p>	<p>GREIN 16.4</p> <p>16.4.1 Á báðum framhliðum skal vera mynd af þjóðfánum <i>ökumanns</i> eða <i>ökumanna</i> ásamt nöfnum þeirra.</p>
<p>16.4.2 Minimum height of both flag(s) and name(s) shall be 4 cm.</p>	<p>16.4.2 Lágmarkshæð bæði fána og nafns (eða nafna) skal vera 4 cm.</p>
<p>GREIN 16.5</p> <p>16.5.1 Above or below the white background, an area 12 cm in height and equal in width to the background shall be left at the disposal of the <i>Organisers</i>, who may use it for advertising purposes.</p>	<p>GREIN 16.5</p> <p>16.5.1 Fyrir ofan eða neðan hvíta bakgrunninum skal vera svæði sem er 12 cm á hæð og jafnbreitt og bakgrunnurinn til ráðstöfunar fyrir <i>skipuleggjendur (Organiser)</i>, sem geta notað það í auglýsingaskyni.</p>
<p>16.5.2 On <i>Automobiles</i> on which such an area is not available (some single-seater for example), the <i>Competitor</i> shall keep free of any advertising an equivalent surface in the immediate vicinity of the white background.</p>	<p>16.5.2 Á <i>ökutækjum</i> sem slíkt svæði er ekki í boði (til dæmis á sumum eins sætis) skal <i>keppandi</i> halda sambærilegu svæði nálægt hvíta bakgrunninum lausu við auglýsingar.</p>
<p>16.5.3 Except when the <i>ASN</i> decides to the contrary, advertising on the remaining parts of the bodywork is free.</p>	<p>16.5.3 Nema þegar <i>akstursíþróttasamband</i> ákveður annað, er heimilt að setja auglýsingar á aðra hluta yfirbyggingarinnar.</p>
<p>GREIN 16.6</p> <p>Neither the <i>Competition</i> number nor the advertising must protrude beyond the bodywork.</p>	<p>GREIN 16.6</p> <p>Hvorki <i>keppnisnúmer</i> né auglýsingar mega ná út fyrir yfirbyggingu.</p>

<p>GREIN 16.7</p> <p>Unless otherwise specified in the applicable regulations, windscreens and windows shall bear no advertising, with the exception of a maximum 10 cm high strip on the upper part of the windscreen, and, provided that this does not interfere with the visibility of the <i>Driver</i>, a maximum 8 cm high strip on the rear window.</p>	<p>GREIN 16.7</p> <p>Nema annað komi fram í viðeigandi reglum mega framrúður og gluggar ekki vera með neinar auglýsingar, að undanskildum að hámarki 10 cm háum renningi á efri hluta framrúðunnar, og að því tilskildu að það trufli ekki útsýni <i>ökumanns</i>, að hámarki 8 cm háum renningi á afturglugga.</p>
<p>GREIN 16.8</p> <p>The rules relating to advertising and the <i>Competition</i> numbers that may appear on historic <i>Automobiles</i> are defined in <i>Appendix K</i>.</p>	<p>GREIN 16.8</p> <p>Reglur um auglýsingar og <i>keppnisnúmer</i> sem má nota á fornbílum (historic <i>Automobiles</i>) eru skilgreind í <i>viðauka K</i>.</p>
